



FRAMLEIÐSLA Á LAXI Í PATREKSFIRÐI OG TÁLKNAFIRÐI

Viðbót við matsskýrslu og kostagreining vegna 14.500
tonna framleiðsluaukningar



Verknúmer: 12308011	SKÝRSLA NR.:	DREIFING:
	ÚTGÁFU NR.:	
	DAGS.: 2019-04-01	<input checked="" type="checkbox"/> OPIN
BLAÐSÍÐUR:	<input type="checkbox"/> LOKUÐ TIL	
UPPLAG:	<input type="checkbox"/> HÁÐ LEYFI VERKKAUPA	

HEITI SKÝRSLU:

Framleiðsla á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði. Viðbót við matsskýrslu og kostagreining vegna 14.500 tonna framleiðsluaukningar.

HÖFUNDAR: Hugrún Gunnarsdóttir, Sigmar A. Steingrímsson	VERKEFNISSTJÓRI: Hugrún Gunnarsdóttir
--	--

UNNIÐ FYRIR: Fjarðalax og Arctic Sea Farm UMSJÓN: Þorsteinn Másson og Sigurður Pétursson	SAMSTARFSADILAR:
---	------------------

GERÐ SKÝRSLU/VERKSTIG: Til útgáfu

ÚTDRÁTTUR: Fjarðalax og Arctic Sea Farm leggja hér fram viðbót við matsskýrslu og kostagreiningu vegna 14.500 tonna framleiðsluaukningar í Patreks- og Tálknafirði. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felldi með úrskurðum sínum úr gildi starfs- og rekstrarleyfi fyrirtækjanna. Markmið með skýrslunni er að bæta úr þeim ágöllum sem nefndin taldi vera á matsskýrslu fyrirtækjanna frá árinu 2016. Í skýrslunni er greint frá forsögu framkvæmdar, fjallað um úrskurð úrskurðarnefndar og þá kosti sem þar eru tilgreindir auk annarra kosta sem ekki eru tilgreindir. Þessir kostir eru greindir og sýnt fram á raunhæfni þeirra. Fjallað er um núll kost og hver verði líklegri þróun umhverfispáttá ef miðað er við ekki verði framhald á rekstri. Lagðir eru fram þrjár framkvæmdakostir með tilliti til staðarvals eldissvæða í fjörðunum tveimur og líkleg áhrif þeirra metin.

LYKILORÐ ÍSLENSK: Frummatsskýrsla, matsskýrsla, kostagreining.	LYKILORÐ ENSK:
---	----------------

UNDIRSKRIFT VERKEFNISSTJÓRA: 	YFIRFARIÐ AF: SIAS
----------------------------------	-----------------------



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit ii

Myndaskrá iii

Töfluskra iv

1	Inngangur.....	1
1.1	Markmið verkefnisins	1
1.2	Viðbót við matsskýrslu og kostagreining	1
1.2.1	Málsmeðferð.....	1
1.2.2	Tímaáætlun matsvinnu.....	2
1.2.3	Uppbygging skýrslunnar	2
2	Forsaga málsins.....	3
2.1	Eldisfyrirtækin.....	3
2.2	Matsferli 14.500 tonna framleiðsluaukningar í Patreks- og Tálknafirði.....	3
2.3	Matsskyldufyrirspurn vegna breytingar á framkvæmd.....	3
2.4	Leyfismál.....	3
3	Frekari breyting á framkvæmd.....	5
4	Úrskurðir úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.....	5
4.1	Málsmeðferð samkvæmt lögum og fordæmi í kærumálum	6
4.2	Mat á umhverfisáhrifum laxeldis í Patreks- og Tálknafirði	6
4.2.1	Drög að matsáætlun.....	6
4.2.2	Matsskýrsla	7
4.2.3	Meintur ágalli á mati á umhverfisáhrifum.....	7
4.3	Niðurstaða úrskurðarnefndar	7
5	Kostir nefndir í úrskurði ÚUA	8
5.1	Mismunandi staðsetning sjókvíaeldis	8
5.1.1	Staðsetning sjókvíaeldis samkvæmt matsskýrslu.....	8
5.1.2	Möguleikar á öðrum staðsetningum sjókvíaeldis.....	9
5.2	Umfang framleiðslu	9
5.3	Aðrar eldisaðferðir.....	10
5.3.1	Ófrjór eldislax	10
5.3.2	Lokaðar eldiskvíar.....	11
5.3.3	Landeldi.....	12
6	Aðrir kostir en tilgreindir eru í úrskurðum ÚUA	13
6.1	Aðrar eldisaðferðir.....	13
6.1.1	Úthafskvíar.....	13
6.2	Aðrar tegundir laxfiska	13
7	Núll kostur	13
7.1	Eðliseiginleikar sjávar	13
7.2	Botndýralíf.....	13
7.3	Villtir stofnar laxfiska.....	14
7.3.1	Fisksjúkdómar og laxalús	14
7.3.2	Erfðablöndun.....	14
7.4	Landslag og ásýnd	15
7.5	Hagrænir og félagslegir þættir.....	15
7.6	Aðrar sjávarnytjar.....	15
7.7	Ferðapjónusta og útivist	15



7.8	Náttúru- og menningarminjar	15
8	Framkvæmdakostir	16
8.1	Staðarval samkvæmt matsskýrslu	16
8.1.1	Eldissvæði.....	16
8.1.2	Líkleg umhverfisáhrif	17
8.1.2.1	Eðliseiginleikar sjávar.....	17
8.1.2.2	Botndýralíf.....	18
8.1.2.3	Villtir stofnar laxfiska	18
8.1.2.4	Landslag og ásjúnd.....	19
8.1.2.5	Samfélag.....	19
8.1.2.6	Aðrar sjávarnytjar.....	19
8.1.2.7	Ferðaþjónusta og útivist.....	20
8.1.2.8	Náttúru- og menningarminjar	20
8.1.2.9	Samlegðaráhrif.....	20
8.2	Breytt tilhögun eldissvæða í Patreksfirði 2018	22
8.2.1	Tilfærsla eldissvæða	22
8.2.2	Umhverfisþættir til umfjöllunar.....	22
8.2.3	Grunnástand	25
8.2.4	Líkleg umhverfisáhrif	25
8.2.4.1	Botndýralíf.....	25
8.2.4.2	Villtir stofnar laxfiska – sjúkdómar og laxalús	26
8.3	Breytt tilhögun eldissvæða í Tálknafirði 2019	27
8.3.1	Tilfærsla eldissvæðis og niðurfelling tveggja svæða	27
8.3.2	Umhverfisþættir til umfjöllunar.....	28
8.3.3	Grunnástand	31
8.3.3.1	Straumar	31
8.3.3.2	Botndýralíf.....	32
8.3.3.3	Landslag og ásjúnd.....	33
8.3.3.4	Aðrar sjávarnytjar.....	34
8.3.4	Líkleg umhverfisáhrif	34
8.3.4.1	Botndýralíf.....	34
8.3.4.2	Villtir stofnar laxfiska – sjúkdómar og laxalús	35
8.3.4.3	Landslag og ásjúnd.....	36
8.3.4.4	Aðrar sjávarnytjar	37
8.4	Samanburður framkvæmdakosta	37
8.4.1	Botndýralíf.....	37
8.4.2	Villtir stofnar laxfiska – sjúkdómar og laxalús	37
8.4.3	Landslag og ásjúnd í Tálknafirði.....	38
8.4.4	Aðrar sjávarnytjar í Tálknafirði	38
9	Kynning og samráð	41
9.1	Viðbót við frummatsskýrslu	41
9.2	Umsagnir umsagnaraðila og viðbrögð framkvæmdaraðila	41
9.3	Athugasemdir annarra aðila og viðbrögð framkvæmdaraðila	52
10	Niðurstaða kostagreiningar og viðbótar við frummatsskýrslu	71
11	Heimildir	73
Viðaukar		75

Myndaskrá

Mynd 2.1	Eldissvæði Arctic Sea Farm og Fjarðalax í Patreks- og Tálknafirði samkvæmt starfs- og rekstrarleyfum sem gefin voru út 2016 og 2017.....	4
Mynd 8.1	Staðarval samkvæmt matsskýrslu frá árinu 2016.....	17



Mynd 8.2	Breytt staðsetning eldissvæða Arctic Sea Farm og Fjarðalax í Patreksfirði, við Eyri og Kvígindisdal.....	22
Mynd 8.3	Til vinstri: Tilflutningur sjávar á 15 m dýpi við Kvígindisdal í Patreksfirði. Til hægri: Tilflutningur sjávar á 15 m dýpi við Eyri í Patreksfirði, sjá Viðauka 2.	25
Mynd 8.4	Breytt staðsetning eldissvæða í Tálknafirði. Eldi Arctic Sea Farm verður staðsett við Hvannadal í stað Akravíkur áður og eldissvæði Fjarðalax lögð af við Sveinseyri og Suðureyri.....	28
Mynd 8.5	Vindrósir í Tálknafirði samkvæmt reiknuðu vindafari. Athuga að vindur blæs inn að miðju.31	
Mynd 8.6	Vindur og straumar í Tálknafirði við Hvannadal. Til vinstri: Vindrós (vindátt og vindstyrkur) samkvæmt mælingum á nálægri veðurathugunarstöð (ath. vindur blæs inn að miðju). Í miðju: Tilflutningur sjávar á 5 m dýpi (yfirborðssjór) við Hvannadal. Til hægri: Tilflutningur sjávar á 15 m dýpi við Hvannadal. Veðurmælingar og straummælingar gerðar á tímabilinu 3.7. til 2.8. 2018, sjá Viðauka 3.	32
Mynd 8.7	Straumar í Tálknafirði við Laugardal. Til vinstri: Tilflutningur sjávar á 5 m dýpi (yfirborðssjór). Til hægri: Tilflutningur sjávar á 15 m dýpi. Straummælingar gerðar á tímabilinu 10.3. til 9.4.2016, sjá Viðauka 4.	32
Mynd 8.8	Botndýpi (m) í Tálknafirði. Rammarnir tveir sýna mögulega staðsetningu kvía á eldissvæðinu við Hvannadal. Sjá Viðauka 3.....	33
Mynd 8.9	Nýting strandsvæða í Tálknafirði og Patreksfirði. Mynd úr matsskýrslu.....	34

Töfluskrá

Tafla 8.1	Yfirlit yfir niðurstöðu matsskýrslu og Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif 14.500 tonna aukningar á framleiðslu á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði. Skipulagsstofnun notaði vægiseinkunnin „nokkuð neikvæð“ en að öðru leyti sömu vægiseinkunnir og í matsskýrslu.....	21
Tafla 8.2	Yfirlit yfir umhverfisþætti sem fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum 14.500 tonna aukningar á framleiðslu á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði og niðurstaða matsskýrslu fyrir hvern þátt. Vegna breytingar á framkvæmd í Patreksfirði er greint hvaða umhverfisþætti er þörf á að fjalla um og meta líkleg áhrif breytingar.....	23
Tafla 8.3	Yfirlit yfir umhverfisþætti sem fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum 14.500 tonna aukningar á framleiðslu á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði og niðurstaða matsskýrslu fyrir hvern þátt. Vegna breytingar á framkvæmd í Tálknafirði er greint hvaða umhverfisþætti er þörf á að fjalla um og meta líkleg áhrif breytingar.....	29
Tafla 8.4	Yfirlit yfir niðurstöðu matsskýrslu um umhverfisáhrif 14.500 tonna aukningar á framleiðslu á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði og umhverfisáhrif breyttrar tilhögunar eldis í Patreksfirði og Tálknafirði með tilliti til þeirrar framkvæmdar sem kynnt var í matsskýrslu á sínum tíma.....	40



1 Inngangur

Fjarðalax og Arctic Sea Farm standa sameiginlega að endurskoðun hluta mats á umhverfisáhrifum 14.500 tonna framleiðsluaukningar á laxi í sjókvíum í Patreks- og Tálknafirði. Framkvæmdin hefur undangengist mat á umhverfisáhrifum og fyrir liggur matsskýrsla og álit Skipulagsstofnunar frá árinu 2016. Á grundvelli niðurstöðu matsins og álits Skipulagsstofnunar voru gefin út starfs- og rekstrarleyfi í lokaárs 2017 til beggja fyrirtækja. Fjarðalaxi var veitt starfs- og rekstrarleyfi til framleiðslu 10.700 tonna af laxi í sjókvíum í Patreks- og Tálknafirði og Arctic Sea Farm var veitt starfs- og rekstrarleyfi til framleiðslu á 6.800 tonna framleiðslu á laxi í sjókvíum í Patreks- og Tálknafirði. Ákvarðanir Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar um starfs- og rekstrarleyfi voru kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) í janúar 2018. Með úrskurðum sínum frá því í september 2018 felldi ÚUA úr gildi starfs- og rekstrarleyfi beggja fyrirtækja á þeim grunni að gera hefði þurft frekari grein fyrir valkostum áður en unnt sé að taka afstöðu til leyfisumsókna sem fyrirtækjunum voru veittar. Það felur í sér að setja þarf fram viðbót við matsskýrslu og kostagreiningu en að öðru leyti stendur áfram matsskýrsla framkvæmdaraðila og álit Skipulagsstofnunar.

Til að bæta úr þeim annmörkum sem ÚUA taldi vera á matsskýrslu leggja Fjarðalax og Arctic Sea Farm hér fram viðbót við matsskýrslu og kostagreiningu vegna framkvæmdarinnar, en umfjöllunin miðast við núverandi þekkingu, reynslu og þá eldistækni sem fyrir hendi er í dag. Í skýrslunni er greint frá forsögu framkvæmdar, fjallað um úrskurð ÚUA og þá kosti sem þar eru tilgreindir auk annarra kosta sem rétt þykir að fjalla um. Þessir kostir eru greindir og sýnt fram á raunhæfni þeirra til að bæta úr þeim annmörkum sem ÚUA taldi vera á matsskýrslu. Lagðir eru fram þrjú framkvæmdakostir með tilliti til staðarvals eldissvæða í fjörðunum tveimur og líkleg áhrif þeirra metin.

Fjarðalax og Arctic Sea Farm eru framkvæmdaraðilar og Verkís hefur haft umsjón með gerð skýrslunnar.

1.1 Markmið verkefnisins

Eins og fram kemur í matsskýrslu Fjarðalax og Arctic Sea Farm frá árinu 2016 um 14.500 tonna framleiðsluaukningu á laxi í Patreks- og Tálknafirði þá áforma fyrirtækin að framleiða alls 17.500 tonn af laxi á ári í Patreks- og Tálknafirði.¹ Árleg heildarframleiðsla Fjarðalax verður þá að meðaltali 10.700 tonn og Arctic Sea Farm áformar að meðalársframleiðsla verði 6.800 tonn í fjörðunum tveimur. Sameiginlegur heildarlífsmassi í eldiskvíum verður ekki meiri ein 20.000 tonn á hverjum tíma.

Í matsskýrslu kemur fram að fyrirtækin leggja áherslu á umhverfisvænt fiskeldi og er fiskeldi í hefðbundnum sjókvíum sá kostur sem fellur best að þeim áherslum. Fyrirtækin vinna að því að afla sér alþjóðlegrar umhverfissvottunar samkvæmt staðli Aquaculture Stewardship Council (ASC), sem er ein þekktasta umhverfissvottunin þegar kemur að fiskeldi.

Markmið viðbótar við frummatsskýrslu og kostagreiningar er að lagfæra þá ágalla sem ÚUA taldi vera á matsskýrslu fyrirtækjanna frá árinu 2016.

1.2 Viðbót við matsskýrslu og kostagreiningu

1.2.1 Málsmeðferð

Aukin framleiðsla á laxi í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði hefur undirgengist mat á umhverfisáhrifum. Fyrir liggur matsskýrsla Fjarðalax og Arctic Sea Farm, dags. 6 maí 2016¹ og álit Skipulagsstofnunar, dags. 23. september 2016.²

¹ Fjarðalax og Arctic Sea Farm. 2016. Framleiðsla á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði. Aukning um 14.500 tonn í kynslóðaskiptu eldi. Mat á umhverfisáhrifum – matsskýrsla.

² Skipulagsstofnun. 2016. Aukin framleiðsla á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði um 14.500 tonn. Álit um mat á umhverfisáhrifum.



Breyting á framkvæmdinni, er varðaði færslu tveggja eldissvæða fyrirtækjanna í Patreksfirði, var tilkynnt til Skipulagsstofnunar á árinu 2018, til ákvörðunar um matsskýldu. Markmið tilfærslunnar var að kvíastæði lægju meira þvert á straumsstefnu fjarðarins, en reynsla af eldinu hefur leitt í ljós að það bætir eldisumhverfi og um leið eldisskilyrði og sjúkdómavarnir. Samkvæmt ákvörðun stofnunarinnar frá 11.4.2018 var framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.³

Með úrskurði sínum hefur ÚUA felld úr gildi starfs- og rekstrarleyfi fyrirtækjanna og komist að þeirri niðurstöðu að gera þurfi frekari grein fyrir valkostum áður en unnt er að taka afstöðu til leyfisumsókna fyrirtækjanna. Til að svara því er hér sett fram viðbót við matsskýrslu og kostagreining en að öðru leyti standa áfram matsskýrsla framkvæmdaraðila og álit Skipulagsstofnunar.

Viðbót við matsskýrslu og kostagreining tekur mið af málsmeðferð 12. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sem tilgreinir að meðferð máls skuli vera samkvæmt 8.-11. gr., eftir því sem við á. Þar sem gera þarf frekari grein fyrir valkostum en matsskýrsla og álit standa áfram er ekki tilefni til að fylgja málsmeðferð samkvæmt 8. gr. laganna, þ.e. gerð matsáætlunar. Vegna endurskoðaðs mats er nú lögð fram viðbót við matsskýrslu og kostagreining og verður um hana fjallað samkvæmt 9. til 11. gr. laganna um frummatsskýrslu, matsskýrslu og álit Skipulagsstofnunar. Er þetta í samræmi við niðurstöðu Skipulagsstofnunar í umsögn sinni til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins um umsóknir Arctic Sea Farm og Fjarðalax um rekstrarleyfi til bráðabirgða, dags. 22. október 2018, en þar stendur⁴:

„Nægilegt sé að leggja fram frummatsskýrslu sem hlýtur málsmeðferð samkvæmt 9.-11. gr. laganna. Hvað varðar efni skýrslunnar, þá muni hið endurskoðaða umhverfismat eingöngu beinast að þeim þáttum sem tilgreindir eru í úrskurðum úrskurðarnefndarinnar, þ.e. tilteknum valkostum og mun því ný frummatsskýrsla/matsskýrsla eingöngu beinast að þeim þáttum og eftir atvikum öðrum þeim atriðum sem framkvæmdaraðilar telja tilefni til að gera grein fyrir. Sama á við það álit sem Skipulagsstofnun gefur út í lok þessa ferlis. Að öðru leyti standi áfram matsskýrsla framkvæmdaraðila frá 6. maí 2016 og álit Skipulagsstofnunar frá 23. september 2016.“

1.2.2 Tímaáætlun matsvinnu

Eftirfarandi tímaáætlun er sett fram vegna viðbótar við frummatsskýrslu og kostagreiningar sjókvíaldis Fjarðalax og Arctic Sea Farm í Patreks- og Tálknafirði.

- Viðbót við frummatsskýrslu og kostagreiningu var skilað til Skipulagsstofnunar í janúar 2019.
- Athugun Skipulagsstofnunar lýkur í mars 2019.
- Endanlegri viðbót við matsskýrslu skilað til Skipulagsstofnunar í apríl 2019.
- Álit Skipulagsstofnunar birt lok apríl eða í byrjun maí 2019.

1.2.3 Uppbygging skýrslunnar

Í skýrslu um viðbót við matsskýrslu og kostagreiningu verður fjallað um forsögu framkvæmdar, matsferli og leyfismál, úrskurð ÚUA og þá kosti sem þar eru tilgreindir auk annarra kosta sem ekki er fjallað um þar. Settir eru fram framkvæmdakostir staðarvals og núll kostur og líkleg áhrif þeirra metin. Að lokum er dregin saman niðurstaða viðbótar við matsskýrslu og kostagreiningar.

³ Skipulagsstofnun. 2018. Breyting á staðsetningu eldissvæða Arctic Sea Farm og Fjarðalax í Patreksfirði. Ákvörðun um matsskýldu.

⁴ Skipulagsstofnun. 2018. Umsögn um umsóknir Arctic Sea Farm og Fjarðalax um rekstrarleyfi til bráðabirgða fyrir laxeldi í Patreks- og Tálknafirði. Bréf til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, dags. 22. október 2018.



2 Forsaga málsins

2.1 Eldisfyrirtækin

Fyrirtækið Fjarðalax var stofnað árið 2009 og hefur stundað kynslóðaskipt eldi í Patreks- og Tálknafirði frá árinu 2010, en sama ár fékk fyrirtækið rekstrarleyfi fyrir árlegu eldi á 3.000 tonnum af laxi í Patreks- og Tálknafirði með kynslóðaskiptu eldi. Á árinu 2016 fékk Fjarðalax síðan starfs- og rekstrarleyfi til 10.700 tonna laxeldis í Patreks- og Tálknafirði. Fjarðalax sameinaðist síðan Arnarlaxi á árinu 2016 og er dótturfélag Arnarlax. Fjarðalax hefur alið þrjár kynslóðir laxa í Patreks- og Tálknafirði frá því að rekstur sjókvíeldisins hófst og setti út fjórðu kynslóðina út í Patreksfjörð sumarið 2018. Fjarðalax hefur hafið undirbúning að útsetningu nýrrar kynslóðar í Tálknafjörð sumarið 2019.

Fyrirtækið Arctic Sea Farm var stofnað árið 2007 og hefur stundað sjókvíeldi í Dýrafirði og Önundarfirði frá árinu 2009. Líkt og Fjarðalax fékk félagið á árinu 2016 starfs- og rekstrarleyfi fyrir 6.800 tonna laxeldi í Patreks- og Tálknafirði. Fyrirtækið hefur enn sem komið er ekki hafið rekstur sjókvíeldis í Patreks- og Tálknafirði en hefur hafið undirbúning að útsetningu sinnar fyrstu kynslóðar sumarið 2019. Í seiðaeldisstöð Arctic Smolt, systurfyrirtækis Actic Sea Farm, í Tálknafirði eru seiði sem fyrirhugað er að setja þar í sjó næsta vor. Búið er að panta eldisbúnað og annan tækjabúnað sem honum tengist vegna útsetningar seiða í Tálknafjörð sumarið 2019.

2.2 Matsferli 14.500 tonna framleiðsluaukningar í Patreks- og Tálknafirði

Undirbúningur á matsferli Fjarðalax og Arctic Sea Farm hófst árið 2012 og á árinu 2013 tilkynntu fyrirtækin fyrirhugað fiskeldi sitt til Skipulagsstofnunar. Í nóvember 2013 féllst Skipulagsstofnun á ósk beggja fyrirtækja, um að hefja vinnu við matsáætlun fyrirhugaðs fiskeldis í Patreksfirði og Tálknafirði í samræmi við IV. kafla laga um mat á umhverfisáhrifum í stað þess að stofnunin ákvarðaði um matsskyldu framkvæmdarinnar. Á árinu 2014 óskuðu Fjarðalax og Arctic Sea Farm eftir við Skipulagsstofnunar að fyrirtækin fengju að vinna sameiginlega að umhverfismati og féllst Skipulagsstofnun á þá málsmeðferð. Í júní 2014 skiluðu fyrirtækin inn sameiginlegri matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum 14.500 tonna framleiðsluaukningar í Patreks- og Tálknafirði og unnu matið sameiginlega á árunum 2014-2016. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlunina var birt þann 3.12.2014. Frummatsskýrsla var lögð fram til Skipulagsstofnunar þann 30.9.2015 og endanlegri matsskýrslu um framleiðsluaukningu á laxi í Patreks- og Tálknafirði um 14.500 tonn var síðan skilað til Skipulagsstofnunar þann 9.5.2016. Álit Skipulagsstofnunar var birt þann 23.9.2016.

2.3 Matsskyldufyrirspurn vegna breytingar á framkvæmd

Í mars 2018 tilkynntu Arctic Sea Farm og Fjarðalax til Skipulagsstofnunar fyrirhugaða breytingu á staðsetningum tveggja eldissvæða fyrirtækjanna í Patreksfirði, við Eyri og Kvíngindisdal, til ákvörðunar um matsskyldu.⁵ Samkvæmt ákvörðun stofnunarinnar var framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.⁶

2.4 Leyfismál

Fjarðalax og Arctic Sea Farm sóttu um starfsleyfi og rekstrarleyfi til laxeldis í Patreks- og Tálknafirði í júlí 2016, Fjarðalax vegna 10.700 tonna ársframleiðslu og Arctic Sea Farm vegna 6.800 tonna ársframleiðslu. Í desember 2016 gaf Umhverfisstofnun út starfsleyfi til fyrirtækjanna fyrir framleiðslunni og Matvælastofnun rekstrarleyfi fyrir samsvarandi framleiðslu á árinu 2017.


Samkvæmt leyfunum var Fjarðalaxi heimilt, að framleiða 10.700 tonn af laxi á ári og ala á eldissvæðunum Hlaðseyri, Sandodda og Þúfneyri í Patreksfirði (sjókvíeldissvæði P) og eldissvæðunum Sveinseyri, Suðureyri og Laugardal í Tálknafirði (sjókvíeldissvæði T), sjá Mynd 2.1. Miða átti við

⁵ Akvaplan-niva. 2018. Breytingar á staðsetningu tveggja eldissvæða í Patreksfirði, Vesturbyggð. Bréf til Skipulagsstofnunar, dags. 21.03.2018.

⁶ Skipulagsstofnun. 2018. Breyting á staðsetningu eldissvæða Arctic Sea Farm og Fjarðalax í Patreksfirði. Ákvörðun um matsskyldu, dags. 11.04.2018.



meðalframleiðslu á þriggja ára tímabili. Samkvæmt rekstrarleyfi var Fjarðalaxi heimilt að framleiða 5.350 tonn af laxi á hverju sjókvíaldissvæði. Hámarkslífmassi mátti vera 12.200 tonn á hverjum tíma. Samsvarandi var Arctic Sea Farm heimilt að framleiða 6.800 tonn af laxi á ári og ala á eldissvæðunum við Kvígindisdal í Patreksfirði (sjókvíaldissvæði P) og Arkavík í Tálknafirði, (sjókvíaldissvæði T) eða 3.400 tonn á hvoru eldissvæði fyrir sig, sjá Mynd 2.1. Miða átti við meðalframleiðslu á þriggja ára tímabili. Hámarkslífmassi mátti vera 7.800 tonn á hverjum tíma.



Mynd 2.1 Eldissvæði Arctic Sea Farm og Fjarðalax í Patreks- og Tálknafirði samkvæmt starfs- og rekstrarleyfum sem gefin voru út 2016 og 2017.

Ákvörðun um útgáfu starfsleyfis og rekstrarleyfis til handa Fjarðalaxi og Arctic Sea Farm var kærð til ÚUA, með bréfum dags. 14. og 16. janúar 2018. Var þess krafist að ákvarðanirnar yrðu felldar úr gildi. Þann 25. maí 2018 sóttu Fjarðalax um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til umhverfis- og auðlindaráðuneytis vegna breytingar á eldissvæði við Eyri í Patreksfirði. Ákvörðun Skipulagsstofnunar lá þá fyrir um að breytingin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum, eins og fram hefur komið í kafla 2.3. Þar sem setja þyrfti út seiði í byrjun júní 2018 og áður en auglýsingatími vegna nýs starfsleyfis rynni út óskaði Fjarðalax eftir undanþágu frá starfsleyfi. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið veitti Fjarðalax undanþágu frá starfsleyfi þann 5. júní 2018.

Þann 27. september 2018 féllst ÚUA á kröfur kæranda og féldi úr gildi ákvarðanir Matvælastofnunar um veitingu rekstrarleyfis fyrir framleiðslu á laxi í Patreks- og Tálknafirði til Fjarðalax og Arctic Sea Farm. ÚUA féldi einnig úr gildi ákvarðanir Umhverfisstofnunar þann 4. október 2018 um veitingu starfsleyfis til framleiðslunnar.

Í kjölfar úrskurðar ÚUA sóttu Arctic Sea Farm og Fjarðalax þann 10. október 2018 um útgáfu rekstarleyfis til bráðabirgða til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Tilgangur umsóknarinnar var að skapa svigrúm til að leysa úr málinu fyrir dómstólum eða að bæta úr þeim meintu ágöllum sem ÚUA taldi vera á umhverfismati framkvæmdarinnar.



Þann 5. nóvember 2018 veitti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fyrirtækjunum rekstrarleyfi til bráðabirgða og umhverfisráðuneytið starfsleyfi til bráðabirgða. Leyfin miða að framleiðsluáætlunum fyrirtækjanna á þessu tímabili og samkvæmt leyfunum er Fjarðalaxi heimilt að framleiða 3.400 tonn af laxi, 3.200 tonn á eldissvæði við Eyri í Patreksfirði og 200 tonn á eldissvæði við Laugardal í Tálknafirði. Leyfður hámarkslífmassi er 3.400 tonn. Actic Sea Farm er heimilt samkvæmt bráðabirgðaleyfum að framleiða 600 tonn af laxi á eldissvæðum fyrirtækisins í Patreksfirði og Tálknafirði. Gildistími bráðabirgðaleyfanna er 10 mánuðir frá útgáfu þess.

3 Frekari breyting á framkvæmd

Reynsla Fjarðalax af laxeldi í sjókvíum við Hlaðseyri í Patreksfirði og umhverfisvöktun þar hefur ekki staðist væntingar fyrirtækisins.⁷ Eldissvæðið er ekki talið geta borið þá framleiðslu sem áform voru um. Þar sem fyrirtækin leggja áherslu á að stunda sjálfbært laxeldi og lágmarka umhverfisáhrif frá starfsemi þá er ekki gert ráð fyrir að eldi á þeirri staðsetningu verði framhaldið. Fyrirtækin vilja endurskoða staðsetningu eldissvæða innst í firðinum og fyrirhuga að færa þau svæði til í samræmi við áherslubreytingar gagnvart fóðrun, þróun eldisbúnaðar og þá reynslu sem skapast hefur af eldinu. Nánar er fjallað um forsendur fyrrum staðarvals eldissvæða í Patreks- og Tálknafirði í kafla 5.1.1. Áhersla er á að kanna aðrar staðsetningar í Patreksfirði með tilliti til umhverfis- og smítálags og aukinnar velferðar eldisfisks. Fyrirtækin hafa hafið undirbúning að gagnaöflun vegna þeirrar breytingar. En áður en niðurstaða um vænlegar staðsetningar liggur fyrir þarf að gera frekari rannsóknir og mælingar til að staðfesta eiginleika mögulegra staðsetninga og jafnframt greina möguleg umhverfisáhrif s.s. áhrif á ásýnd og aðra nýtingu í firðinum í samvinnu við hagsmunaaðila og viðeigandi stofnanir og sveitarfélög. En að svo stöddu liggur ekki fyrir niðurstaða um heppilegar staðsetningar.

Fjarðalax hefur horfið frá því að fóðra eldiskvíar frá landi og tekið upp fóðrun frá fóðurprömmum úti á sjó. Með þessu fyrirkomulagi er hægt að koma eldiskvíum á svæði þar sem straumar eru sterkari og dýpi meira þannig að eldissvæði geti borið meiri framleiðslu, á sama tíma og velferð eldisfisks sé gætt og vöktun á umhverfisáhrifum viðhöfð. Meðal annars af þessum ástæðum er hægt að komast af með færri eldissvæði til að framleiða jafnmikið af eldislaxi og til stóð samkvæmt leyfum Fjarðalax til starfseminnar. Þetta er í samræmi við áætlanir Arctic Sea Farm sem hyggst framleiða á tveim eldissvæðum, öðru í Patreksfirði og hinu í Tálknafirði, enda hefur fyrirtækið frá upphafi ætlað að notast við fóðurpramma og fóðra frá sjó.

Enn sem komið er hefur takmarkað laxeldi verið stundað á eldissvæði við Hlaðseyri, en á meðan leit að nýju eldissvæði fer fram vill fyrirtækið halda þeim möguleika opnum að geta nýtt svæðið í takmörkuðu mæli samkvæmt því sem það er talið bera með tilliti til umhverfisálags og velferðar eldisfisks. Áfram verður þó fylgst með þróun í eldistækni sem í framtíðinni kann að opna möguleika á að starfrækja laxeldi við Hlaðseyri þannig að svæði beri þá framleiðslu sem stefnt var að.

4 Úrskurðir úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála

ÚUA hefur fjallað um kærur á starfs- og rekstrarleyfi Arctic Sea Farm og Fjarðalax í Patreks- og Tálknafirði. Alls voru kærur fjögur (úrskurðir nr. 3, 4, 5 og 6 /2018) en í öllum málunum var umfjöllun og niðurstaða ÚUA samhljóða.

Í úrskurðum segir að meginágreiningur í kærurálmunum lúti að því „hvort byggt verði á fyrirliggjandi mati á umhverfisáhrifum sem kærendur halda fram að sé haldið annmörkum þar sem ekki hafi verið fjallað um valkosti framkvæmdarinnar, s.s. notkun geldfisks, eldi á landi, eldi í lokuðum sjókvíum eða minna sjókvíaeldi.“ Úrskurðarnefndin féllst á sjónarmið kærenda um að mat á umhverfisáhrifum

⁷ Gallo, Cristian og Margrét Thorsteinsson. 2017. Vöktun á botndýralíf við fiskeldiskvíar. Hlaðseyri 2016. Lokaskýrsla. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 23-17.



aukinnar framleiðslu á laxi í Patreks- og Tálknafirði hafi verið annmörkum háð og því ekki fullnægjandi undirstaða leyfa til framkvæmdanna. Felldi nefndin úr gildi rekstrar- og starfsleyfi Arctic Sea Farm fyrir 6.800 tonna og Fjarðalax fyrir 10.700 tonna ársframleiðslu á laxi í sjókvíum í Patreks- og Tálknafirði. Hér á eftir verður rakið efnislega á hvaða forsendum nefndin komst að þessari niðurstöðu.

4.1 Málsmeðferð samkvæmt lögum og fordæmi í kærumálum

Í niðurstöðu ÚUA var vísað í markmið laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, tilmæli laganna um málsmeðferð og fordæmi í dóma- og úrskurðarframkvæmd. Felur það efnislega í sér eftirfarandi:

- Markmið laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda er m.a. að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmda.
- Lögin mæli fyrir um ákveðna málsmeðferð, m.a. að ávallt skal gera grein fyrir helstu möguleikum sem til greina koma og umhverfisáhrifum þeirra og bera þá saman.
- Í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins 97/11/EB á framkvæmdaraðili að gera grein fyrir helstu möguleikum sem hann hafi kannað og til greina komi, svo sem varðandi tilhögun og staðsetningu. Í skýringum með lagaákvæði um frummatsskýrslu segi að þessi tilmæli tilskipunarinnar séu ein helsta forsendan fyrir því að raunveruleg umhverfisáhrif hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar séu metin.
- Í tillögu að matsáætlun skal eftir því sem við á koma fram upplýsingar um mögulega framkvæmdakosti sem til greina komi, m.a. núll kost, þ.e. að aðhafast ekkert, greina frá umfangi og tilhögun annarra kosta og staðsetningu þeirra.
- Í frummatsskýrslu skal, eftir því sem við á, koma fram yfirlit yfir valkosti sem gerð er grein fyrir í skýrslunni, svo sem aðra kosti varðandi tæknilega útfærslu framkvæmdar eða starfsemi, aðra staðarvalkosti eða núll kost. Einnig skuli, eftir því sem við á, koma fram samanburður á umhverfisáhrifum þeirra kosta sem kynntir eru og rökstuðningur fyrir vali framkvæmdaraðila að teknu tilliti til umhverfisáhrifa.
- Í dóma- og úrskurðarframkvæmd hefur verið staðfest að þegar á skorti að fylgt sé lagafyrirmælum um samanburð umhverfisáhrifa valkosta eða þau séu sniðgengin geti eftir atvikum verið um ógildingarannmarka að ræða.

4.2 Mat á umhverfisáhrifum laxeldis í Patreks- og Tálknafirði

Í úrskurðinum er rakin málsmeðferð mats á umhverfisáhrifum aukinnar framleiðslu Fjarðalax og Arctic Sea Farm á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði um 14.500 tonn. Bendir ÚUA efnislega á eftirfarandi atriði varðandi valkosti í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdaraðila.

4.2.1 Drög að matsáætlun

ÚUA segir eftirfarandi um drög að matsáætlun:

1. Í drögum að matsáætlun er „m.a. tilgreint hver staðsetning eldisins verði, framleiðsluáðferð tíunduð, tegundir sem aldar verði og af hvaða stofni, hönnun sjókvía, tilhögun flutninga á seiðum, hvaða fóður sé fyrirhugað að nota o.fl.“
2. „Í kafla um umfang og áherslur umhverfismats [í drögum að matsáætlun] segir jafnframt að umhverfisáhrif vegna fiskeldis séu að miklu leyti háð eldisbúnaði, notkun hans og verklagi við framkvæmd og taki framkvæmd og skipulag umhverfismats tillit til þessa.“
3. Nefndin segir að „í kafla um gögn [komi fram] að í frummatsskýrslu verði lýsing á grunnástandi umhverfis og jafnframt mat og lýsing á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Verði stuðst við tiltæk rannsóknargögn og nýrra gagna aflað eftir þörfum. Er af lestri matsáætlunar ljóst að tilvitnuð gögn eiga við um þá einu tilhögun framkvæmdar sem framkvæmdaraðili leggur til.“



4.2.2 Matsskýrsla

ÚUA bendir á að í kafla um valkosti í matsskýrslu segi:

„Framkvæmdaraðilar setja aðeins fram einn valkost vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar. Sjókvíaeldi í Patreks- og Tálknafirði er mikilvægur hlekkur í uppbyggingu sjókvíaeldis Fjarðalax og Arctic Sea Farm, eins og lýst var í kafla 1. Eini raunhæfi möguleikinn á uppbyggingu sjálfbærs og vistvæns sjókvíaeldis á Vestfjörðum er, að mati fyrirtækjanna, kynslóðaskipt eldi með hvíld svæða. Fyrirtækin hafa undanfarin misseri unnið greiningarvinnu sem miðar að því að finna heppileg eldissvæði sem uppfylla markmið um rekstraröryggi, umhverfisaðstæður, umhverfisáhrif og samfélagslega þætti. Þetta umhverfismat er hluti af þeirri vinnu.

Eldissvæðin í Patreksfirði og Tálknafirði eru staðsett þannig að þau valdi sem minnstri röskun á annarri starfsemi eða athöfnum, svo sem siglingaleiðum. Jafnframt var staðsetning þeirra ákvörðuð út frá öldufari og hafstraumum til að tryggja bæði rekstraröryggi og tíð sjóskipti. Nú þegar er heimild fyrir 3.000 tonna laxeldi í Patreks- og Tálknafirði. Fyrirhuguð framleiðsluaukning leiðir af sér tilfærslu og stækkun á athafnasvæðum. Til að lágmarka staðbundin umhverfisáhrif er mikilvægt að eldissvæði séu nægjanlega stór til að rúma tilfærslu á staðsetningum eldiskvíá innan þeirra.

Með núll kosti verður ekkert af þeim umtalsverða samfélagslega ávinningi sem áður hefur verið lýst. Á hinn bóginn verða ekki neikvæð áhrif á lífríkið og aðra náttúru með þeim valkosti. Ekki er fjallað sérstaklega um áhrif núllkosti í einstökum köflum í umhverfismatsgreiningunni hér að framan.“

Í úrskurði sínum segir ÚUA að í matsskýrslu Fjarðalax og Arctic Sea Farm hafi ekki verið fjallað um aðra valkosti en aðalvalkost framkvæmdaraðila. Því hafi ekki verið gerður neinn samanburður á umhverfisáhrifum mismunandi kosta.

4.2.3 Meintur ágalli á mati á umhverfisáhrifum

ÚUA segir ljóst að framkvæmdaraðili hafi kosið að leggja einungis einn valkost framkvæmdar fram til mats á umhverfisáhrifum og við það hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir. Ekki á neinu stigi málsins hafi verið gerð greining á frekari kostum og umhverfisáhrif þeirra borin saman við umhverfisáhrif aðalvalkosti framkvæmdaraðila. Það er mat ÚUA að þessi málsmeðferð sé ekki í samræmi við lög.

4.3 Niðurstaða úrskurðarnefndar

Efnislega segir í niðurstöðu úrskurðar ÚUA að ekki verði við það unað í mati á umhverfisáhrifum að einungis séu metin umhverfisáhrif eins valkosti. Ekki sé loku fyrir það skotið að einhverjir þeirra valkosta sem kærendur hafi nefnt komi til greina í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Geti valkostir t.d. falist í mismunandi staðsetningu, umfangi, tilhögun, tæknilegri útfærslu o.s.frv. Afar ólíklegt sé að ekki finnist a.m.k. einn annar valkostur sem hægt sé að leggja fram til mats svo framarlega sem framkvæmdaraðili sinni þeirri skyldu sinni að gera víðtæka könnun á þeim kostum sem til greina geti komið. Samanburður umhverfisáhrifa fleiri kosta, sem lögbundin krafa sé gerð um, sé í þeim tilgangi að leyfisveitandi geti tekið upplýsta afstöðu að fullrannsökuðu máli til þess að meta hvort eða með hvaða hætti hægt sé að leyfa framkvæmd þannig að skilyrði laga séu uppfyllt. ÚUA segir að í mati á umhverfisáhrifum laxeldis í sjókvíum í Patreks- og Tálknafirði hafi ekki verið sýnt fram á að enginn annar mögulegur framkvæmdarkostur hafi getað komið til greina í skilningi 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. (um matsáætlun) og 4. málsl. 2. mgr. 9. gr. (um frummatsskýrslu) laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Það verði að telja verulegan ágalla á matinu að engum öðrum kosti var lýst að öðru leyti en vísað væri til þess að núll kostur hefði engin áhrif í för með sér. Að teknu tilliti til á gallans og markmiða með mati á umhverfisáhrifum gat matsskýrsla Fjarðalax og Arctic Sea Farm og álit Skipulagsstofnunar á henni ekki verið lögmætur grundvöllur fyrir ákvörðun um veitingu leyfa til framkvæmda.

ÚUA segir að samkvæmt stjórnslulögum hafi stjórnvaldi sem veitti hið kærða leyfi (Matvælastofnun vegna rekstrarleyfis og Umhverfisstofnun vegna starfsleyfis) borið skylda til að tryggja að málið væri



nægilega upplýst. Í því felist að gæta að því að lögbundið álit Skipulagsstofnunar sé nægilega traustur grundvöllur leyfisveitingar. Í tilfellum hinna kærðu rekstrarleyfa og starfsleyfa Fjarðalax og Arctic Sea Farm taldi ÚUA leyfisveitingarnar háðar slíkum annmörkum að varði ógildingunni starfsleyfisins.

ÚUA felldi úr gildi ákvarðanir Matvælastofnunar um rekstrarleyfi og Umhverfisstofnunar um starfsleyfi til handa Fjarðalaxi og Arctic Sea Farm.

5 Kostir nefndir í úrskurði ÚUA

Í niðurstöðu úrskurða ÚUA segir að ágalli mats á umhverfisáhrifum laxeldisins hafi verið sá að ekki hafi verið metinn annar kostur en aðalvalkostur framkvæmdaraðila. Aðrir kostir hafi ekki verið metnir að öðru leyti en vísað hafi verið til þess að núll kostur hefði engin áhrif í för með sér. Nefndin telur að ekki sé loku fyrir það skotið að einhverjir þeirra valkosta sem kærendur hafi nefnt komi til greina í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Í kærnum til úrskurðarnefndarinnar voru tilgreindir eftirtaldir valkostir: Notkun geldfisks (þ.e. ófrjór fiskur), eldi á landi, eldi í lokuðum sjókvíum og minna sjókvíaeldi. Þá telur ÚUA að valkostir geti falist í mismunandi staðsetningu, umfangi, tilhögun og tæknilegri útfærslu.

Hafa verður í huga að mjög mikilvægt er að umfjöllun um kosti við mat á umhverfisáhrifum feli í sér raunverulega valkosti, en þeir ekki settir fram til málamynda. Í eftirfarandi kafla verður fjallað um ofangreinda kosti sem tilgreindir eru í úrskurði ÚUA en til viðbótar einnig um kosti þess að nota aðra laxfiska til sjókvíaeldis og notkun úthafskvía. Fjallað verður um núll kost í kafla 7.

5.1 Mismunandi staðsetning sjókvíaeldis

5.1.1 Staðsetning sjókvíaeldis samkvæmt matsskýrslu

Eins og fram kemur í matsskýrslu frá árinu 2016 var staðsetning eldissvæða í Patreksfirði og Tálknafirði, sem lágu til grundvallar mati á umhverfisáhrifum (aðalvalkostur framkvæmdaraðila), grundvölluð á undangenginni staðarvalsgreiningu. Sú greining var gerð árið 2012 og byggðist á þeim aðferðum sem þá þóttu skynsamlegar, enda voru á þeim tíma engin stjórnvaldsfyrirmæli um hvernig staðarval skyldi unnið. Hér á eftir er gefið yfirlit yfir þau gögn sem lágu fyrir þegar staðarvalsgreiningin fór fram:

- Árið 2002 voru gerðar umhverfissóknir til að meta skilyrði í fjörðunum til fiskeldis. Einnig gerði Hafrannsóknastofnun grunnrannsóknir í Patreksfirði og Tálknafirði á árunum 2008-2010, í samstarfi við framkvæmdaraðila og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða. Í þeim voru m.a. kortlagðar árstímabreytingar í næringarefnum, svifþörungum, lagskiptingu sjávar og botndýralífi auk rannsókna á hafstraumum.⁸
- Landhelgisgæslan og Veðurstofa Íslands hafa reglubundið eftirlit með hafísmyndun við strendur landsins. Einnig hafa Veðurstofa Íslands og Hafrannsóknastofnun vaktað myndun lagnaðarís í Tálknafirði.⁹
- Veðurgögn frá Bjargtöngum í fórum Veðurstofu Íslands. Reynsla heimamanna af öldufari, veðri og vindum í Patreksfirði og Tálknafirði.
- Þekking heimamanna á siglingaleiðum, veiðisvæðum og mögulegum minjasvæðum í Patreksfirði og Tálknafirði.

Forsendur fyrir vali á staðsetningum eldissvæða í Patreksfirði og Tálknafirði, þ.e. aðalvalkosti framkvæmdaraðila, miðuðust m.a. við að eldissvæði væri staðsett þar sem sjávardýpi var nægjanlegt og að þar væru fyrir hendi hafstraumar sem tryggðu endurnýjun sjávar og gott súrefnisflæði að svæðunum. Svæðin voru einnig valin með tilliti til veðráttu, ölduhæðar, lagnaðaríss, siglingaleiða, veiðisvæða og mögulegra minjasvæða. Horft var til fjarlægðar milli eldissvæða og aðgengis að þeim.

⁸ Sjá kafla 2.3.3.5 og viðauka 6 í matsskýrslu Arctic Sea Farm og Fjarðalax.

⁹ Sjá kafla 2.3.3.4 í matsskýrslu Arctic Sea Farm og Fjarðalax.



Á þessum tíma voru áherslur Fjarðalax og Arctic Sea Farm mismunandi þegar kom að fódrun eldisfisksins. Arctic Sea Farm gerði ráð fyrir að fódra eldisfisk frá fódurprömmum á sjó en Fjarðalax að fódra eldisfisk frá fódurstöðvum í landi. Því þurfti staðarval Fjarðalax að uppfylla það skilyrði að vera nærri landi með mögulegu aðgengi að rafmagni þar. Við val á hentugri staðsetningu var horft til ölduhæðar, staðsetningu fódurstöðvar, aðgangi að rafmagni í landi og möguleika á að tengja sjókvíar við rafmagn, auk umhverfisaðstæðna við og undir sjókvíum. Kostnaður vegna fódrunar úr landi var áætlaður minni en með fódrun frá fódurprömmum á sjó. Á þeim tíma töldu forsvarsmenn Fjarðalax að fódrun frá landi væri heilt yfir betri kostur en að fódra frá sjó, en síðan þá hefur þessi tækni þróast.

Búnaðurinn sem Fjarðalax notaði hafði takmarkaða burði til að þola mikið umhverfisálag og einnig þurfti að koma búnaði, starfsfólki og fóðri að fódurstöðvunum. Auk þess þurfti að knýja dælu, stjórns- og ljósabúnað með rafmagni. Þetta skýrir að hluta ástæðu þess að eldissvæði Fjarðalax eru innar í fjörðunum þar sem ölduhæð er minni, aðgengi yfirleitt betra og möguleikar voru á að tengjast rafmagni.

Arctic Fish hugðist notast við fódurpramma og miðaði staðsetningar kvíastæða sinna út frá þeirri tækni og eldisbúnaði, sem á þeim tíma miðuðu við að þola ákveðið álag og voru því staðsett eins utarlega í fjörðum og talið var mögulegt. Einnig var haft í huga að súrefnisflæði væri sem best og að straumar væru góðir, en samt ekki meiri en tækjabúnaður þess tíma þoldi. Við greiningu á hentugri staðsetningu eldissvæða í fjörðunum nýttist staðkunnug þekking starfsmanna innan fyrirtækjanna, sem skipstjórnarmenn og sjómenn með langa reynslu af sjósókn á þessu svæði. Einnig höfðu starfsmenn óformlegt samráð við íbúa og kollega á svæðinu. Reynsla og kunnátta þessara aðila, niðurstöður ofangreindra rannsókna og tiltæk opinber gögn, réðu niðurstöðu staðarvals sem kynnt var sem framkvæmdakostur í matsskýrslu árið 2016, sjá kafla 3.1 í matsskýrslu.

5.1.2 Möguleikar á öðrum staðsetningum sjókvíaeldis

ÚUA nefnir í úrskurði sínum að valkostir sem fjalla hefði mátt um í matsskýrslu geti falist í mismunandi staðsetningu eldissvæða. Hér að framan hefur verið fjallað um greiningu á hentugum eldissvæðum í Patreksfirði og Tálknafirði sem gerð var á sínum tíma og leiddi til þeirrar staðsetningar eldissvæða í fjörðunum sem kynnt var sem framkvæmdakostur í matsskýrslu. Með tilliti til fyrirliggjandi grunnrannsókna á svæðinu og þekkingu heimamanna á vindafari, öldufari, lagnaðaris, siglingaleiðum og veiðisvæðum í fjörðunum þóttu aðrir staðsetningarkostir ekki vera raunhæfir á þeim tíma. En einnig vegna þess að áform um fódrun eldisfisks frá fódurstöðvum í landi takmarkaði val á raunhæfum staðsetningum eldissvæða, enda þurftu sjókvíar að vera nærri fódurstöðvum í landi, þar sem rafmagn var aðgengilegt.

Hér hefur verið rakið af hverju einn kostur á útfærslu staðsetninga eldissvæða í Patreksfirði og Tálknafirði var lagður fram til mats á umhverfisáhrifum á sínum tíma og hvers vegna aðrar staðsetningar voru ekki taldar raunhæfar, en í matsskýrslu hefði mátt gera grein fyrir þeirri niðurstöðu. Úr því hefur nú verið bætt.

5.2 Umfang framleiðslu

ÚUA nefnir í úrskurði sínum að valkostir sem fjalla hefði mátt um í matsskýrslu geti falist í mismunandi umfangi framkvæmdar. Fiskeldi í sjó er starfsemi sem þarf að fela í sér mikla hagkvæmni þar sem fjárfestingar á sama eldissvæði krefjast hlutfallslega minni fjárfestingar eftir því sem stærð eldisins verður meira. Það er því hagkvæmast fyrir eldisfyrirtæki að hámarka framleiðslu á hverju eldissvæði í samræmi við það burðarþol sem viðkomandi svæði hefur.

Það tekur tíma að byggja upp fiskeldi til þess að ná að fullnýta burðarþol fjarða/fjarðar en jafnframt er fjárhagslegur ávinningur að ná því marki sem fyrst. Reynslan hefur kennt báðum fyrirtækjunum, Arctic Sea Farm og Fjarðalaxi, að byggja eldið upp í áföngum í átt að fullu burðarþoli. Niðurstöður vöktunar og árangur eldisins ráða því hvernig framvinda uppbyggingarinnar verður. Í varúðarskyni er miðað við að full nýting á burðarþoli verði ekki fyrr en jákvæð reynsla hefur skapast af eldi fyrsta árgangs á viðkomandi eldissvæði.



Umfang eldis er nátengt arðbærni þess og það eru því hagkvæmnissjónarmið sem ráða því að sótt var um allt að 17.500 tonna ársframleiðslu og fulla nýtingu burðarþols til framtíðar. Miðað við markmið fjárfestingar til framkvæmdarinnar þótti óraunhæft að gera ráð fyrir minna umfangi. Í matsskýrslu hefði mátt gera grein fyrir þessum forsendum. Úr því hefur nú verið bætt.

5.3 Aðrar eldisaðferðir

Í eftirfarandi kafla er fjallað um aðra kosti í eldi en hefðbundið eldi í sjókvíum. Umfjöllunin byggir að mestu leyti á álitni sérfræðings í fiskeldi hjá Háskólanum á Hólum um valkosti í laxeldi í Patreks- og Tálknafirði, sjá Viðauka 1.¹⁰ Í álitinu eru bornir saman möguleikar laxeldis í hefðbundnum eldiskvíum, úthafskvíum, lokuðum kvíum og landeldi á sunnanverðum Vestfjörðum. Einnig er fjallað um kosti eldis á ófrjóum laxi (þrílitna) í sjó.

5.3.1 Ófrjór eldislax

Með því að nota ófrjóan lax í eldi er að mestu hægt að koma í veg fyrir erfðablöndun eldislaxa við villta stofna laxfiska.¹⁰ Í dag er fjölföldun litninga talin vera ein besta leiðin til þess að búa til ófrjóa einstaklinga.¹¹ Algengast er að lax sé gerður ófrjór með þrýstímeðhöndlun hrogn strax eftir frjövgun en einnig er hægt er að beita öðrum aðferðum eins og með hitasjokki eða með því að æxla saman tví- og fjórlitna einstaklingum. Með þessum aðgerðum fá frjövguð hrogn auka litningasett frá hrygnunni og verða það sem kallað er þrílitna, en þeir fiskar sem eru ómeðhöndlaðir eru tvílitna. Fiskur sem er þrílitna telst ekki erfðabreyttur þó hann hafi eitt aukasett af litningi þar sem ekki hefur verið bætt við utanaðkomandi genum í erfðamengi fiskins, enda kemur þrílitnun fyrir hjá lífverum í náttúrunni. Ófrjór, þrílitna fiskur hefur nokkuð verið notaður í eldi á regnbogasílungi en ekki nema að litlu leyti í laxeldi.

Rannsóknir benda til þess að ófrjór þrílitna fiskur sé viðkvæmari fyrir sjúkdómum og umhverfisaðstæðum og að afföll geti verið meiri en hjá frjóum tvílitna eldisfiski. Einnig virðist hryggskekkja og aðrir vaxtargallar vera algengari meðal ófrjórna eldisfiska og sérstaklega eru gallar á hjarta algengari hjá ófrjóum þrílitna laxi en frjóum tvílitna eldislaxi. Þá er aukin tíðni vansköpunar á kviðpoka- og smáseiðastigi enn rannsóknarefni. Þannig getur meðhöndlun hrogn til framleiðslu á þrílitna laxaseiðum haft áhrif á eðlilega þroskun, viðgang og velferð fisksins.

Samspil næringar og umhverfis er enn á rannsóknarstigi fyrir ófrjóan þrílitna lax. Rannsóknir benda til þess að vöxtur ófrjós fisks sé ekki eins góður og vöxtur frjórna fiska, einkum á síðari stigum eldisferilsins og dæmi er um það að hrognaframleiðandi upplýsi að búast megi við 10% minni lokaþyngd hjá ófrjóum laxi, en frjóum laxi eftir sama tíma í eldi. Hins vegar eru líka til rannsóknir sem benda til þess að vöxtur ófrjórna fiska geti verið a.m.k. jafn góður og frjórna laxa í eldi.

Svo virðist sem kjörhiti til vaxtar ófrjórna laxa sé lægri en hjá frjóum fiski, sem bendir til að ófrjór fiskur gæti hentað vel í eldi við íslenskar aðstæður. Um þessar mundir eru í gangi rannsóknir með þátttöku fiskeldisfyrirtækja á Íslandi, Hafrannsóknastofnunar og Háskólans á Hólum þar sem gera á samanburð á vexti og afkomu þrílitna og tvílitna laxa í eldi við Ísland. Niðurstöður munu fást á næstu árum og munu veita mikilvægar upplýsingar um hversu vel þrílitna lax hentar í eldi í sjó hér við land. Stofnfiskur hefur hafið framleiðslu á ófrjóum hrognum og er Fiskeldi Austfjarða hf. komið með um 250.000 seiði af þrílitna fiski, sem fyrirtækið stefnir að setja í sjó næsta vor.¹²

Reynsla af eldi á ófrjóum þrílitna laxi bendir fremur til að hann sé síður heppilegur til eldis en ómeðhöndlaður fiskur, bæði hvað varðar vöxt og lífslíkur. Reynsla af eldi á ófrjóum þrílitna laxi hér við land er enn sem komið er mjög lítil. Enn eru ýmiskonar vandamál óleyst við eldi á ófrjóum þrílitna laxi,

¹⁰ Helgi Þór Thorarensen. 2018. Sérfræðiálit um valkosti í laxeldi í Patreks- og Tálknafirði. Greinargerð.

¹¹ Guðrún Marteinsdóttir, Heiðrún Guðmundsdóttir, Sigurður Guðjónsson, Anna K. Daniélsdóttir, Þóroddur F. Þóroddsson og Leo Guðmundsson. 2007. Áhrif eldis á umhverfi og villta stofna. Háskóli Íslands, Umhverfisstofnun, Veiðimálastofnun, Hafrannsóknastofnun og Skipulagsstofnun. Lokaskýrsla vegna AVS-verkefnisins.

¹² Fiskeldi Austfjarða hf. 2018. Samanburður valkosta í tengslum við matsskýrslu vegna 20.800 tonna eldis í Beru- og Fáskrúðsfirði. Mat á umhverfisáhrifum. Skoðað á vef Umhverfisstofnunar þann 25.1.2018: <https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/i-auglysingu/2018/Vi%C3%B0b%C3%B3t%20um%20valkosti.pdf>



allt frá meðferð hrogna, frumfóðrun seiða, seltuþol fisksins og vöxt fram að sláturstærð. Þess vegna verður ekki séð að notkun á ófrjóum þrílitna laxi til eldis geti talist sambærilegur valkostur á þessum tíma og eldi á frjóum laxi.

Til viðbótar við aðferðir með fjölföldun litninga eru einnig aðrar aðferðir í þróun til að hindra kynþroska hjá eldisfiski. Þar má nefna þróun bóluefnis, samanber þróunarverkefnið SALMONSTERILE sem unnið er hjá Norsku Hafrannsóknastofnuninni.^{13,14}

Bíða verður niðurstöðu rannsókna og reynslu af tilraunaeldi á ófrjóum þrílitna laxi á næstu árum áður en hægt verður að svara hvort slíkt eldi sé raunhæfur og sambærilegur valkostur við eldi á frjóum eldislaxi.

5.3.2 Lokaðar eldiskvíar

Eldi með lokuðum eldiskvíum er eldisaðferð sem er enn á rannsókna- og þróunarstigi. Hér er um að ræða nánast fljótandi eldisker sem eðli málsins samkvæmt gefa ekki mikið eftir við straumum eða veðri og verða því að vera staðsettar í góðu skjóli. Ýmsar útfærslur af slíkum eldiskvíum liggja fyrir, en til eru bæði sveigjanlegar kvíar, sem eru nokkurs konar lokaðir pokar eða stífar kvíar sem eru nánast fljótandi eldisker. Sveigjanlegu pokana er einungis hægt að nota þar sem er gott skjól, en ekki þar sem straumar eru miklir eða veður eru erfið.

Tilraunir á lokuðum eldiskerfum eru komnar lengst í Noregi. Slík kerfi eru venjulega staðsett innan skerjagarða þar sem dýpi er mikið, yfirleitt meira en 40 m, þannig að hægt sé að dæla djúpsjó inn í lokuðu kerfin. Margar útgáfur eru til af lokuðum eldiskerfum, en þau sem eru að fullu lokuð krefjast þess að öllum sjó sé dælt inn í kerfið, oftast súrefnisbættur og að öllum lífrænum úrgangi sé safnað saman og fluttur burt frá eldisvæði.

Einnig eru til ýmsar útfærslur á hálf lokuðum kerfum þar sem hluti af lífrænum úrgangi fellur út í umhverfið líkt og t.d. er greint frá í matsáætlun Akvafuture fyrir Eyjafjörð þar sem áætlað er að yfir þriðjungur lífræns úrgangs fari út í umhverfið.¹⁵ Slík kerfi hafa auðvitað áhrif á viðtakann sem og mögulega smithættu við umhverfið. Það er þó sammerkt með þessum hálf lokuðu kerfum að þau krefjast að dýpi sé gott á eldisstað og oft er miðað við að það sé yfir 30-40 m. Þó svo að hálf lokuð kerfi geti venjulega þolað meiri ölduhæð en algerlega lokuð kerfi þá er með núverandi tækni og í samræmi við búnaðarstaðla NS9415 ekki til kerfi sem þola meira en 1,5-2 m ölduhæð. Í Patreks- og Tálknafirði er varla hægt að finna slík svæði og sannarlega ekki þar sem dýpi er meira en 30 metrar.

Dæla þarf sjó í kvíar og hafa aðgang að raforku á hverjum stað. Lokað kerfi krefst dælingar á sjó, íblöndun súrefnis og upptöku á lífrænum úrgangi sem fellur til. Vatni eða sjó þarf að dæla af 20-30 m dýpi, neðan lúsabeltis. Vatnshiti mun því ekki ná yfirborðsvatnshita sumarsins og því verður meðalhiti innan ársins heldur lægri en í hefðbundinni sjókví og það hefur neikvæð áhrif á vaxtarhraða eldisfisksins. Niðurstöður tilrauna í Noregi hafa leitt í ljós að hægt er að koma í veg fyrir lúsasmit í lokuðum eldiskvíum.¹⁶ Það liggur hins vegar ekki fyrir hvernig verður að reka slíkar eldiskvíar í fjörðum hér við land.

Áætlað er að eldiskostnaður sé um 23% hærri en í kvíaeldi.¹⁷ Hins vegar liggja ekki fyrir upplýsingar um stofn- og rekstrarkostnað sem byggja á beinni reynslu né um vöxt eldisfisks. Þessi eldisaðferð er enn á þróunarstigi og getur ekki talist kostur á sama hátt og landeldi og sjókvíaeldi þar sem forsendur rekstrar liggja fyrir og tækni er þekkt. Auk þess samræmist slík eldistækni ekki þeim markmiðum Arctic Sea Farm

¹³ Ragnar Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson, Agnar Steinarsson og Jón Hlöðver Friðriksson. 2017. Áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi. Haf- og Vatnarannsóknir, HV 2017-027.

¹⁴ Vargelius, A. og Edvardsen, R.B. 2015. Endrer laksegener for å få steril fisk. Havforskningsrapporten 2015 Ressurser, miljø and akvakultur på kysten og i havet. Fisker og havet, særnummer 1-2015:18-19.

¹⁵ Akvafuture ehf. 2018. Laxeldi í lokuðum sjókvíum í Eyjafirði. Tillaga að matsáætlun fyrir allt að 20.000 tonna framleiðslu.

¹⁶ Nilsen A, Nielsen KV, Biering E, Berheim A. 2017. Effective protection against sea lice during the production of Atlantic salmon in floating enclosures. Aquaculture. 2017;466: 41–50.

¹⁷ Bjørndal T, Holte E.A, Hilmarsen Ø, Tusvik A. 2018. Analyse av lukka opprett av laks – Landbasert og i sjø: Produksjon, økonomi og risiko Sluttrapport FHF Prosjekt 901442. Trondheim.



og Fjarðalax að stunda fiskeldi í samræmi við ASC staðalinn. Forsendur núverandi eldistækni lokaðra sjókvía gera ráð fyrir mjög skjólgóðum svæðum með mikið dýpi (yfir 30 m), en ljóst er að slík svæði er ekki að finna í Patreks- og Tálknafirði.

5.3.3 Landeldi

Á Íslandi er til staðar nokkuð löng reynsla af landeldi bæði á laxi og bleikju. Í dag er framleiðsla á laxi í landeldi upp í markaðsstærð um 1.500 – 2.000 tonn og gert er ráð fyrir að sú framleiðsla muni aukast eitthvað á næstu árum.¹⁸ Silfurstjarnan í Öxarfirði stefnir að tvöföldun sinnar stöðvar og Matorka í Grindavík er með áform um aukningu úr 3.000 tonnum í 6.000 tonn vegna framleiðslu á laxi og bleikju í landeldi. Þessi eldisaðferð hefur ýmsa kosti fram yfir sjókvíaeldið eins og að hægt er að viðhalda kjörskilyrðum til vaxtar. Einnig er hægt að minnka hættu á smiti laxalúsar með því að taka sjó á nægilegu dýpi eða meðhöndla inntaksvatn sérstaklega. Á móti kemur að vatnsstreymi þarf að vera nægilegt til tryggja að eldisfiskur fái fullnægjandi súrefni. Eldisfiskar losa bæði koldíoxíð (CO₂) og ammoníak (NH₃) út í vatnið, en of hár styrkur þessara efna getur dregið úr vexti eldisfisks og jafnvel valdið dauða. Í flestum landeldisstöðvum hér á landi eru svokölluð gegnumstreymiskerfi þar sem hluti vatnsins er endurnýttur og hægt er að fjarlægja NH₃ með lífhreinsun. Afföll geti verið minni í landeldi en sjókvíaeldi en vissulega geta sjúkdómar líka komið þar upp.

Í landeldisstöðvum á Íslandi er vatnsnotkun um 26 L fyrir hvert kg af laxi sem framleitt er. Til að ala 17.500 tonn af laxi þyrfti um 10-15 m³/s af 10°C heitu vatni. Sú orka sem þyrfti til að dæla vatni er meiri en helmingur af raforkuframleiðslu Mjólkárviðvarðunar auk þess að raforkuflutningskerfi á Vestfjörðum myndi ekki anna slíkri orkupörf.

Stofnkostnaður vegna gegnumstreymiskerfis í landeldi er mun hærri en í hefðbundnu kvíaeldi og til að reka slíkar stöðvar þarf umtalsverða orku, bæði rafmagn til dælingar og súrefnisframleiðslu. Eins þarf jarðvarma til þess að kjöreldishiti geti verið sem næst 8-12°C. Í nýlegri skýrslu frá Noregi er borinn saman kostnaður við mismunandi aðferðir í laxeldi.¹⁹ Þar kemur fram að áætluð heildarorkupörf í gegnumstreymiskerfi í landeldi er 6-9 kw á kg framleitt. Ef miðað er við þær forsendur þyrfti alla orku Mjólkárviðvarðunar til eldisins, en gert er ráð fyrir að raforka yrði einnig notuð til upphitunar. Til að hita sjó í kjöreldishita þarf umtalsvert magn af heitu vatni og rannsóknir ÍSOR benda til að ekki sé nægur jarðhiti á Vestfjörðum til að anna slíkri þörf.²⁰ Landeldi er fýsilegur kostur á svæðum þar sem gott aðgengi er að jarðhita.

Forsendur til þess að stunda landeldi á laxi á sunnanverðum Vestfjörðum eru ekki fyrir hendi þar sem hvorki er nægilegt rafmagn né jarðhiti fyrir hendi á sunnanverðum Vestfjörðum til að framleiða 17.500 tonn af laxi. Auk þess væri slíkur kostur ekki í samræmi við umhverfisvæna eldisafurðaframleiðslu sem fyrirtækin eru að vinna að og landeldi er í raun önnur framkvæmd með allt annan viðtaka en sjóeldi.

Hér hefur verið rakið hvers vegna ofangreindar eldisaðferðir, aðrar en hefðbundið eldi í sjókvíum, samrýmast ekki markmiðum framkvæmdarinnar. Um þær var ekki fjallað í matsskýrslu frá árinu 2016, en úr því hefur nú verið bætt.

¹⁸ Helgi Þ. Thorarensen. 2018. Sérfræðiálit um valkosti í laxeldi í Patreks- og Tálknafirði. Greinargerð.

¹⁹ Bjørndal T, Holte E.A, Hilmarsen Ø, Tusvik A. 2018. Analyse av lukka opprett av laks – Landbasert og i sjø: Produksjon, økonomi og risiko Sluttrapport FHF Prosjekt 901442. Trondheim.

²⁰ Ásmundsson, R.K, Þorsteinsson E. 2010. Tækifæri til varmvirkjunar á Vestfjörðum : varmadælu og samnýting varma. Reykjavík; 2010. ISOR-2010-045.



6 Aðrir kostir en tilgreindir eru í úrskurðum ÚUA

6.1 Aðrar eldisaðferðir

6.1.1 Úthafskvíar

Í dag er sjókvíaeldi á Íslandi einungis stundað í fjörðum þar sem nægilegt skjól er fyrir úthafsöldu.²¹ Við suðurströnd landsins er hitastig hærra en á Vestfjörðum og Austfjörðum en þar væri eldi með úthafskvíum útilokað vegna skjólleysis. Í Noregi hefur verið gerð tilraun með sjókví fyrir lax sem á að standast úthafsöldur.²² Ef slíkar tilraunir gefa góða raun gæti skapast tækifæri til fiskeldis við suðurströndina og þá fjarri laxveiðiám. Þessi eldisaðferð er enn á rannsókn- og þróunarstigi og getur þar að leiðandi ekki talist raunhæfur kostur fyrir laxeldi á Vestfjörðum. Þar fyrir utan væri ólíklegt að slíkum kvíum yrði komið fyrir á Vestfjörðum heldur yrði líklega horft til svæða þar sem hitaskilyrði eru ákjósanlegri til laxeldis.

6.2 Aðrar tegundir laxfiska

Arctic Sea Farm hefur reynslu af eldi á regnbogasilungi og það skal ekki útilokað að slíkt eldi gæti verið raunhæfur kostur ef breytingar verða í umhverfi og/eða á markaðsaðstæðum. Samkvæmt reynslu fyrirtækisins henta umhverfisaðstæður hér á Íslandi betur kuldaþolnari laxfiskum af Saga stofni en þeim stofni regnbogasilungs sem Matvælastofnun hefur leyft innflutning fyrir. Einnig eru markaðsaðstæður þannig að bæði verð sem og stöðuleiki í eftirspurn gerir eldi á laxi betri kost en eldi á regnbogasilungi í dag.

7 Núll kostur

Í matsskýrslu Arctic Sea Farm og Fjarðalax vegna aukinnar framleiðslu á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði frá 2016 kom fram að með núll kosti yrði ekkert af þeim umtalsverða samfélagslega ávinningi sem fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, en á hinn bóginn yrðu ekki neikvæð áhrif á lífríkið og aðra náttúru. ÚUA telur þetta ófullnægjandi þar sem ekki sé fjallað sérstaklega um áhrif núll kosts í einstökum köflum í mati á umhverfisáhrifum.

Núll kostur er að ekki verði framhald á rekstri eldisfyrirtækjanna Arctic Sea Farm og Fjarðalax í Patreksfirði og Tálknafirði. Í eftirfarandi umfjöllun verður gerð grein fyrir líklegri þróun umhverfisþáttar ef starfsemi í laxeldi hættir miðað við upplýsingar um grunnástand eins og lýst var í matsskýrslu. Varðandi hagræn og félagsleg áhrif framkvæmdarinnar er einnig stuðst við nýjar upplýsingar frá Byggðastofnun.

7.1 Eðliseiginleikar sjávar

Grunnupplýsingar sýna að eðlisþættir sjávar og plöntusvif í Patreksfirði og Tálknafirði fylgja hefðbundnum árstíðaferlum eins og þeim hefur verið lýst í öðrum fjörðum landsins. Í mati á umhverfisáhrifum voru áhrif á eðlisþætti sjávar og plöntusvif í firðinum metin óveruleg og afturkræf ef starfsemi yrði hætt. Sama niðurstaða á við nú ef starfseminni verður ekki framhaldið.

7.2 Botndýralíf

Reynslan af núverandi eldi sýnir að uppsöfnun lífrænna leyfa takmarkast við setbotn í nágrenni eldiskvía og sýnir vöktun að áhrif geta verið talsvert neikvæð við eldiskvíar. Í mati á umhverfisáhrifum voru áhrif aukinnar framleiðslu metin talsvert neikvæð, þau verði staðbundin og afturkræf. Ef ekki

²¹ Helgi Þór Thorarensen. 2018. Sérfræðiálit um valkosti í laxeldi í Patreks- og Tálknafirði. Greinargerð.

²² Eiríksson T, Moodley Leon, Helgason GV, Lilliendahl K, Halldórsson HP, Bamber S, et al. 2017. Estimate of organic load from aquaculture - a way to increased sustainability. Reykjavík; 2017. doi:10.13140/RG.2.2.14202.29123.



verður framhald á rekstri eldisfyrirtækjanna er líklegt að botndýralíf á eldisstað þróist til upprunalegs ástands. Niðurfelling starfseminnar mun því líklega hafa **talsvert jákvæð** áhrif á botndýralíf undir eldissvæðum í fjörðunum.

7.3 Villtir stofnar laxfiska

7.3.1 Fisksjúkdómar og laxalús

Í matsskýrslu segir að fisksjúkdómar sem komið hafi upp í íslensku sjókvíaelði séu af völdum baktería, en veirusjúkdómar séu óþekktir. Eldisfiskur sé bólusettur gegn bakteríusjúkdómum öðrum en nýrnaveiki, reglulega sé skimað fyrir nýrnaveikismiti og sýni af eldisfiski send reglulega til greiningar sem liður í vöktun á smiti í eldisfiski. Í mati á umhverfisáhrifum var framkvæmdin talin valda óverulegum áhrifum sjúkdóma hjá villtum laxfiskum.

Í matsskýrslu kemur fram að sjóbirtingur veiðist á ósasvæði Botnsár í Ósafirði inn af Patreksfirði og í Sauðlauksdalsá í Patreksfirði, en undantekning sé að lax veiðist í veiðivatni í Patreksfirði. Í Tálknafirði veiðist sjóbirtingur helst í Botnsá og einstaka lax einnig, en í ánni eru búsvæði fyrir slíka fiska. Í rannsókn á umfangi lúsasmits meðal villtra laxfiska í Patreksfirði og Tálknafirði hafi sjóbirtingar verið með að meðaltali 1,6 lús/fisk og bleikja 0,3 lús/fisk. Fylgst hefur verið með laxalús á eldisfiski í Patreksfirði og Tálknafirði og var smit fiska eftir 17 til 24 mánuði í eldi mest um 0,1 lús/fisk. Fram kemur að samkvæmt rannsóknnum í Noregi þurfi minnst 11 laxalýs á gönguseiði til að valda þeim alvarlegum skaða og jafnvel dauða. Í mati á umhverfisáhrifum var framkvæmdin talin valda óverulegum áhrifum laxalúsar á villta laxfiska.

Bakterían sem veldur nýrnaveiki er útbreidd á meðal laxfiska í náttúrunni og laxalús er sníkjudýr sem lifir í sjó og leggst á villta laxfiska. Ef eldisstarfsemi hættir verður slíkt ástand eftir sem áður viðvarandi. Með því að fjarlægja eldisfisk úr fjörðunum mun ekki lengur vera hætt á að smit magnist á eldissvæðum og berist þaðan með tilheyrandi hættu fyrir villta laxfiska. Gera má ráð fyrir að niðurfelling starfseminnar muni því hafa **nokkuð jákvæð** áhrif á villta laxfiska með tilliti til sjúkdóma og laxalúsar.

7.3.2 Erfðablöndun

Í matsskýrslu kemur fram að eldissvæði í Patreksfirði og Tálknafirði séu í meira en 100 km fjarlægð frá laxveiðiám, en minni laxveiðiár séu í 50 til 100 km fjarlægð, innst í Ísafjarðardjúpi og á Barðaströnd. Laxveiði í ám á Vestfjörðum sé breytilegri en almennt gerist í öðrum landshlutum, sem bendi til þess að umhverfisskilyrði í hafi ráði miklu um stofnstærð. Þá segir í matsskýrslu að þekkt sé að lax veiðist í Sunndalsá í Arnarfirði og Botnsá í Tálknafirði. Fram kemur að lax hrygni í Botnsá og þremur ám í Arnarfirði (Dufansdalsá, Sunndalsá og Hofsa), en lax hrygni ekki í ám í Patreksfirði. Líklegt sé að hrygning laxa sé nýtilkomin á þessu svæði. Út frá aldri laxaseiða eru leiddar líkur að því að þau verði ekki rakin til hrygningar stokolaxa í viðkomandi ám. Fram kemur að eldislax slapp úr kvíum Fjarðalax í Patreksfirði um vetur árið 2013 og sumarið eftir veiddust laxar við ósa áa í firðinum. Staðfest hefur verið að það var eldisfiskur og líklegt talið að hann hafi komið úr framangreindri slysasleppingu. Enginn eldislax hafi veiðst utan Patreksfjarðar. Í mati á umhverfisáhrifum var framkvæmdin talin valda óverulegum áhrifum á erfðir villtra laxfiska.

Hafrannsóknastofnun hefur metið áhættu vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi. Telur stofnunin ásættanlegt að leyfa 50.000 tonn af laxi á Vestfjörðum, sem m.a. felur í sér heimilað laxeldi í Patreksfirði og Tálknafirði. Helsta ástæðan fyrir því er sú að eldissvæðin eru í mikilli fjarlægð frá helstu laxveiðiám og laxeldi er bannað á mjög stórum hluta strandlengju Íslands. Með þetta í huga má gera ráð fyrir að neikvæð áhrif laxeldis Arctic Sea Farm og Fjarðalax hafi fram til þessa verið óveruleg á laxastofna í helstu laxveiðiám landsins. Verði starfseminni hætt verður þeirri óvissu eytt.

Vísbendingar eru um að lax sé að ná fótfestu í ám nærri eldinu í Patreksfirði og Tálknafirði. Ef það gengur eftir má gera ráð fyrir að ár á svæðinu beri litla stofna. Verði laxeldið lagt niður mun hætt á



erfðablöndun ekki vera til staðar vegna þeirrar starfsemi. Niðurfelling starfseminnar mun líklega hafa **nokkuð jákvæð** áhrif á villta laxa með tilliti til erfðablöndunar.

7.4 Landslag og ásynd

Í mati á umhverfisáhrifum voru áhrif aukinnar framleiðslu metin óveruleg á landslag og ásynd og þau afturkræf. Ef ekki verður framhald á starfseminni verða eldiskvíar og búnaður þeim tengdum ekki lengur sýnilegur. Því munu áhrif á landslag og ásynd hverfa. Niðurfelling starfseminnar mun því hafa **nokkuð jákvæð** áhrif.

7.5 Hagrænir og félagslegir þættir

Í matsskýrslu segir að allt bendi til að vaxandi fiskeldi á svæðinu muni hafa verulega jákvæð áhrif á samfélagið. Í samantekt Byggðastofnunar til forsætisráðuneytis vegna niðurfellingar starfs- og rekstrarleyfa eldisfyrirtækjanna kemur fram að töluverðra áhrifa gætir af uppbyggingu fiskeldis á sunnanverðum Vestfjörðum.²³ Fiskeldið hafi skapað um 160-170 störf og afleidd störf eru talin vera um 150 og launatekjur námu á árinu 2017 um 1,4 milljarði. Til samanburðar áætla Vinnuálastofnun að í heildina sé vinnuafli í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi ríflega 700 manns. Byggðastofnun telur að ef starfsemi eldisfyrirtækjanna verði hætt yrði það gríðarlegt áfall fyrir samfélagið á Vestfjörðum.

Gera má ráð fyrir að starfsemi fyrirtækjanna hafi áhrif á nokkur hundruð fjölskyldur á Vestfjörðum. Einnig hafa fjárfestingar eldisfyrirtækja verið miklar við uppbyggingu eldisins s.s. vegna seiðaeldis, eldisbúnaðar o.fl. Áhrif hafa verið talsvert jákvæð fyrir íbúapróun, atvinnulíf og efnahag á sunnanverðum Vestfjörðum. Verði ekki framhald á rekstri eldisstarfseminnar má búast við að áhrif á samfélag á sunnanverðum Vestfjörðum verði **verulega neikvæð**.

7.6 Aðrar sjávarnytjar

Í matsskýrslu var stuðst við niðurstöður skráningar á nýtingu í Patreksfirði og Tálknafirði, sem unnið var á sínum tíma af sveitarfélögum á Vestfjörðum. Nýting strandsvæða fjarðanna vörðuðu eftirtalda þætti: Siglingar, veiðar, hlunnindanýtingu (æðarvarp), útivist og vernd (náttúruminjaskrá, hverfisvernd skv. skipulagi). Staðsetning eldissvæða í fjörðunum hafi verið valin með tilliti til siglingaleiða. Í mati á umhverfisáhrifum voru áhrif framkvæmdarinnar metin óveruleg á siglingar, innviði, veiðar og aðra starfsemi. Aukin þjónusta og umsvif vegna eldisins geti styrkt aðra starfsemi og þannig haft talsverð jákvæð áhrif.

Þó áhrif starfseminnar séu óveruleg á nýtingu strandsvæða fjarðanna er mögulegt að aðgengi batni við það að fjarlægja eldiskvíar og búnað þeim tengdum ef starfsemi yrði hætt, einkum þeirra sem nýta sér siglingaleiðir um Tálknafjörð. Verði ekki framhald á rekstri eldisstarfseminnar er líklegt að það hafi **nokkuð jákvæð** áhrif á sjávarnytjar.

7.7 Ferðaþjónusta og útivist

Í matsskýrslu var m.a. stuðst við niðurstöður könnunar á nýtingu ferðaþjónustufyrirtækja á strandsvæðum Vestfjarða. Samkvæmt þeim munu eldiskvíar hafa óveruleg áhrif á ásynd, ímynd fjarðanna og upplifun ferðamanna.

Verði ekki framhald á rekstri eldisfyrirtækjanna og að eldiskvíar hverfi úr fjörðunum má gera ráð fyrir að áhrif á ferðaþjónustu og útivist verði **nokkuð jákvæð**.

7.8 Náttúru- og menningarminjar

Í matsskýrslu kemur fram að gerð hafi verið samantekt á neðansjávarminjum í Tálknafirði og Patreksfirði. Ekki sé líklegt að minjar finnist á botni undir eldissvæðum. Engin friðlýst svæði eru í fjörðunum en þeim tengist tvö svæði á náttúruminjaskrá; Þórishlíðarfjall utan við norðanverðan

²³ Byggðastofnun. 2018. Minnisblað. Blikur á lofti í atvinnulífi Vestfjarða. Dags. 3.10.2018.



Tálknafjörð og Hafnarvaðall í Örlygshöfn í Patreksfirði. Framkvæmdin var talin hafa óveruleg áhrif á náttúru- og menningarminjar.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru talin **óveruleg** ef ekki verður framhald á rekstri eldisfyrirtækjanna.

Hér hefur verið lagt mat á áhrif núll kostar, þ.e. að ekki verði framhald á rekstri eldisfyrirtækjanna Arctic Sea Farm og Fjarðalax í Patreksfirði og Tálknafirði. Um hann var ekki fjallað á fullnægjandi hátt í matsskýrslu frá árinu 2016 að álitu ÚUA, en úr því hefur nú verið bætt.

8 Framkvæmdakostir

Í eftirfarandi kafla eru settir fram 3 framkvæmdakostir út frá staðarvali eldissvæða og líkleg umhverfisáhrif þeirra metin. Í fyrsta lagi er settur fram kostur samkvæmt staðarvali er sett var fram í matsskýrslu árið 2016, í öðru lagi samkvæmt staðarvali með breyttri tilhögun eldissvæða í Patreksfirði samkvæmt matsskýrslu fyrirspurn árið 2018 og í þriðja lagi samkvæmt breyttri staðsetningu eldissvæðis í Tálknafirði og niðurlagningu tveggja eldissvæða þar.

8.1 Staðarval samkvæmt matsskýrslu


Hér verður fjallað í almennum orðum um niðurstöður matsskýrslu um líkleg umhverfisáhrif aukinnar framleiðslu á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði um 14.500 tonn og niðurstöður í álitu Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Í álitu Skipulagsstofnunar voru vægiseinkunnir notaðar á sama hátt og gert var í matsskýrslu en einni vægiseinkunn bætt við, nokkuð neikvæð, sem fellur á milli vægiseinkunnanna óveruleg og talsvert neikvæð áhrif. Nokkuð neikvæð áhrif fela í sér að áhrifin eru staðbundin og ná ekki yfir umfangsmikið svæði, áhrifasvæðið nýtur ekki verndar eða er á annan hátt viðkvæmt fyrir breytingum og áhrifin geta verið varanleg eða óafturkræf.

8.1.1 Eldissvæði

Samkvæmt matsskýrslu eru eldissvæði staðsett fremur innarlega í Patreksfirði og Tálknafirði, varin fyrir verstu veðrum og í skjóli fyrir norðlægum og norðaustlægum vindáttum. Sjávardýpi á þeim stöðum er nægjanlegt og talið að hafstraumar tryggi endurnýjun sjávar og súrefni á eldissvæðum. Aðrir þættir sem höfðu áhrif á staðarval voru ölduhæð, lagnaðarís, siglingaleiðir, veiðisvæði, möguleg minjasvæði, fjarlægð milli eldissvæða og aðgengi að rafmagni í landi. Á þessum tíma var búið að reisa fóðurstöðvar á Hlaðseyri og í Laugardal og verið að hefja byggingu slíkrar aðstöðu við Eyri (Þúfneyri).

Eldissvæði Fjarðalax voru sex; við Laugardal, Suðureyri og Sveinseyri í Tálknafirði og við Eyri, Hlaðseyri og Sandodda í Patreksfirði, sjá Mynd 8.1. Eldissvæði Arctic Sea Farm voru tvö; við Akravík í norðanverðum Tálknafirði og við Kvígindisdal í sunnanverðum Patreksfirði.



Mynd 8.1 Staðarval samkvæmt matsskýrslu frá árinu 2016

8.1.2 Líkleg umhverfisáhrif

Í eftirfarandi köflum er farið yfir niðurstöðu matsskýrslu og Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif þeirrar framkvæmdar sem kynnt var í skýrslunni. Samantekt niðurstaðna með tilliti til vægiseinkunna er einnig sýnd í töflu 8.1.

8.1.2.1 Eðliseiginleikar sjávar

Samkvæmt matsskýrslu benda mælingar á sjófræði fjarðanna sterklega til þess að 20.000 tonna framleiðsla í fiskeldi muni hafa óveruleg áhrif á súrefnisinnihald sjávar og þar með **óveruleg** áhrif á vistkerfi og lífríki í Patreks- og Tálknafirði. Komi fram neikvæð áhrif verða þau afturkræf og tímabundin. Samkvæmt matsskýrslu getur framkvæmdin haft staðbundin bein áhrif á magn uppleystra næringarefna í sjó. Komi fram slík áhrif verða þau tímabundin og afturkræf. Vegna nauðsynlegs niðurbrots efnasambanda í aðgengilegu næringarefni fyrir þörunga, munu hafstraumar og þynningaráhrif af þeirra völdum gera það að verkum að hugsanlegur staðbundinn þörungavöxtur (plöntusvif) verður **óverulegur** og því er talin lítil hætt á ofauðgun vegna uppleystra næringarefna frá fiskeldinu.

Skipulagsstofnun segir í álit sínu að talsvert neikvæð áhrif verði á súrefni á takmörkuðu svæði undir eldiskvíum og styrkur uppleystra næringarefna sjávar aukist á stærra svæði út frá eldiskvíum. Áhrifin verði því staðbundin og nái ekki yfir umfangsmikið svæði. Þegar fullri framleiðslu Fjarðalax og Arctic Sea Farm verður náð má gera ráð fyrir að á hverju ári verði hámarkslífmassi eldisfisks um 20.000 tonn. Því telur Skipulagsstofnun að áhrif eldisins á ástand sjávar í Patreksfirði og Tálknafirði verði **nokkuð neikvæð**. Áhrifin verði afturkræf ef starfseminni verði hætt.



8.1.2.2 Botndýralíf

Lífrænn úrgangur og fódurleifar undir kvíunum og næst þeim munu hafa tímabundin neikvæð áhrif á vistkerfið á hafsbotni. Þrátt fyrir markvissa stýringu á nýtingu eldissvæða og hvíld þeirra að lokinni slátrun má búast við að áhrifin verði **talsvert neikvæð** á staðbundnu svæði. Gert er ráð fyrir að áhrifin verði afturkræf.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á botndýralíf verði **talsvert neikvæð** á takmörkuðu svæði nærri eldisstað, en fjær verði áhrifin **nokkuð neikvæð til óveruleg**. Áhrifin eru afturkræf ef starfseminni verður hætt og fóðrun lýkur.

8.1.2.3 Villtir stofnar laxfiska

Sjúkdómar og laxalús

Samkvæmt matsskýrslu verða áhrif smitsjúkdóma á villta laxfiskastofna **óveruleg** vegna fyrirbyggjandi verklags eldisaðila og vegna góðrar stöðu sjúkdómamála hérlendis og að eldisseiði séu bólusett. Komi til þess að villtur fiskur sýkist af völdum smits frá eldisfiski verða áhrifin líklega afturkræf.

Í matsskýrslu segir að laxalús á eldislaxi berist upprunalega frá villtum laxfiskum en smit frá eldi geti haft bein en afturkræf áhrif á villta laxfiskastofna. Að teknu tilliti til almennra óhagstæðra umhverfisskilyrða fyrir laxalús, skipulags laxeldisins, lágrar smittíðni meðal villtra laxfiskastofna og tiltækra mótvægisáðgerða, er talið að lítil hættu sé á að villtir laxfiskar skaðist af laxalús vegna uppbyggingar laxeldisins. Áhrifin verði **óveruleg**.

Skipulagsstofnun segir í áliti sínu að ef sjúkdómur eða laxalús brýst út á stöku eldissvæði og á þeim tíma sem sjóbirtingur dvelur í sjó, geti áhrif eldis Fjarðalax og Arctic Sea Farm orðið **nokkuð neikvæð** á laxfiska næst eldissvæðinu, vegna eðli yfirborðsstrauma í Patreksfirði og Tálknafirði. Áhrifin ráðist þó af því hvort mótvægisáðgerðir koma í veg fyrir að smit berist í villta laxfiska frá upptökustað. Áhrifin geta hins vegar orðið **talsvert neikvæð** ef sjúkdómur eða laxalús dreifist um víðáttumeira svæði, t.d. milli árgangasvæða, og nái að sýkja stærri hluta villtra laxfiska í fjörðunum. Yfirborðsstraumar í fjörðunum eru þó þannig að litlar líkur eru taldar á að sjúkdómar berist milli Patreksfjarðar og Tálknafjarðar. Líklegt er að áhrifin verði tímabundin og afturkræf ef mótvægisáðgerðir koma í veg fyrir frekara smit.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar var sú að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðs fiskeldis Fjarðalax og Arctic Sea Farm í Patreksfirði og Tálknafirði muni felast í áhrifum á fisksjúkdóma, laxalús og náttúrulega stofna laxfiska. Þannig felast helstu neikvæðu áhrif framkvæmdanna m.a. í aukinni hættu á að sjúkdómar og laxalús berist frá eldinu í villta laxfiskastofna, einkum sjóbirting, sem dvelur í sjó í Patreksfirði og Tálknafirði hluta úr ári.

Erfðablöndun

Í matsskýrslu segir að stökulax getur haft bein áhrif á erfðamengi villtra laxastofna, en til þess að marktækar erfðabreytingar komi fram á tilteknum laxastofni er að stöðugt (í áraraðir) berist nýtt erfðaefni frá kynþroska eldislöxum. Í skýrslunni er sett fram áætlun um hámarksfjölda eldislaxa sem sleppa muni úr eldiskvíum, samkvæmt reynslutölum og rannsóknum frá norsku laxeldi og víðar.²⁴ Áætlaður fjöldi stökulaxa sem leita muni í laxár, bendir ekki til þess að framkvæmdin skapi verulega hættu og muni skaða villta laxastofna með erfðablöndun.

Í matsskýrslu segir að til að koma í veg fyrir hugsanlega erfðablöndun þarf að leggja mikla áherslu á að laxaseiði sleppi ekki á fyrsta ári og að fullorðinn lax sleppi ekki í lok eldistímans, þegar stutt er í kynþroska. Mestar lífslíkur eru á seiðum sem sleppa snemma sumars eða löxum sem sleppa seint, skömmu fyrir kynþroska. Lax sem sleppur seint hefur minni hæfni til hrygningar en stökulax sem hefur aðlagast dvöl í villtri náttúru. Sleppingar á fullorðnum laxi uppgötvast í allflestum tilvikum tímanlega og mögulegt er að ráðast í átak til endurveiði og vöktun á stökulaxi í nærliggjandi ám. Nýlega sloppnir eldislaxar þekkjast einnig oft auðveldlega frá villtum laxi. Heildarniðurstaðan er sú að virkasta átakið til

²⁴ Tafla 5.10 í matsskýrslu Fjarðalax og Arctic Sea Farm frá 2016.



að fyrirbyggja erfðablöndun er að hindra sleppingar smáseiða snemma sumars. Af því sem framan segir um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn slyssleppingum, staðsetningar eldissvæða og litla hæfni eldislaxa til að búa til harðgerð afkvæmi, eru í taldar litlar líkur á að framkvæmdin skaði villta laxastofna með erfðablöndun. Í heildina eru því þessi áhrif metin **óveruleg** og afturkræf.

Skipulagsstofnun telur að samkvæmt reynslu af laxeldi í sjókvíum hér við land og erlendis sé ekki hægt að gera ráð fyrir að eldisfiskur sleppi ekki úr kvíum, þrátt fyrir að stöðugt sé unnið að því að bæta verklag og búnað við sjókvíaeldi. Margföldun á umfangi fyrirhugaðs eldis í Patreksfirði og Tálknafirði skapar hættu á að óhöpp verði tíðari og umfang slyssleppinga verði meira en reynslan sýnir. Þá er ekki hægt að útiloka að strokufiskar leiti út fyrir Patreksfjarðarflóa og syndi til hafs eða leiti upp í ár í nærliggjandi fjörðum, allt eftir því hvar laxinn er staddur á lífsferli sínum þegar hann sleppur úr eldi. Það er mat Skipulagsstofnunar að hættan sé meiri ef óhapp verður þegar stutt er í að strokufiskurinn nái kynþroska og því líklegra að hann leiti í ár, en minni ef eldislaxinn syndir til hafs því einungis um 5% laxa endurheimtist í ám eftir sjávardvöl. Þótt far strokulaxa úr eldi fyrir nokkrum árum virðist hafa takmarkast við Patreksfjörð, er líklegt að sú mikla aukning sem er áformuð á framleiðslu í fjörðunum feli í sér meiri hættu á að lax sleppi úr eldiskvíunum og að áhrifa eldisins geti orðið vart utan Patreksfjarðarflóa, með tilheyrandi hættu á að eldislax blandist villtum laxastofnum.

8.1.2.4 Landslag og ásýnd

Í matsskýrslu segir að eldissvæðin verða sýnileg víða í fjörðunum en ekkert svæði verður fyrir verulegri breytingu á ásýnd eða ímynd. Svæðin sem verða fyrir einna mestum sjónrænum áhrifum eru Raknadalshlíð í Patreksfirði og Laugardalur og Suðueyri í Tálknafirði en áhrifin geta þó ekki talist talsverð þar sem þau eru tímabundin og að fullu afturkræf. Áhrif á þéttbýlið á Patreksfirði verða fremur lítil og á Tálknafirði verða áhrifin sama og engin. Líklegt er að ímynd þéttbýlisstaðanna haldist óbreytt. Ekki er líklegt eldissvæðin hafi teljandi áhrif á ímynd eða útivistargildi gönguleiða eða útivistarsvæða. Eldissvæði geta haft áhrif á ímynd hverfisverndarsvæðisins á Suðueyri í Tálknafirði, en áhrif á önnur hverfisverndarsvæði og svæði á náttúruminjaskrá verða óveruleg eða hverfandi. Í heildina verða áhrif á landslag og ásýnd **óveruleg** og afturkræf.

Skipulagsstofnun telur að þegar horft er frá strönd beri eldismannvirkin við hafflötinn og frá því sjónarhorni sjáist þau takmarkað, nema þar sem eldiskvíar eru skammt undan landi, svo sem af útivistarsvæði við Sandodda í Patreksfirði og Laugardal í Tálknafirði. Hins vegar er ljóst að eldismannvirki verða áberandi þar sem horft verður yfir hafflötinn af fjalli næst eldissvæðum. Skipulagsstofnun telur að sjónræn áhrif verði helst í námunda við eldissvæði hverju sinni, en takmörkuð á öðrum hlutum Patreksfjarðar og Tálknafjarðar og sjónræn áhrif verði því **nokkuð neikvæð**.

8.1.2.5 Samfélag

Í matsskýrslu segir að allt bendir til að vaxandi fiskeldi á svæðinu muni hafa **verulega jákvæð** áhrif á samfélagið. Aukin atvinna, verðmætasköpun og margfeldisáhrif af eldinu hafa nú þegar átt þátt í að snúa við neikvæðri íbúáþróun á svæðinu og búast má við að frekari uppbyggingin leiði til enn jákvæðari þróunar. Samfélagið getur tekið við talsverðri íbúafjölgun áður en efla þarf núverandi innviði. Skortur á húsnæði og lélegar samgöngur eru þeir þættir sem helst geta haft neikvæð áhrif á uppbyggingarmöguleikana. Margt bendir þó til að aukin tiltrú fólks á svæðið og atvinnumöguleika þess ýti undir bætt ástand. Komi til þess að núverandi væntingar um uppbyggingu í fiskeldi gangi ekki eftir má búast við því að áhrifin vegna þess geti orðið talsvert neikvæð.

Skipulagsstofnun er ekki kunnugt um að rannsókn hafi verið gerð á samfélagslegum áhrifum fiskeldis á Vestfjörðum og er því ekki mögulegt að fullyrða um áhrif fiskeldisins á íbúáþróun.

8.1.2.6 Aðrar sjávarnytjar

Í matsskýrslu segir að fyrirhugað eldi mun hafa óveruleg áhrif á siglingar, innviði, veiðar og aðra starfsemi sem hér er fjallað um. Áhrifin verða að mestu leyti afturkræf ef fiskeldið hættir af einhverjum



orsökum. Aukin þjónusta og umsvif vegna eldisins getur einnig styrkt aðra starfsemi og þannig haft **talsverð jákvæð** áhrif.

Skipulagsstofnun segir að eldi muni þrengja að siglingaleiðum um Tálknafjörð, en samkvæmt matsskýrslu hefur siglingaöryggi verið tryggt í samráði við viðeigandi stofnanir. Gerð hefur verið grunnskráning á sjávarnytjum í Patreksfirði og Tálknafirði og samkvæmt henni er sjóstangaveiði og æðarnytjar í nágrenni eldissvæða í fjörðunum. Gera má ráð fyrir að eldið muni draga að botnfisk og því verði sjóstangaveiði ekki fyrir neikvæðum áhrifum. Hins vegar er óvissa um áhrif framkvæmdarinnar á hlunnindanýtingu af æðarvarpi. Stofnunin telur að fiskeldið muni ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á siglingaleiðir eða aðra starfsemi í Patreksfirði og Tálknafirði, en til fiskeldisins þarf rými sem nýtist ekki til annars á meðan starfsemin er í gangi.

8.1.2.7 Ferðaþjónusta og útivist

Eldiskvíarnar munu hafa óveruleg áhrif á ásýnd og ímynd fjarðanna. Kannanir benda auk þess til að breytt ásýnd muni ekki hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna á svæðinu. Eldiskvíarnar munu ekki trufla mikið aðgengi og umferð ferðamanna í fjörðunum. Niðurstaðan er því sú að áhrif á ferðaþjónustu og útivist verða **óveruleg** og að mestu afturkræf. Aukin þjónusta og umsvif vegna eldisins getur einnig styrkt ferðaþjónustu á svæðinu og þannig haft jákvæð áhrif.

Skipulagsstofnun segir að ferðamenn sem sækja Vestfirði heim koma fyrst og fremst í þeim tilgangi að ganga um svæðið og njóta útsýnis. Fiskeldi við núverandi aðstæður hefur neikvæð áhrif á ásýnd og náttúrulegt umhverfi Vestfjarða en þó ekki nægilega mikil til að spilla viðhorfi þeirra til landsvæðisins. Vísbendingar eru þó um að aukið umfang fiskeldis muni hafa enn frekar neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna á landslagi svæðisins og náttúrulegu yfirbragði þess.

8.1.2.8 Náttúru- og menningarminjar

Í matsskýrslu segir að botnfestingar kunna að hafa bein áhrif á ókunn skipsflök eða fornminjar á hafsbötni. Botnfall frá eldiskvíum mun hafa óbein áhrif á hugsanlegar fornminjar sem kunna að finnast næst eldiskvíum. Vægi slíkra áhrifa er talin **óveruleg** í ljósi þess að engar þekktar fornminjar eru innan afmarkaðra eldissvæða. Aðstæður verða skoðaðar áður en kvíar verða festar og brugðist verður við með viðeigandi hætti, í samráði við Minjastofnun Íslands, ef minjar koma í ljós.

Í matsskýrslu segir að framkvæmdin kemur ekki til með að hafa bein áhrif á verndarsvæði eða gildi þeirra, og því eru áhrifin metin **óveruleg**.

Skipulagsstofnun segir að áhrif á náttúru- og menningarminjar verði **óveruleg**.

8.1.2.9 Samlegðaráhrif

Í matsskýrslu segir að aukin umsvif í sjókvíaeldi eru í heildina talin mjög jákvæð fyrir samfélagið. Áhrif á vistkerfi fjarða eða á stofnerðasamsetningu á villtum laxastofnun eru talin **óveruleg**.

Skipulagsstofnun segir að að hafa beri í huga að eldið mun leggjast saman við annað starfrækt og áformað laxeldi í Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi. Skipulagsstofnun telur að eftir því sem laxeldi dreifist víðar um firði Vestfjarða og heildarumfang framleiðslunnar vex sé líklegt að hætta aukist á að eldislaxar nái að hrygna í vestfirskum ám og hafi möguleika á að blanda erfðaefni við villtan lax. Stofnunin telur að ef blendingar ná fótfestu í viðkomandi laxastofni verði áhrifin varanleg og óafturkræf.

Stofnunin segir að auk fyrirhugaðrar framkvæmdar Fjarðalax og Arctic Sea Farm er eldi í sjókvíum starfrækt eða fyrirhugað í flestum fjörðum Vestfjarða. Skipulagsstofnun telur að með þessu fyrirkomulagi muni eldismannvirki víða blasa við vegfarendum og útivistarfólki þegar horft er til fjarðanna, einkum af fjalli. Ásýnd fjarðanna og upplifun ferðalanga muni því breytast til hins verra frá því sem áður var á stórum hluta Vestfjarða. Því telur Skipulagsstofnun líklegt að samlegð framkvæmdanna muni leiða til talsvert neikvæðra sjónrænna áhrifa og neikvæðrar upplifunar ferðamanna og útivistarfólks sem leið eigi um Vestfirði.



Tafla 8.1 Yfirlit yfir niðurstöðu matsskýrslu og Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif 14.500 tonna aukningar á framleiðslu á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði. Skipulagsstofnun notaði vægiseinkunnin „nokkuð neikvæð“ en að öðru leyti sömu vægiseinkunnir og í matsskýrslu.

Umhverfispættir		Verulega jákvæð	Talsvert jákvæð	Óveruleg	Nokkuð neikvæð	Talsvert neikvæð	Verulega neikvæð	Ekki bein afstaða
Eðliseiginleikar sjávar	Matsskýrsla			x				
	Skipulagsstofnun				x			
Botndýralíf	Matsskýrsla					x		
	Skipulagsstofnun			x	x	x		
Vilttir laxfiskar								
	- Sjúkdómar	Matsskýrsla			x			
		Skipulagsstofnun			x	x		
- Laxalús	Matsskýrsla			x				
		Skipulagsstofnun			x	x		
- Erfðablöndun	Matsskýrsla			x				
		Skipulagsstofnun						x
Landslag og ásýnd	Matsskýrsla			x				
		Skipulagsstofnun				x		
Samfélag	Matsskýrsla	x						
		Skipulagsstofnun						x
Aðrar sjávarnytjar	Matsskýrsla		x	x				
		Skipulagsstofnun						x
Ferðapjónusta og útivist	Matsskýrsla			x				
		Skipulagsstofnun						x
Menningarminjar	Matsskýrsla			x				
		Skipulagsstofnun			x			
Verndarsvæði	Matsskýrsla			x				
		Skipulagsstofnun			x			




8.2 Breytt tilhögun eldissvæða í Patreksfirði 2018

Í mars 2018 tilkynntu Arctic Sea Farm og Fjarðalax til Skipulagsstofnunar fyrirhugaða breytingu á staðsetningum eldissvæða fyrirtækjanna í Patreksfirði til ákvörðunar um matsskýldu, sjá kafla 2.3. Niðurstaða stofnunarinnar var að breyting á staðsetningu eldissvæðanna skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér verður fjallað um efni matsskýldufyrirsagnarinnar sem Skipulagsstofnun byggði ákvörðun sína á og eðli tilfærslu eldissvæða lýst. er Gerð er greining á því hvaða umhverfisþætti tilfærsla eldissvæða er líkleg til að hafa áhrif á með hliðsjón af matsskýrslu. Líkleg áhrif breyttrar tilhögunar eldissvæða eru metin með tilliti til þeirrar framkvæmdar sem kynnt var í matsskýrslu á sínum tíma.

8.2.1 Tilfærsla eldissvæða

Færa átti tvö eldissvæði í firðinum, annars vegar eldissvæði Fjarðalax við Eyri og hins vegar eldissvæði Arctic Sea Farm við Kvígindisdal, sjá Mynd 8.2. Einnig var lögun svæðanna breytt og þau stækkuð lítillega. Gert var ráð fyrir að kvíar snúi þvert á straumstefnu.



Mynd 8.2 Breytt staðsetning eldissvæða Arctic Sea Farm og Fjarðalax í Patreksfirði, við Eyri og Kvígindisdal.

8.2.2 Umhverfisþættir til umfjöllunar

Hér verður gerð grein fyrir umhverfisþáttum sem um var fjallað í matsskýrslu og helstu niðurstöður matsins fyrir hvern þátt. Vegna breytingar á framkvæmdinni er metið hvaða umhverfisþættir verði mögulega fyrir áhrifum vegna hennar. Niðurstaða þess leiðir af sér hvaða umhverfisþættir verða metnir vegna breyttrar framkvæmdar, sjá töflu 8.2.



Tafla 8.2 Yfirlit yfir umhverfisþætti sem fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum 14.500 tonna aukningar á framleiðslu á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði og niðurstaða matsskýrslu fyrir hvern þátt. Vegna breytingar á framkvæmd í Patreksfirði er greint hvaða umhverfisþætti er þörf á að fjalla um og meta líkleg áhrif breytingar.

Umhverfisþáttur	Niðurstaða umhverfismats	Breytt framkvæmd
Eðliseiginleikar sjávar	Í matsskýrslu kemur m.a. fram að eðlisþættir sjávar og plöntusvif í Patreksfirði og Tálknafirði fylgja hefðbundnum árstíðafærlum eins og þeim hefur verið lýst í öðrum fjórðum landsins.	Ekki er um að ræða breytingu á umfangi framkvæmdar og mun áætlað magn lífrænna efna frá fiskeldinu haldast óbreytt. Færsla eldissvæða er ekki talin hafa áhrif á eðliseiginleika sjávar.
Botndýralíf	Í matsskýrslu kemur m.a. fram að reynslan af núverandi eldi sýni að uppsöfnun lífrænna leyfa takmarkist við setbotn í nágrenni eldiskvía og vöktun sýni að áhrif geta verið talsvert neikvæð við eldiskvíar.	Ekki var um að ræða breytingu á umfangi framkvæmdar og mun magn lífrænna efna frá fiskeldinu haldast óbreytt. Hins vegar er gert ráð fyrir að breyta afstöðu eldiskvía til straumstefnu sem gera má ráð fyrir að breyti dreifingu lífrænna efna frá eldinu og uppsöfnun þeirra á sjávarbotni. Talið er að breyting á framkvæmd geti haft áhrif á botndýralíf.
Villtir laxfiskastofnar (sjúkdómar og laxalús)	Í matsskýrslu kemur m.a. fram að sjóbirtingur veiðist á ósasvæði Botnsár í Ósafirði inn af Patreksfirði og í Sauðlauksdalsá í Patreksfirði, en undantekning sé að lax veiðist í veiðivatni í Patreksfirði. Í matsskýrslu segir að eldisfiskur sé bólusettur gegn bakteríusjúkdómum öðrum en nýrnaveiki, reglulega sé skimað fyrir nýrnaveikismiti og sýni af eldisfiski send reglulega til greiningar sem liður í vöktun á smiti í eldisfiski. Umfang lúsasmits meðal sjóbirtinga á svæðinu hefur mælst 1,6 lús/fisk og 0,3 lús/fisk hjá bleikju. Fylgst hefur verið með laxalús á eldisfiski í Patreksfirði og Tálknafirði og var smit fiska eftir 17 til 24 mánuði í eldi mest um 0,1 lús/fisk.	Tilfærsla á eldissvæðum felur ekki í sér breytingu á umfangi framkvæmdar. Hins vegar er gert ráð fyrir að breyta afstöðu eldiskvía með tilliti til straumstefnu sem gera má ráð fyrir að breyti smitálagi innan eldissvæðis og dreifingu fisksjúkdóma og laxalúsar frá eldinu. Talið er að breyting á framkvæmd geti haft áhrif á sjúkdóma og laxalús meðal villtra laxfiska á svæðinu.
Villtir laxfiskastofnar (erfðablöndun)	Í matsskýrslu kemur m.a. fram að eldissvæði í Patreksfirði og Tálknafirði séu í meira en 100 km fjarlægð frá laxveiðiám, en minni laxveiðiár séu í 50 til 100 km fjarlægð, innst í Ísafjarðardjúpi og á Barðaströnd. Laxveiði í ám á Vestfjörðum sé breytilegri en almennt gerist í öðrum landshlutum, sem bendi til þess að umhverfisskilyrði í hafi ráði miklu um stofnstærð. Lax veiðist í Sunndalsá í Arnarfirði og einnig í Botnsá í Tálknafirði þar sem lax hrygni. Lax hrygni ekki í ám í Patreksfirði. Líklegt sé að eldislax sem veiddist við ár í Patreksfirði hafi líklega komið úr slysasleppingu úr kvíum Fjarðalax í Patreksfirði um vetur árið 2013. Enginn eldislax hafi veiðist utan Patreksfjarðar.	Ekki er um að ræða breytingu á umfangi framkvæmdar og magn eldisfisks það sama og fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum. Kröfur varðandi eldiskvíar og búnað eru þær sömu og áður, þ.e. staðallinn NS 9415. Færsla eldissvæða er ekki talin hafa áhrif á erfðablöndun.



Umhverfisþáttur	Niðurstaða umhverfismats	Breytt framkvæmd
Landslag og ásýnd	Í matsskýrslu kemur m.a. fram að eldissvæðin verða sýnileg víða í fjörðunum en einna mest frá Raknadalshlíð í Patreksfirði. Áhrif á þéttbýlið á Patreksfirði verða fremur lítil og líklegt að ímynd staðarins haldist óbreytt. Ekki er líklegt eldissvæðin hafi teljandi áhrif á ímynd eða útivistargildi gönguleiða eða útivistarsvæða.	Eldissvæði við Eyri (Þúfneyri) og Kvígindisdal voru færð til, lögun svæðanna breytt og þau stækkuð lítillega. Ný staðsetning svæðis við Eyri skaraðist verulega við þá fyrri, en ný staðsetning svæðis við Kvígindisdal við norðurenda fyrri svæðis. Eftir tilfærsluna voru nýju eldissvæðin innan sama landslagsrýmis og fyrri svæði (sjá töflu 5.12 í matsskýrslu). Færsla eldissvæða er ekki talin hafa áhrif á landslag og ásýnd.
Hagrænir og félagslegir þættir	Í matsskýrslu segir m.a. að allt bendi til að vaxandi fiskeldi á svæðinu muni hafa verulega jákvæð áhrif á samfélagið. Fyrirtækin áætla að 120 manns þurfi til að framleiða 20.000 tonn af eldislaxi í fjörðunum tveimur og 100 vegna vinnslu og þökkunar afurða. Afleidd störf eru áætluð um 190. Samtals má því búast við að starfsmannafjöldi vegna eldis í fjörðunum tveimur verði ríflega 400.	Ekki er um að ræða breytingu á umfangi framkvæmdar og fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum. Mismunandi útfærsla á staðsetningu eldissvæða breytir ekki starfsemi. Ekki talin hafa áhrif á hagræna og félagslega þætti.
Aðrar sjávarnytjar	Í matsskýrslu segir m.a. að fyrirhugað eldi muni hafa óveruleg áhrif á siglingar, innviði, veiðar og aðra starfsemi. Áhrifin verða að mestu leyti afturkræf ef fiskeldið hættir af einhverjum orsökum.	Eldissvæði við Eyri (Þúfneyri) og Kvígindisdal voru færð til, lögun svæðanna breytt og þau stækkuð lítillega. Ný staðsetning svæðis við Eyri skaraðist verulega við þá fyrri, en ný staðsetning svæðis við Kvígindisdal við norðurenda fyrri svæðis. Eftir tilfærsluna voru nýju eldissvæðin að miklu leyti á sama stað og samkvæmt matsskýrslu. Færsla eldissvæða er ekki talin hafa áhrif á aðrar sjávarnytjar í Patreksfirði.
Ferðabjónusta og útivist	Í matsskýrslu var m.a. stuðst við niðurstöður könnunar á nýtingu ferðabjónustufyrirtækja á strandsvæðum Vestfjarða. Eldiskvíar munu hafa óveruleg áhrif á ásýnd og ímynd fjarðanna og ekki hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna á svæðinu.	Ný staðsetning eldissvæða í Patreksfirði felur ekki í sér breytingu á fjölda eldiskvía frá því sem gert var ráð fyrir í matsskýrslu. Ekki heldur hvað varðar skipulag eldisins, svo sem tilfærsla eldiskvía milli svæða og hvíld eldissvæða. Ekki er því um að ræða breytingu á umfangi framkvæmdar sem fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum. Færsla eldissvæða er ekki talin hafa áhrif á upplifun ferðamanna og þar með á ferðabjónustu og útivist í Patreksfirði.
Náttúru- og menningarminjar	Í matsskýrslu kemur m.a. fram að ekki sé líklegt að minjar finnist á botni undir eldissvæðum, sjá mynd 5.31 í matsskýrslu. Engin friðlýst svæði eru í Patreksfirði en í firðinum er svæði á náttúruminjaskrá, þ.e. Hafnarvaðall í Örlygshöfn í Patreksfirði, sjá mynd 5.32 í matsskýrslu.	Ný staðsetning svæðis við Eyri skaraðist verulega við þá fyrri, en ný staðsetning svæðis við Kvígindisdal við norðurenda fyrri svæðis. Færsla eldissvæða er ekki talin hafa áhrif á náttúruminjar né menningarminjar.




Ekki er um að ræða breytingu á umfangi framkvæmdar og myndi magn lífrænna efna frá fiskeldinu haldast óbreytt. Ef undan er skilin tilfærsla á staðsetningu tveggja eldissvæða í Patreksfirði er breytt framkvæmd að öðru leyti óbreytt frá því að matið fór fram. Vegna tilfærslu eldissvæða í Patreksfirði eru hér metin áhrif á eftirfarandi umhverfisþætti: Botndýralíf og villtir stofnar laxfiska vegna sjúkdóma og laxalúsar.

8.2.3 Grunnástand

Vísað er í kafla 5.2 í matsskýrslu varðandi lýsingu á grunnástandi sjávar í Patreksfirði. Frá því að matið fór fram voru gerðar sérstakar straummælingar á eldissvæðum við Kvígindisdal og Eyri vegna fyrirhugaðrar tilfærslu svæðanna, sjá Viðauka 2.

Straumur á 15 m dýpi fyrir Kvígindisdal er að meðaltali 4,4 cm/s. Þar af eru 5,6 % af mæligildum > 10 cm/s, 56,7 % af mæligildum eru á milli 10 og 3 cm/s, 31,2 % af mæligildum eru á milli 3 og 1 cm/s og 6,5 % af mæligildum eru < 1cm/s. Megin tilflutningur sjávar á þessu dýpi er inn fjörðinn, sjá Mynd 8.3. Fyrir Eyri eru meðal straumhraði á 15 m dýpi aðeins hærri en við Eyri eða að meðaltali 5,2 cm/s. Þar af eru 9,5 % af mæligildum > 10 cm/s, 60,4 % af mæligildum eru á milli 10 og 3 cm/s, 25,5 % af mæligildum eru á milli 3 og 1 cm/s og 4,6 % af mæligildum eru < 1 cm/s. Megin tilflutningur sjávar á þessu dýpi er út fjörðinn, sjá Mynd 8.3.



Mynd 8.3 Til vinstri: Tilflutningur sjávar á 15 m dýpi við Kvígindisdal í Patreksfirði. Til hægri: Tilflutningur sjávar á 15 m dýpi við Eyri í Patreksfirði, sjá Viðauka 2.

8.2.4 Líkleg umhverfisáhrif

Í eftirfarandi köflum er fjallað um líkleg áhrif breyttrar tilhögunar eldissvæða við Eyri og Kvígindisdal í Patreksfirði með tilliti til þeirrar framkvæmdar sem kynnt var í matsskýrslu á sínum tíma.

8.2.4.1 Botndýralíf

Arctic Sea Farm og Fjarðalax telja að með því að snúa kvíum við Kvígindisdal og Eyri þvert á straumstefnu verði meiri dreifing lífræns efna frá eldinu miðað við það fyrirkomulag sem gert var ráð fyrir í matsskýrslu. Almennt sýna niðurstöður vöktunar á eldissvæðum í fjörðum landsins að fiskeldi í sjókvíum hefur áhrif á lífríki botns á afmörkuðu svæði og um 100 m frá eldiskvíum gætir áhrifa lítið eða ekki.^{25,26,27} Niðurstöðurnar eru í samræmi við rannsóknir í Fossfirði í Arnarfirði sem gefa til kynna að

²⁵ Cristian Gallo og Margrét Thorseteinsson. 2017. Lokaskýrsla fyrir Haganes. Laxeldi í sjó 2014-2016. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 3-17. 28 bls.

²⁶ Böðvar Þórisson, Cristian Gallo, Eva Dögg Jóhannsdóttir. 2015. Vöktun á botndýralífi við fiskeldiskvíar í Fossfirði 2011 - 2014. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 2-15, 25 bls.

²⁷ Eiríksson T, Moodley Leon, Helgason GV, Lilliendahl K, Halldórsson HP, Bamber S, et al. 2017. Estimate of organic load from aquaculture - a way to increased sustainability. Reykjavík; 2017. doi:10.13140/RG.2.2.14202.29123.



mest af fódurleifum falli til botns undir sjókvíum og 20 m frá kvíum hafi um 50% fódurleifa botnfallið.²⁸ Þá hefur nýleg rannsókn leitt í ljós að 50 m frá sjókvíum er lífmassi baktería í seti ekki marktækt hærri en á botni enn fjær eldisstað.²⁹ Einnig má benda á að staðall ASC afmarkar áhrifasvæði eldis 30 m frá eldisstað.

Staðfest er að Patreksfjörður er að jafnaði vel blandaður og súrefnisinnihald hátt, en lægstur súrefnisstyrkur í mesta dýpi fjarðarins á haustmánuðum.³⁰ Að hausti, í október, hefur súrefnisstyrkur við botn Patreksfjarðar mælst almennt um og yfir 70%.³¹ Botnstraumar í nágrenni fyrirhugaðra eldissvæða eru sterkir, sjá kafla 5.2 í matsskýrslu. Fyrirhuguð eldissvæði verða ekki staðsett yfir dýpsta hluta Patreksfjarðar þar sem styrkur súrefnis mælist lægstur á haustmánuðum.

Ný staðsetning kvía þvert á straumstefnu leiðir til meiri dreifingar á úrgangi og er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á uppsöfnun lífræns efnis á botni miðað við fyrra skipulag eldissvæðanna. Færslan mun ekki auka lífrænt álag í firðinum. Eftir sem áður mun stærsti hluti efnisins falla til botns undir og í næsta nágrenni eldiskvía. Því má enn gera ráð fyrir að áhrif laxeldisins á botndýralíf verði talsvert neikvæð á takmörkuðu svæði nærri eldisstað, en fjær verði áhrifin nokkuð neikvæð til óveruleg. Með tilliti til matsskýrslu er líklegt að áhrif breyttrar tilhögunar verði **óveruleg**. Áhrifin eru afturkræf ef starfsemi verður hætt og fóðrun lýkur.

8.2.4.2 Villtir stofnar laxfiska – sjúkdómar og laxalús

Ef kvíar liggja langsum á straumstefnu, eins og óbreytt framkvæmd gerir ráð fyrir, er hætt við því að staðbundnar aðstæður myndist innan eldiskvíar fyrir eldisfisk þar sem straumur er takmarkaður á einum stað en á öðrum stöðum mikill. Hæfilegur straumur sem víðast í eldiskvíum tryggir aðgengi að ferskum sjó sem ber með sér súrefni til eldisfisks. Hentugur straumur og góður styrkur súrefnis eru mikilvægir þættir til að tryggja velferð og vöxt eldisfiska. Nýlega eldiskvía þvert á straumstefnu er líkleg til að skapa slík skilyrði og draga úr smitálagi vegna sjúkdóma og laxalúsar innan eldiseiningar en einnig á milli eldiseininga.

Fjarðalax og Arctic Sea Farm hafa aflað sér alþjóðlegrar umhverfissvottunar samkvæmt staðli ASC fyrir starfsemi sína. Stefnt er að því að fá eldissvæði við Kvígindisdal og Eyri vottuð. Staðallinn gerir kröfur um að fjöldi kynþroska lúsa fari ekki yfir ákveðin mörk en leyfir einnig ábyrga meðhöndlun með lyfjum með það í huga að vernda villta laxfiska. Eins og þekkt er kom upp lúsasmit í eldi Fjarðalax í Tálknafirði og Matvælastofnun heimilaði fyrirtækinu í júní 2018 að meðhöndla eldisfiskinn með lyfi til að ná tókum á ástandinu. Mótvægisáðgerðin kom í veg fyrir frekara smit innan eldisins og að smit bærist mögulega í villta laxfiska á svæðinu um sumarið. Í þessu fellst staðfesting á ábyrgum viðbrögðum og viðeigandi mótvægisáðgerðum eldisfyrirtækja.

Rannsóknir sem ekki lágu fyrir á þeim tíma sem matið fór fram staðfesta að við Kvígindisdal eru straumar nærri yfirborði í meginatriðum með landi inn fjörðinn, en straumurinn gagnstæður við Eyri og í átt að mynni fjarðarins. Með hliðsjón af mótvægisáðgerðum eldisfyrirtækjanna og straumum í Patreksfirði eru takmarkaðar líkur á að sjúkdóma- og lúsasmit berist með straumum frá einu eldissvæði til annars. Þá er breytt framkvæmd líkleg til að hafa jákvæð áhrif á velferð eldisfisks, styrkja mótstöðu fisksins gegn sjúkdómsvöldum og draga úr smitálagi innan eldissvæða. Þar af leiðandi er fyrirhuguð framkvæmd líkleg til að draga úr smitálagi á villta laxfiska miðað við fyrri tilhögun eldisins. Með tilliti til matsskýrslu er líklegt að áhrif breyttrar tilhögunar verði **nokkuð jákvæð** á villta laxfiska í firðinum með tilliti til sjúkdóma og laxalúsar.

²⁸ Allison, A. M. 2012. Organic accumulation under salmon aquaculture cages in Fossfjörður, Iceland. Háskólinn á Akureyri. MS ritgerð, 69 bls. Sótt þann 11.12.2018 á //hdl.handle.net/1946/12272

²⁹ Mayor, D. J., Gray, N. B., Hattich, G. S. I. and Thornton, B. 2017. Detecting the presence of fish farm-derived organic matter at the seafloor using stable isotope analysis of phospholipid fatty acids. Scientific Reports, 7: 5146.

³⁰ Hafrannsóknastofnun. 2015. Greinargerð: Mat á burðarþoli Patreks- og Tálknafjarðar m.t.t. sjókvíaeldis. Skoðað 28.01.2019 á <http://www.lf.is/wp-content/uploads/2016/03/MataburdaryoliPatreks-ogTalknafj..pdf>

³¹ Sjá t.d. töflu 5.3 í matsskýrslu.



8.3 Breytt tilhögun eldissvæða í Tálknafirði 2019

Hér verður gerð grein fyrir nýjum kosti á staðsetningu eldissvæðis Arctic Sea Farm í Tálknafirði og áformum Fjarðalax um að leggja af tvö eldissvæði í firðinum. Um þennan kost hefur ekki verið fjallað samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Því á Skipulagsstofnun eftir að taka afstöðu til neðangreindar tilhögunar eldissvæðanna með tilliti til niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum aukinnar framleiðslu á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði um 14.500 tonn frá árinu 2016.

Hér verður eðli tilfærslu eldissvæða lýst og gerð greining á því hvaða umhverfisþætti tilfærsla eldissvæða er líkleg til að hafa áhrif á með hliðsjón af matsskýrslu. Fjallað er um grunnástand viðkomandi umhverfisþátta í Tálknafirði og líkleg áhrif breyttrar tilhögunar eldissvæða eru metin með tilliti til þeirrar framkvæmdar sem kynnt var í matsskýrslu á sínum tíma.


8.3.1 Tilfærsla eldissvæðis og niðurfelling tveggja svæða

Arctic Sea Farm áformar að færa núverandi eldissvæði fyrirtækisins við Akurvík, norðarlega í Tálknafirði, þvert yfir fjörðinn til suðurs og á stað utan við Hvannadal, sjá Mynd 8.4. Færsla eldissvæðisins við Akurvík til Hvannadals byggir á nýrri staðarúttekt, sem unnin var samkvæmt staðlinum NS 9415:2009, sem meðal annars felur í sér áhættugreiningu, sjá Viðauka 3. Gert er ráð fyrir að kvíar á eldissvæðinu snúi þvert á straumstefnu.

Einnig er fyrirætlun Fjarðalax að leggja niður tvö af þremur eldissvæðum sínum í Tálknafirði. Eldissvæðin við Sveinseyri og Suðureyri verði aflögð, en eldi á vegum Fjarðalax verði áfram á svæði utan við Laugardal, sjá Mynd 8.4. Eins og fram kemur í kafla 8.1.1 voru eldissvæði Fjarðalax valin með fódrun úr landi í huga. Núverandi stefna fyrirtækisins er að fódra frá sjó og vera með eldissvæði þar sem straumar og sjóskipti eru góð.

Áður miðaði Fjarðalax við að staðsetja eldissvæði þar sem væri betra skjól fyrir eldisbúnað og aðgengi að fódurstöð í landi. Í dag er eldisbúnaður hannaður til að þola meira umhverfisálag. Nú er því almenn áhersla á að staðsetja eldissvæði utar í fjörðum, en þess þó gætt að umhverfisaðstæður séu vel innan marka þess sem eldisbúnaður þolir. Einnig er tekið tillit til kröfu yfirvalda um lágmarksfjarlægð á milli eldissvæða óskyldra aðila og hagsmuna annarra aðila sem nýta viðkomandi fjörð, svo sem siglingar. Við staðarval er þess einnig gætt að botn sé hallandi undir sjókvím þannig að minni hættu sé á því að lífræn efni safnist fyrir á botninum. Í ljósi þessa áherslubreytinga er ólíklegt að eldissvæðin við Sveinseyri og Suðureyri verði notuð.

Með breyttri áherslu Fjarðalax frá því að fódra frá landi og í að fódra frá fódurprömmum úti á sjó er hægt að koma eldiskvíum á svæði þar sem straumar eru sterkari og dýpi meira þannig að eldissvæði geti borið meiri framleiðslu, á sama tíma og velferð eldisfisks sé gætt og vöktun á umhverfisáhrifum viðhöfð. Meðal annars af þessum ástæðum er hægt að komast af með færri eldissvæði til að framleiða jafnmikið af eldislaxi og til stóð samkvæmt leyfum Fjarðalax til starfseminnar. Þetta er í samræmi við áætlanir Arctic Sea Farm sem hyggst sinna framleiðslu sinni á tveim eldissvæðum, öðru í Patreksfirði og hinu í Tálknafirði, enda hefur fyrirtækið frá upphafi ætlað að notast við fódurpramma og fódra frá sjó.



Mynd 8.4 Breytt staðsetning eldissvæða í Tálknafirði. Eldi Arctic Sea Farm verður staðsett við Hvannadal í stað Akravíkur áður og eldissvæði Fjarðalax lögð af við Sveinseyri og Suðureyri.

8.3.2 Umhverfispættir til umfjöllunar

Hér verður gerð grein fyrir umhverfispáttum sem um var fjallað í matsskýrslu og helstu niðurstöður matsins fyrir hvern þátt. Vegna breytingar á framkvæmdinni er metið hvaða umhverfispættir verði mögulega fyrir áhrifum vegna hennar. Niðurstaða þess leiðir af sér hvaða umhverfispættir verða metnir vegna breyttrar framkvæmdar, sjá töflu 8.3.



Tafla 8.3 Yfirlit yfir umhverfisþætti sem fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum 14.500 tonna aukningar á framleiðslu á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði og niðurstaða matsskýrslu fyrir hvern þátt. Vegna breytingar á framkvæmd í Tálknafirði er greint hvaða umhverfisþætti er þörf á að fjalla um og meta líkleg áhrif breytingar.

Umhverfisþáttur	Niðurstaða umhverfismats	Breytt framkvæmd
Eðliseiginleikar sjávar	Í matsskýrslu kemur m.a. fram að eðlisþættir sjávar og plöntusvif í Patreksfirði og Tálknafirði fylgja hefðbundnum árstíðafærlum eins og þeim hefur verið lýst í öðrum fjórðum landsins.	Ekki er um að ræða breytingu á umfangi framkvæmdar og mun áætlað magn lífrænna efna frá fiskeldinu haldast óbreytt. Færsla eldissvæða er ekki talin hafa áhrif á eðliseiginleika sjávar.
Botndýralíf	Í matsskýrslu kemur m.a. fram að reynslan af núverandi eldi sýni að uppsöfnun lífrænna leyfa takmarkist við setbotn í nágrenni eldiskvía og vöktun sýni að áhrif geta verið talsvert neikvæð við eldiskvíar.	Ekki er um að ræða breytingu á umfangi framkvæmdar og mun magn lífrænna efna frá fiskeldinu haldast óbreytt. Hins vegar verður eitt eldissvæði færð á nýja staðsetningu þar sem aðstæður á botni kunna að vera aðrar en á fyrri staðsetningu. Tvö svæði verða lögð niður, við Sveinseyri og Suðureyri, sem breyta mun álagi á botndýralíf í Tálknafirði. Talið er að breyting á framkvæmd geti haft áhrif á botndýralíf.
Villtir laxfiskastofnar (sjúkdómar og laxalús)	Í matsskýrslu kemur m.a. fram að sjóbirtingur veiðist í Tálknafirði helst í Botnsá og einstaka lax einnig, en í ánni eru búsvæði fyrir slíka fiska. Í matsskýrslu segir að eldisfiskur sé bólusetur gegn bakteríusjúkdómum öðrum en nýrnaveiki, reglulega sé skimað fyrir nýrnaveikismiti og sýni af eldisfiski send reglulega til greiningar sem liður í vöktun á smiti í eldisfiski. Umfang lúsasmits meðal sjóbirtinga á svæðinu hefur mælst 1,6 lús/fisk og 0,3 lús/fisk hjá bleikju. Fylgst hefur verið með laxalús á eldisfiski í Patreksfirði og Tálknafirði og var smit fiska eftir 17 til 24 mánuði í eldi mest um 0,1 lús/fisk.	Breytt tilhögun felur ekki í sér breytingu á umfangi framkvæmdar. Hins vegar er gert ráð fyrir að færa eldissvæði til Hvannadals þar sem straumaðstæður eru aðrar en á núverandi stað við Akravík. Breyta á afstöðu kvía með tilliti til straumstefnu á eldissvæðum í Tálknafirði sem gera má ráð fyrir að breyti smitálagi innan eldissvæðis og dreifingu fisksjúkdóma og laxalúsar frá eldinu. Þá er gert ráð fyrir að fella niður tvö eldissvæði í firðinum. Talið er að breyting á framkvæmd geti haft áhrif á sjúkdóma og laxalús meðal villtra laxfiska á svæðinu.
Villtir laxfiskastofnar (erfðablöndun)	Í matsskýrslu kemur m.a. fram að eldissvæði í Patreksfirði og Tálknafirði séu í meira en 100 km fjarlægð frá laxveiðiám, en minni laxveiðiár séu í 50 til 100 km fjarlægð, innst í Ísafjarðardjúpi og á Barðaströnd. Laxveiði í ám á Vestfjörðum sé breytilegri en almennt gerist í öðrum landshlutum, sem bendi til þess að umhverfisskilyrði í hafi ráði miklu um stofnstærð. Lax veiðist í Sunndalsá í Arnarfirði og einnig í Botnsá í Tálknafirði þar sem lax hrygni. Lax hrygni ekki í ám í Patreksfirði. Líklegt sé að eldislax sem veiddist við ár í Patreksfirði hafi mögulega komið úr slyasleppingu úr kvíum Fjarðalax í Patreksfirði um vetur árið 2013. Enginn eldislax hafi veiðist utan Patreksfjarðar.	Ekki er um að ræða breytingu á umfangi framkvæmdar og magn eldisfisks það sama og fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum. Kröfur varðandi eldiskvíar og búnað eru þær sömu og áður, þ.e. staðallinn NS 9415. Færsla eldissvæða er ekki talin hafa áhrif á erfðablöndun.



Umhverfisþáttur	Niðurstaða umhverfismats	Breytt framkvæmd
Fuglar	Í matsskýrslu kemur fram að í fjörðunum og í nágrenni við eldissvæðin séu ekki þekkt búsvæði fugla sem teljast einstök eða sérlega viðkvæm og að ekki sé vitað til þess að þar finnist fuglategundir sem eru á lista yfir tegundir í útrýmingarhættu (IUCN). Ekki var lagt mat áhrif framkvæmdar á fugla í matsskýrslu.	Eldissvæði við Akurvík í Tálknafirði verður fært yfir fjörðinn og ný staðsetning þess verður við Hvannadal, nálægt sjófuglabyggð í Tálkna. Tvö eldissvæði verða lögð niður, við Sveinseyri og Suðureyri. Tálkni er á skrá Náttúrufræðistofnunar Íslands sem mikilvægt fuglasvæði. Færsla eldissvæða er talin geta haft áhrif á fugla.
Landslag og ásýnd	Í matsskýrslu kemur m.a. fram að eldissvæði í Tálknafirði verða mest sýnileg frá Laugardal og Suðureyri. Áhrif á þéttbýlið á Tálknafirði verða sama og engin og líklegt að ímynd staðarins haldist óbreytt. Ekki er líklegt eldissvæðin hafi teljandi áhrif á ímynd eða útivistargildi gönguleiða eða útivistarsvæða.	Eldissvæði við Akurvík í Tálknafirði verður fært yfir fjörðinn og ný staðsetning þess verður við Hvannadal. Tvö svæði verða lögð niður, við Sveinseyri og Suðureyri. Færsla eldissvæða er talin hafa áhrif á landslag og ásýnd.
Hagrænir og félagslegir þættir	Í matsskýrslu segir að allt bendi til að vaxandi fiskeldi á svæðinu muni hafa verulega jákvæð áhrif á samfélagið. Fyrirtækin áætla að 120 manns þurfi til að framleiða 20.000 tonn af eldislaxi í fjörðunum tveimur og 100 vegna vinnslu og þökkunar afurða. Afleidd störf eru áætluð um 190. Samtals má því búast við að starfsmannafjöldi vegna eldis í fjörðunum tveimur verði ríflega 400.	Ekki er um að ræða breytingu á umfangi framkvæmdar og fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum. Mismunandi útfærsla á staðsetningu eldissvæða breytir ekki umfangi starfseminnar. Færsla eldissvæða er ekki talin hafa áhrif á hagræna og félagslega þætti.
Aðrar sjávarnytjar	Í matsskýrslu segir m.a. að fyrirhugað eldi muni hafa óveruleg áhrif á siglingar, innviði, veiðar og aðra starfsemi. Áhrifin verða að mestu leyti afturkræf ef fiskeldið hættir af einhverjum orsökum.	Eldissvæði verður fært yfir fjörðinn og tvö eldissvæði verða lögð niður. Færsla eldissvæða er talin geta haft áhrif á aðrar sjávarnytjar í Tálknafirði.
Ferðaþjónusta og útivist	Í matsskýrslu var m.a. stuðst við niðurstöður könnunar á nýtingu ferðaþjónustufyrirtækja á strandsvæðum Vestfjarða. Eldiskvíar munu hafa óveruleg áhrif á ásýnd og ímynd fjarðanna og ekki hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna á svæðinu.	Á hverjum tíma verða tvö eldissvæði í notkun í Tálknafirði, eitt fyrir hvort eldisfyrirtækið eins og gert var ráð fyrir í matsskýrslu. Sami fjöldi kvía verður notaður og gert var ráð fyrir í matsskýrslu, þó eldissvæði við Sveinseyri og Suðureyri verði lögð niður. Breyting á framkvæmd er ekki talin hafa áhrif á upplifun ferðamanna og þar með á ferðaþjónustu og útivist í Tálknafirði.
Náttúru- og menningarminjar	Í matsskýrslu kemur m.a. fram að ekki sé líklegt að minjar finnist á botni undir eldissvæðum, sjá mynd 5.31 í matsskýrslu. Engin friðlýst svæði eru í Tálknafirði en í firðinum er svæði á náttúruminjaskrá, þ.e. Þórislídaarfjall utan við norðanverðan Tálknafjörð, sjá mynd 5.32 í matsskýrslu.	Náttúru- og menningarminjar eru ekki á eldissvæðum við Sveinseyri og Suðureyri. Færsla á eldissvæði yfir að Hvannadal mun ekki varða náttúru- og menningarminjar. Færsla eldissvæða er ekki talin hafa áhrif á náttúruminjar né menningarminjar í Tálknafirði.



Ekki er um að ræða breytingu á umfangi framkvæmdar og myndi magn lífrænna efna frá fiskeldinu haldast óbreytt. Vegna tilfærslu eins eldissvæðis í Tálknafirði og niðurfellingar tveggja annarra eldissvæða er, eins og fram kemur í töflu 8.3, talin þörf á að meta áhrif á eftirfarandi umhverfisþætti: Botndýralíf, villta stofna laxfiska vegna sjúkdóma og laxalúsar, landslag og ásynd og aðrar sjávarnytjar.


8.3.3 Grunnástand

8.3.3.1 Straumar

Vísað er í kafla 5.2 í matsskýrslu varðandi lýsingu á grunnástandi sjávar í Tálknafirði. Frá því að matið fór fram voru gerðar sérstakar straummælingar á eldissvæðum við Hvannadal vegna fyrirhugaðrar tilfærslu eldissvæðis og á eldissvæði Fjarðalax við Laugardal, sjá Viðauka 3 og 4.


Vindur hefur áhrif á strauma við yfirborð sjávar en sterkan vind úr sömu átt í lengri tíma þarf til að hafa áhrif á dýpri strauma. Austlægar vindáttir eru ríkjandi á svæðinu, en meira skjól úr öðrum áttum og vindar úr vestri ekki algengir, sjá Mynd 8.5. Við Hvannadal er flutningur sjávar við yfirborð í samræmi við þetta og meginflutningur yfirborðssjávar til NV, með landi og út fjörðinn. Dýpra er flutningur sjávar í gagnstæða átt, þ.e. til ASA, sjá Mynd 8.6. Straumur á 15 m dýpi við Hvannadal er að meðaltali 4,9 cm/s. Þar af eru 7,5 % af mæligildum > 10 cm/s, 62,1 % af mæligildum eru á milli 10 og 3 cm/s, 25,7 % af mæligildum eru á milli 3 og 1 cm/s og 4,7 % af mæligildum eru < 1cm/s. Megin tilflutningur sjávar á þessu dýpi er inn fjörðinn.

Samkvæmt niðurstöðum straummælinga á eldissvæði Fjarðalax við Laugardal er tilflutningur sjávar á þeim stað til NV og út úr firðinum, bæði við yfirborð og dýpra, sjá Mynd 8.7. Við Laugardal er meðal straumhraði á 15 m dýpi 4,2 cm/s. Þar af eru 6,6 % af mæligildum > 10 cm/s, 49,0 % af mæligildum eru á milli 10 og 3 cm/s, 36,4 % af mæligildum eru á milli 3 og 1 cm/s og 7,9 % af mæligildum eru < 1 cm/s.




Mynd 8.5 Vindrósir í Tálknafirði samkvæmt reiknuðu vindafari. Athuga að vindur blæs inn að miðju.³²

³² Vindatlas Veðurstofu Íslands. Skoðað þann 20.01.2019 á <http://www.vindatlas.vedur.is/#>



Mynd 8.6 Vindur og straumar í Tálknafirði við Hvannadal. Til vinstri: Vindrós (vindátt og vindstyrkur) samkvæmt mælingum á nálægri veðurathugunarstöð (ath. vindur blæs inn að miðju). Í miðju: Tilflutningur sjávar á 5 m dýpi (yfirborðssjór) við Hvannadal. Til hægri: Tilflutningur sjávar á 15 m dýpi við Hvannadal. Veðurmælingar og straummælingar gerðar á tímabilinu 3.7. til 2.8. 2018, sjá Viðauka 3.




Mynd 8.7 Straumar í Tálknafirði við Laugardal. Til vinstri: Tilflutningur sjávar á 5 m dýpi (yfirborðssjór). Til hægri: Tilflutningur sjávar á 15 m dýpi. Straummælingar gerðar á tímabilinu 10.3. til 9.4.2016, sjá Viðauka 4.

8.3.3.2 Botndýralíf

Dýpi undir eldissvæði við Hvannadal er 54-57 m og botnset er leir, en mögulega skeljasandur á botni næst landi, sjá Mynd 8.8. Fínt set eða leir er ríkjandi botngerð í Patreksfirði og Tálknafirði og eitt botndýrasamfélag er á leirbotni í báðum fjörðunum, sem einkennist af tegundum sem algengar eru í fjörðum landsins.³³

³³ Steinunn Hilma Ólafsdóttir. 2015. Benthic communities in Tálknafjörður and Patreksfjörður. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, Hafrannsóknir nr. 179.



Mynd 8.8 Botndýpi (m) í Tálknafirði. Rammarnir tveir sýna mögulega staðsetningu kvía á eldissvæðinu við Hvannadal. Sjá Viðauka 3.³⁴

8.3.3.3 Fuglar

Í kafla 2.3.2 í matsskýrslu er fjallað um fugla í Tálknafirði og Patreksfirði. Þar kemur fram að í fjörðunum tveimur séu ekki þekkt búsvæði fugla sem teljast einstök eða sérlega viðkvæm. Þar sé ekki að finna fuglategundir sem eru á lista yfir tegundir í útrýmingarhættu (IUCN listed). Í fuglatalningu sem fram fór sumarið 2010 hafi fundist alls 31 tegund á svæðinu við Sveinseyri í Tálknafirði.³⁵ Einnig kemur fram í matsskýrslu að leirur og grunnsævi séu mikilvæg búsvæði fyrir sjófugla og að miða megi við að búsvæði sjófugla sé að 25 m dýpi frá strandlengju. Eldiskvíar séu hins vegar staðsettar á að minnsta kosti 40 m dýpi.

Tilfærsla eldissvæðis Arctic Sea Farm að Hvannadal færir eldissvæðið nær Tálkna sem er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði³⁶ vegna varps hvítmáfa og fýla í fjallinu. Talið er að um 2,5% íslenska fýlastofnsins verpi þar og um 1.6% hvítmáfsstofnsins. Báðar tegundirnar eru í flokki tegunda í hættu í valista Náttúrufræðistofnunar Íslands³⁷ vegna mikillar fækkunar á undanförunum áratugum.

8.3.3.4 Landslag og ásjón

Varðandi lýsingu á grunnástandi vegna landslags og ásjónar vísast í kafla 5.5 í matsskýrslu. Í Tálknafirði hafa verið skilgreind fjögur landslagsrými: Innsti hluti fjarðarins, svæði sem þéttbýlið Tálknafjörður tilheyrir, svæði utan Sveinseyrar og ysti hluti Tálknafjarðar. Fyrirhuguð breyting á framkvæmd varðar tvö síðast töldu landrýmin.

Tilfærsla eldissvæðis Arctic Sea Farm að Hvannadal varðar landslagsrými í ysta hluta Tálknafjarðar. Samkvæmt matsskýrslu er búseta og sumarhús við ströndina að norðanverðu en að sunnanverðu er aðeins sumarhús á Suðureyri. Að norðanverðu liggur fáfarinn vegur um landslagsrýmið út með firðinum og endar við Akravík. Enginn vegur er að sunnanverðu í rýminu. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir gönguleiðum milli Tálkna og Suðureyrar og upp úr dölum að norðanverðu. Að norðanverðu eru

³⁴ Thomas Heggem og Steinar Dalheim Eriksen. 2019. Arctic Fish, Lokalitetsrapport Hvannadalur. Akvaplan – niva AS Rapport: 60201.05.

³⁵ Böðvar Þórisson. 2010. Athugun á hugsanlegum fuglaskoðunarstöðum á Vestfjörðum. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 18-10.

³⁶ <https://www.ni.is/node/16094>

³⁷ <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>




útivistarfjörur og áhugavert dýralíf. Suðureyri nýtur hverfisverndar vegna sérstæðs fuglalífs, gróðurs, útivistargildis og söguminja.

Niðurfelling eldissvæða Fjarðalax varðar landslagsrými utan Sveinseyrar, skammt norðan við þéttbýlið Tálknafjörður. Samkvæmt matsskýrslu er búseta og fiskeldi á landi í námunda við Sveinseyri og sumarhús er á Suðureyri. Um landslagsrýmið að norðanverðu liggur fáfarinn vegur út með firðinum, þar eru útivistarfjörur og áhugavert dýralíf og einnig æðarvarp. Að sunnanverðu er gert ráð fyrir gönguleiðum í landslagsrýminu samkvæmt gildandi aðalskipulagi.

8.3.3.5 Aðrar sjávarnytjar

Varðandi lýsingu á grunnástand sjávarnytja í Patreksfirði og Tálknafirði vísast í kafla 5.7 í matsskýrslu. Fram kemur að sveitarfélög á Vestfjörðum hafa skráð sjávaltengda nýtingu í fjörðunum. Niðurstöðurnar má sjá á Mynd 8.9.



Mynd 8.9 Nýting strandsvæða í Tálknafirði og Patreksfirði. Mynd úr matsskýrslu.

8.3.4 Líkleg umhverfisáhrif

Í eftirfarandi köflum er fjallað um líkleg áhrif breyttrar tilhögunar eldis í Tálknafirði, þ.e. tilfærslu eldissvæðis og niðurfellingu tveggja eldissvæða, með tilliti til þeirrar framkvæmdar sem kynnt var í matsskýrslu á sínum tíma.

8.3.4.1 Botndýralíf

Fyrir liggur að þar sem eldissvæði við Hvannadal mun verða er leirbotn og á slíkum botni er eitt botndýrasamfélag í Patreksfirði og Tálknafirði, sem einkennist af tegundum sem algengar eru í fjörðum landsins, samanber kafla 8.3.3.2.



Eins og segir í kafla 8.2.4.1 sýna niðurstöður vöktunar á eldissvæðum í fjörðum landsins að fiskeldi í sjókvíum hefur áhrif á lífríki botns á afmörkuðu svæði og um 100 m frá eldiskvíum gæti áhrifa lítið eða ekki. Niðurstöðurnar eru í samræmi við rannsóknir í Fossfirði í Arnarfirði sem gefa til kynna að mest af fódurleifum falli til botns undir sjókvíum og 20 m frá kvíum hafi um 50% fódurleifa botnfallið. Þá hefur nýleg rannsókn leitt í ljós að 50 m frá sjókvíum er lífmassi baktería í seti ekki marktækt hærrí en á botni enn fjær eldisstað. Einnig má benda á að staðall ASC afmarkar áhrifsvæði eldis 30 m frá eldisstað. Heimildir sem vísað er til má finna neðanmáls í kafla 8.2.4.1.

Reynsla af fiskeldi í Patreksfirði og Tálknafirði er almennt sú að áhrif uppsöfnunar lífrænna leifa frá sjókvíaeldi á botndýralíf takmarkast við setbotn í næsta nágrenni við kvíar.³⁸ Það er vel þekkt að batamerki koma fram nokkrum mánuðum eftir að fódur lúkur en líklegt er að nokkur ár þurfi að líða þar til botndýrasamfélag ná upprunalegu ástandi á ný.^{39, 40, 41} Því má gera ráð fyrir að botndýralíf undir eldiskvíum muni enn bera einkenni raskaðs ástands þegar eldi hefst á ný á eldisstað.

Með því að staðsetja kvíar Arctic Sea Farm og Fjarðalax þvert á straumstefnu má ætla að lífræn efni frá eldinu dreifist betur og þynnist yfir stærra svæði en með því fyrirkomulagi sem gert var ráð fyrir í matsskýrslu frá árinu 2016. Gangi þetta eftir er líklegt að eldi við Hvannadal leiði til þess að neikvæð áhrif á botndýr, vegna uppsöfnunar á lífrænu efni, verði minni miðað við fyrra skipulag eldissvæða í Tálknafirði. Færslan er því ekki líkleg til að auka lífrænt álag í firðinum. Eftir sem áður mun stærsti hluti efnisins falla til botns undir og í næsta nágrenni eldiskvía og því má gera ráð fyrir að áhrif laxeldis við Hvannadal á botndýralíf verði talsvert neikvæð á takmörkuðu svæði nærri eldisstað, en fjær verði áhrifin nokkuð neikvæð til óveruleg. Áhrifin eru afturkræf ef starfsemi verður hætt og fódur lúkur. Niðurfelling eldissvæða við Sveinseyri og Suðureyri felur í sér að áhrif laxeldis Fjarðalax verður í framtíðinni bundið við eitt svæði, þ.e. Laugardal. Stærð eldisvæðisins er þó nægileg til þess að hægt sé að færa eldiskvíar til milli eldislota ef þess er talin þörf vegna botndýralífs á svæðinu. Í heildina mun álag á botndýralíf í Tálknafirði minnka með nýrri tilhögun og áhrif af því verði varanleg. Með tilliti til matsskýrslu er líklegt að áhrif breyttrar tilhögunar verði **talsvert jákvæð** fyrir botndýralíf Tálknafjarðar.

8.3.4.2 Villtir stofnar laxfiska – sjúkdómar og laxalús

Á haustmánuðum 2017 fór að bera á lús í laxeldi Fjarðalax við Laugardal í Tálknafirði, en á þeim tíma var slátrun þegar hafin. Í mars 2018 var ljóst að lúsinn hafði náð að fjölga sér yfir vetrarmánuðina. Á þessum tíma hafði Fjarðalax hafið undirbúning á ASC vottun fyrir eldissvæðið sem gerir kröfur um að fjöldi kynþroska lúsa fari ekki yfir ákveðin mörk en leyfir ábyrga meðhöndlun með lyfjum með það í huga að vernda villta laxfiska.

Við eftirlit Matvælastofnunar um vorið sáust greinileg merki um að lús sem lifað hafði af veturinn var lífvænleg, farin að tímgastr og merki voru um nýsmit. Tilraunir til að hreinsa fiskinn af lús höfðu ekki skilað árangri og taldi stofnunin ljóst að ef ekki yrði farið í aflúsun á þessu stigi yrði lúsasmit orðið óásættanlegt á þeim tíma sem villtir laxfiskar dvelja í sjó, síðla sumars og haust. Þann 26.06.2018 tilkynnti Matvælastofnun að stofnunin hafi heimilað Fjarðalaxi að beita lyfjameðhöndlun gegn laxalús á eldissvæðinu við Laugardal.

Yfirborðsstraumar í Tálknafirði, sem bera sjúkdóma- og lúsasmit frá laxeldi, eru í meginatriðum með landi út fjörðinn. Ef Arctic Sea Farm hefði verið með eldi á staðsetningu við Akurvík, þegar laxalús varð vandamál við Laugardal má gera ráð fyrir að smit hefði borist frá því eldi til eldisfisks við Akurvík. Með flutningi eldissvæðis Arctic Sea Farm yfir fjörðinn til Hvannadals minnka líkur á að smit berist þaðan og

³⁸ Böðvar Þórisson, Cristian Gallo og Eva Dögg Jóhannesdóttir. 2015. Vöktun á botndýralífi við fiskeldiskvíar út af Laugardal í Tálknafirði 2013-14. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 33-13.

³⁹ Keeley, N. B., Macleod, C. K., Hopkins, G. A. and Forrest, B. M. 2014. Spatial and temporal dynamics in macrobenthos during recovery from salmon farm induced organic enrichment: When is recovery complete? Marine Pollution Bulletin, 80(1-2), 250-262.

⁴⁰ Zhulay, I., Reiss, K. and Reiss, H. 2015. Effects of aquaculture following on the recovery of macrofauna communities. Marine Pollution Bulletin, 97(1-2), 381-390.

⁴¹ Keeley, N. B., Forrest, B. M. and Macleod, C. K. 2015. Benthic recovery and re-impact responses from salmon farm enrichment: Implications for farm management. Aquaculture, 435, 412-423.



yfir fjörðinn til Laugardals og öfugt. Með því að staðsetja eldissvæði fyrirtækjanna sitt hvoru megin fjarðar er líklegt að umtalsvert dragi úr hættu á að sjúkdóma- og lúsasmit berist frá einu eldissvæði til annars og skapi þannig aukna hættu fyrir villta laxfiska sem dvelja í Tálknafirði.

Með því að leggja af eldissvæði við Sveinseyri og Suðureyri verða eldissvæðin einungis tvö í Tálknafirði. Sú ráðstöfun einfaldar stýringu á eldi óskyldra aðila í firðinum og dregur úr þeirri hættu að smitsjúkdómar og laxalús magnist upp í firðinum, sem gæti haft neikvæðar afleiðingar fyrir villta laxfiskastofna á svæðinu.

Með tilliti til matsskýrslu er líklegt að áhrif breyttrar tilhögunar verði **talsvert jákvæð** fyrir villta laxfiska á svæðinu með tilliti til sjúkdóma og laxalúsar.

8.3.4.3 Fuglar

Helstu umhverfisáhrif á fugla af völdum sjókvíaeldis eru líklega vegna fóðrunar eldisfisks sem leitt getur til breytinga á fæðuframboði.

Eldi í sjókvíum eykur magn af lífrænu efni í nágrenni við þær en það getur aukið framleiðni í tegundum eins og þörungum, kræklingi, öðrum hryggleysingjum og fiskum sem svo geta nýst fuglum á svæðinu sem aukin fæða. Kræklingar eru ásætur á köðlum og reipum kvíanna og aukið lífrænt efni í sjó umhverfis kvíarnar nýtist þeim beint sem fæða sem þeir sía úr sjónum. Kræklingur er kjörfæða æðarfugla og getur aukinn staðbundinn vöxtur í kræklingastofni dregið að æðarfugla sem nýta þessa fæðuuppsprettu. Þekkt er frá Skotlandi að laxeldiskvíar dragi að æðarfugla⁴² bæði til að sækja þar í fæðu og einnig til að náttá sig. Hvítmáfar eru einnig sólgniir í krækling, bæði sem þeir tína úr fjörunni ásamt öðrum hryggleysingjum og einnig er þekkt að hvítmáfar fylgja eftir æðarhópum og ræna þá kræklingum þegar þeir koma með þá úr kafi. Villtir fiskar sækja að kvíum til að nýta fæðu sem fellur utan kvíanna⁴² og geta þeir nýst sem aukin fæða fyrir sjófugla sem eru fiskiætur eins og skarfar, máfar, hávellur og fleiri tegundir.

Laxeldiskvíar geta laðað að ýmsar tegundir fugla, aðallega sjófugla, sem nýta þær sem setstaði eða til að leita skjóls við.⁴² Í kjölfar athugasemdar í ASC úttekt á eldissvæði við Laugardal vegna fugla sem ánetjast höfðu þar var brugðist við og skipt um fuglanet í kvíunum. Þær aðgerðir leiddu til þess að við lok eldislotu á svæðinu heyrði til undantekninga að fuglar ánetjuðust í eldiskvíum. Samkvæmt skýrslu vottunaraðila voru aðgerðirnar samþykktar af hálfu úttektaraðilans og teljast uppfylla kröfur ASC staðalsins um áhrif á lífríki.

Æðarvarp er að finna í nágrenni við sum eldissvæðin í Patreksfirði og Tálknafirði⁴³ og í ljósi þess sem sagt er að framan um aukna fæðu fyrir æðarfugla⁴² má búast við að áhrif kvíaeldis verði jákvæð eða óveruleg fyrir æðarfugla í fjörðunum.

Hvítmáfar og fýlar í Tálkna og í nálægum vörpum þessara tegunda ættu að geta notið góðs af auknu fæðuframboði við kvíar. Aukning á kræklingum í fjöru og á mannvirkjum geta nýst hvítmáfum og fýll sem er yfirborðsæta nýtir sér allt lífrænt rek í yfirborði og mögulega aukningu lífvera í yfirborði. Áhrif á þessar tegundir ef einhver eru myndu líklega frekar teljast óveruleg eða jákvæð vegna aukins fæðuframboðs.

Tilfærsla eldissvæðis Arctic Sea Farm að Hvannadal færir eldissvæðið nær Tálkna sem er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði⁴⁴ vegna varps hvítmáfa og fýla í fjallinu. Báðar þessar tegundir verpa í þverhniptum og bröttum hlíðum Tálkna fjarri kvíunum og því ekki líklegt að tilfærsla þeirra hafi áhrif á varp þessara tegunda.

Líklegt er að áhrif breyttrar tilhögunar á fugla verði **óveruleg** eða **nokkuð jákvæð**. Sé litið á áhrifasvæðið Tálknafjörð í heild þá eru áhrif á fuglalíf talin verða **óveruleg**.

⁴² Davenport, J. o.fl. 2003. Aquaculture, the ecological issues.

⁴³ <https://www.ni.is/biota/animalia/chordata/aves/anseriformes/aedur-somateria-mollissima>

⁴⁴ <https://www.ni.is/node/16094>



8.3.4.4 Landslag og ásynd

Tilfærsla eldissvæðis Arctic Sea Farm frá Akravík, sem staðsett er við norðurströnd Tálknafjarðar, suður yfir fjörðinn að Hvannadal varðar landslagsrými í ysta hluta Tálknafjarðar. Að norðanverðu er búseta og sumarhús við ströndina en að sunnanverðu er aðeins sumarhús á Suðureyri. Að norðanverðu eru útivistarfjörur og áhugavert dýralíf og á skipulagi eru gönguleiðir upp úr dölum að norðanverðu.

Niðurfelling eldissvæða Fjarðalax varðar landslagsrými utan Sveinseyrar. Samkvæmt matsskýrslu er búseta og fiskeldi á landi utan Sveinseyrar og sumarhús á Suðureyri. Að norðanverðu æðarvarp, útivistarfjörur og áhugavert dýralíf og á skipulagi eru gönguleiðir um svæðið.

Samkvæmt matsskýrslu var gert ráð fyrir að sýnileiki eldissvæða í Tálknafirði yrði mestur á svæðinu við Suðureyri og Laugardal. Með breytingu á framkvæmd mun ásynd eldissvæðis séð frá Suðureyri hverfa en ásynd óbreytt varðandi Laugardal.

Með tilliti til matsskýrslu er líklegt að áhrif breyttrar tilhögunar verði **nokkuð jákvæð** á landslag og ásynd. Áhrifin verða varanleg með tilliti til þeirra svæða sem lögð verða niður, en afturkræf ef fiskeldið verður lagt niður við Hvannadal og Laugardal.

8.3.4.5 Aðrar sjávarnytjar

Samkvæmt matsskýrslu eru eldissvæði við Sveinseyri og Suðureyri ekki í árekstri við aðrar sjávarnytjar, en þó er æðarvarp við Sveinseyri. Ekki er líklegt að ný staðsetning eldissvæðis við Hvannadal verði í siglingaleið um Tálknafjörð, sbr. mynd 5.28 í matsskýrslu.

Í matsskýrslu segir að fyrirhugað eldi muni hafa óveruleg áhrif á siglingar, innviði, veiðar og aðra starfsemi. Breytt framkvæmd í Tálknafirði breytir þar ekki um.

Með tilliti til matsskýrslu er líklegt að áhrif breyttrar tilhögunar verði **óveruleg** á aðrar sjávarnytjar. Áhrifin verða afturkræf ef fiskeldið hættir.

8.4 Samanburður framkvæmdakosta

Í eftirfarandi kafla er gerður samanburður á áhrifum mismunandi framkvæmdakosta á þá umhverfisþætti sem fjallað hefur verið um í köflum 1.1 og 8.3. Sett er fram vægi áhrifa breyttrar tilhögunar eldis í Patreksfirði og Tálknafirði með tilliti til þeirrar framkvæmdar sem kynnt var í matsskýrslu á sínum tíma. Einnig eru settar fram niðurstöður í matsskýrslu, sjá kafla 8.1, og greiningar á áhrifum núll kostar miðað við upplýsingar um grunnástand eins og lýst var í matsskýrslu, sjá kafla 7. Samanburðurinn er einnig settur fram í töflu 8.4.

8.4.1 Botndýralíf

Áhrif á botndýralíf voru metin **talsvert neikvæð** á botni við eldissvæði samkvæmt matsskýrslu. Áhrif núll kostar eru talin vera **talsvert jákvæð**.

Í Patreksfirði og Tálknafirði stendur til að breyta staðsetning kvíapyrpinga á eldissvæðum miðað við fyrirkomulag í matsskýrslu. Í framtíðinni verða þær settar niður þvert á straumstefnu á eldissvæðum sem er líklegt er að leiði til meiri dreifingar á úrgangi og hafi jákvæð áhrif á uppsöfnun lífræns efnis á botni miðað við skipulag eldiskvía samkvæmt matsskýrslu. Eftir sem áður mun stærsti hluti efnisins falla til botns undir og í næsta nágrenni eldiskvía. Með tilliti til matsskýrslu má því gera ráð fyrir að vegna breyttrar framkvæmdar í Patreksfirði verði áhrif laxeldisins á botndýralíf **óveruleg**.

Sama á við í Tálknafirði en niðurfelling eldissvæða við Sveinseyri og Suðureyri mun hins vegar minnka heildarálag á botndýralíf í Tálknafirði og það ástand verði varanlegt. Með tilliti til matsskýrslu eru því áhrif af breyttri framkvæmd talin vera **talsvert jákvæð** fyrir botndýralíf Tálknafjarðar.

8.4.2 Villtir stofnar laxfiska – sjúkdómar og laxalús

Í matsskýrslu eru áhrif aukinnar framleiðslu í laxeldi talin vera **óveruleg** á villta laxfiskastofna varðandi sjúkdóma og laxalús. Áhrif núll kostar eru talin vera **nokkuð jákvæð**.



Vegna breyttrar tilhögunar eldisins í Patreksfirði voru gerðar straummælingar á viðkomandi eldissvæðum sem staðfesta að við Kvígindisdal, sunnan fjarðar, eru straumar nærri yfirborði í meginatriðum með landi inn fjörðinn, en straumurinn gagnstæður með norðurlandinu við Eyri og í átt að mynni fjarðarins. Staðsetning kvíaþyrpinga þvert á straum, sem ekki hefur verið gert fram til þessa, er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á velferð eldisfisks, styrkja mótstöðu fisksins gegn sjúkdómsvöldum og draga úr smitálagi innan eldissvæða. Þar af leiðir að fyrirhugað framkvæmd er líkleg til að draga úr smitálagi á villta laxfiska miðað við fyrri tilhögun eldisins. Með tilliti til matsskýrslu er breytt staðsetning eldissvæðis í Patreksfirði talin hafa **nokkuð jákvæð** áhrif á villta laxfiska í firðinum með tilliti til sjúkdóma og laxalúsar.

Vegna breyttrar tilhögunar eldisins í Tálknafirði verða kvíaþyrpingar lagðar þvert á straum á eldissvæðum við Hvannadal og Laugardal. Sú breyting er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á velferð eldisfisks, styrkja mótstöðu fisksins gegn sjúkdómsvöldum og draga úr smitálagi innan eldissvæða. Færa á núverandi eldissvæði Arctic Sea Farm við Akurvík og yfir fjörðinn að Hvannadal. Nýjar mælingar sýna að yfirborðsstraumar eru í meginatriðum með landi út fjörðinn á báðum eldissvæðunum. Með því að staðsetja eldissvæði fyrirtækjanna sitt hvoru megin fjarðar er líklegt að umtalsvert dragi úr hættu á að sjúkdóma- og lúsasmit berist frá einu eldissvæði til annars og sýki villta laxfiska sem dvelja í Tálknafirði. Einnig stendur til að leggja af eldissvæði við Sveinseyri og Suðureyri. Í framtíðinni verða því einungis tvö eldissvæði í Tálknafirði. Sú ráðstöfun einfaldar stýringu á eldi óskyldra aðila í firðinum og dregur úr þeirri hættu að smitsjúkdómar og laxalús magnist upp í firðinum. Með tilliti til matsskýrslu eru áhrif af breyttri framkvæmd í Tálknafirði talin vera **talsvert jákvæð** fyrir villta laxfiska á svæðinu með tilliti til sjúkdóma og laxalúsar.

8.4.3 Fuglar í Tálknafirði

Í matsskýrslu var ekki lagt mat á áhrif aukinnar framleiðslu á fugla.

Ekki var talin þörf á að meta áhrif breyttrar tilhögunar eldisins í Patreksfirði á þennan umhverfisþátt.

Áhrif á fugla á athafnasvæði kvíanna við Hvannadal í Tálknafirði og þar í kring verða líklega fyrst og fremst vegna aukningar á lífrænu efni og fæðu. Áhrifin verða **afturkræf** og **óveruleg** eða **nokkuð jákvæð**. Sé litið á áhrifasvæðið Tálknafjörð í heild þá eru áhrif á fuglalíf talin verða **óveruleg**.

8.4.4 Landslag og ásýnd í Tálknafirði

Í matsskýrslu eru áhrif aukinnar framleiðslu í laxeldi talin vera **óveruleg** á landslag og ásýnd fjarðanna. Áhrif núll kostar eru talin vera **nokkuð jákvæð**.

Ekki var talin þörf á að meta áhrif breyttrar tilhögunar eldisins í Patreksfirði á þennan umhverfisþátt.

Samkvæmt matsskýrslu var gert ráð fyrir að sýnileiki eldissvæða í Tálknafirði yrði mestur á svæðinu við Suðureyri og Laugardal. Með breytingu á framkvæmd mun ásýnd eldissvæðis við Suðureyri hverfa en ásýnd óbreytt varðandi Laugardal. Með tilliti til matsskýrslu eru áhrif af breyttri framkvæmd talin vera **nokkuð jákvæð** á landslag og ásýnd.

8.4.5 Aðrar sjávarnytjar í Tálknafirði

Í matsskýrslu eru áhrif aukinnar framleiðslu í laxeldi talin vera **óveruleg** á siglingaleiðir, innviði, veiðar og aðra starfsemi í fjörðunum. Áhrif núll kostar eru talin vera **nokkuð jákvæð**.

Ekki var talin þörf á að meta áhrif breyttrar tilhögunar eldisins í Patreksfirði á þennan umhverfisþátt.

Í matsskýrslu segir að fyrirhugað eldi muni hafa óveruleg áhrif á aðrar sjávarnytjar. Breytt framkvæmd í Tálknafirði breytir þar ekki um. Með tilliti til matsskýrslu verða áhrif þar líklega **óveruleg** á aðrar sjávarnytjar.

Framangreindar breytingar á þeirri framkvæmd sem kynnt var í matsskýrslu eru hver um sig líklegar til að draga úr neikvæðum áhrifum laxeldis í Patreksfirði og Tálknafirði. Með því að leggja niður tvö eldissvæði í Tálknafirði og færa eldissvæði í Patreksfirði og Tálknafirði verða samlegðaráhrif þess líklega



þau að neikvæð áhrif á botndýralíf og villta laxfiskastofna svæðisins verði minni en samkvæmt því skipulagi sem lýst er í matsskýrslu.



Tafla 8.4 Yfirlit yfir niðurstöðu matsskýrslu um umhverfisáhrif 14.500 tonna aukningar á framleiðslu á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði og umhverfisáhrif breyttrar tilhögunar eldis í Patreksfirði og Tálknafirði með tilliti til þeirrar framkvæmdar sem kynnt var í matsskýrslu á sínum tíma.*

Umhverfisþættir		Verulega jákvæð	Talsvert jákvæð	Nokkuð jákvæð	Óveruleg	Nokkuð neikvæð	Talsvert neikvæð	Verulega neikvæð
Botndýralíf	Matsskýrsla						x	
	Núll kostur		x					
	Breytt tilhögun í Patreksfirði				x			
	Breytt tilhögun í Tálknafirði		x					
Vilttir laxfiskar								
	- Sjúkdómar	Matsskýrsla			x			
	Núll kostur			x				
	Breytt tilhögun í Patreksfirði			x				
	Breytt tilhögun í Tálknafirði		x					
- Laxalús	Matsskýrsla				x			
	Núll kostur			x				
	Breytt tilhögun í Patreksfirði			x				
	Breytt tilhögun í Tálknafirði		x					
Fuglar	Ekki metið í matsskýrslu							
	Ekki fjallað um núll kost							
	Breytt tilhögun í Tálknafirði			x	x			
Landslag og ásýnd	Matsskýrsla				x			
	Núll kostur			x				
	Breytt tilhögun í Tálknafirði			x				
Aðrar sjávarnytjar	Matsskýrsla				x			
	Núll kostur			x				
	Breytt tilhögun í Tálknafirði				x			

* Breytt tilhögun í Tálknafirði var talin varða fuglalíf vegna nálægðar við sjófuglabýggð í Tálkna. Í matsskýrslu var ekki fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á fugla og því ekki heldur í kafla 7 þessarar skýrslu þegar gerð er grein fyrir áhrifum núllkostar með tilliti til matsskýrslu.



9 Kynning og samráð

9.1 Viðbót við frummatsskýrslu

Kynningartími vegna viðbótar við frummatsskýrslu hófst þann 4. febrúar og stóð til 19. mars 2019. Á þeim tíma var skýrslan aðgengileg á vefsíðu Verkís (www.verkis.is).

Eldisfyrirtækin héldu samráðsfund með forsvarsmönnum strandveiðifélagsins Króks þann 5. febrúar 2019 og kynntu fyrir þeim viðbót við frummatsskýrslu og þá framkvæmdakosti sem þar eru settir fram. Í framhaldi barst félaginu umsögn strandveiðifélagsins dags. 24.2.2019, sjá Viðauka 7. Samgöngustofa hefur verið upplýst um umsögn Króks. Einnig voru nokkrir fundir haldnir með sveitastjórum Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar til að kynna efni skýrslunnar.

Kynningarfundur vegna skýrslunnar var haldinn í seiðaeldisstöð Arctic Sea Farm í Norður Botni í Tálknafirði þann 12. febrúar 2019. Á kynningartíma bárust Skipulagsstofnun umsagnir frá níu umsagnaraðilum og tvær athugasemdir frá almenningi, ein frá félagssamtökum og önnur sameiginleg frá einstaklingum og félögum.

9.2 Umsagnir umsagnaraðila og viðbrögð framkvæmdaraðila

Alls bárust umsagnir um viðbót við frummatsskýrslu frá níu umsagnaraðilum, sjá töflu 9.1. Afrit af umsögnum eru birt í Viðauka 5. Efnisatriði úr umsögnum og svör framkvæmdaraðila við þeim eru sett fram í töflu 9.2.

Tafla 9.1 Umsagnaraðilar er gáfu umsögn um viðbót við frummatsskýrslu.

Nr.	Umsagnaraðili	Dags.
1	Fiskistofa	18.03.2019
2	Hafrannsóknastofnun	28.02.2019
3	Matvælastofnun	1.03.2019
4	Minjastofnun Íslands	26.02.2019
5	Náttúrufræðistofnun Íslands	15.03.2019
6	Samgöngustofa	14.02.2019
7	Tálknafjarðarhreppur	19.02.2019
8	Umhverfisstofnun	5.03.2019
9	Vesturbyggð	21.02.2019



Tafla 9.2 Efnisatriði úr umsögnum umsagnaraðila og viðbrögð framkvæmdaraðila við þeim.

Nr aths.	Umsagnaraðili	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
1.1	Fiskistofa	Málsmeðferð	<p>Fiskistofa vísar til eftirfarandi umfjöllunar í frummatsskýrslu:</p> <p>"Til að svara því er hér sett fram viðbót við frummatsskýrslu og kostagreining en að öðru leyti standa áfram matsskýrsla framkvæmdaraðila og álit Skipulagsstofnunar." og segir í umsögn sinni að henni sé ekki alveg ljóst hvort þetta sé rétt, eða hvort sannarlega skuli endurmeta hugsanleg umhverfisáhrif starfseminnar.</p>	<p>Lögð er áhersla á að fyrirætlanir eldisfyrirtækjanna um framleiðsluaukningu hafa verið í lögbundnu ferli síðan árið 2013. Ferlið hefur frá upphafi verið opið og hagsmunaaðilum og almenningi hefur á öllum stigum málsins verið veitt víðtækt tækifæri til aðkomu og athugasemda á grundvelli laga nr. 106/2000, þ.m.t. þegar tillaga að matsáætlun samkvæmt 8. gr. laganna var til meðferðar hjá Skipulagsstofnun um mitt ár 2014. Ferlinu lauk svo með útgáfu matsskýrslu, dags. 9. maí 2016, og áliti Skipulagsstofnunar, dags 23. september 2016, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að matsskýrslan uppfyllti skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum.</p> <p>Að mati eldisfyrirtækjanna gefa úrskurðir úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sem kveðnir voru upp í september og október 2018, ekki tilefni til endurskoðunar á öðrum þáttum matsskýrslunnar frá 2016 en þeim er lúta að umfjöllun um valkosti. Þannig segir t.a.m. í ákvörðun umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um undanþágu frá starfsleyfi fyrir starfsemi eldisfyrirtækjanna, dags. 20. nóvember 2018:</p> <p>“Þrátt fyrir umrædda annmarka á umhverfismatinu hvað varðar valkosti liggur engu að síður fyrir að metin hafa verið umhverfisáhrif af þeim framkvæmdakosti sem sótt er um undanþágu fyrir og því liggja fyrir umhverfisáhrif hans þrátt fyrir þá annmarka sem</p>	1.2.1 2



Nr aths.	Umsagnaraðili	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
				<p>tilgreindir eru í úrskurði úrskurðarnefndar í máli nr. 4/2018 og varða valkostagreiningu vegna framkvæmdarinnar.”</p> <p>Ljóst er af áralangri dóma- og úrskurðarframkvæmd að viðbótarupplýsingar um áður ómetna valkosti geta bætt úr annmörkum á matsskýrslu framkvæmdar, eftir að umhverfismatsferli er lokið, að tilteknum skilyrðum fullnægðum, án þess að umhverfismat sé fært aftur á byrjunarreit, sbr. einnig til hliðsjónar 12. gr. laga nr. 106/2000. Er þar einkum vísað til eftirfarandi dóma og úrskurða:</p> <ul style="list-style-type: none">– <i>Dómar Hæstaréttar frá 12. maí 2016 í málum nr. 511/2015, 512/2015, 513/2015 og 541/2015.</i>– <i>Dómur Hæstaréttar frá 13. október 2016 í máli nr. 796/2015.</i>– <i>Dómur Hæstaréttar frá 15. júní 2017 í máli nr. 193/2017.</i>– <i>Úrskurður ÚUA frá 4. apríl 2017 í máli nr. 148/2016.</i>– <i>Úrskurður ÚUA frá 26. mars 2018 í máli nr. 84/2017.</i> <p>Með hliðsjón af framangreindum dómum og úrskurðum, og að höfðu samráði við Skipulagsstofnun um málsmeðferð, var ákveðið að leggja hina svokölluðu viðbót við frummatsskýrslu fram til meðferðar hjá Skipulagsstofnun á grundvelli 9.-11 gr. laga nr.</p>	



Nr aths.	Umsagnaraðili	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
				<p>106/2000. Í kafla 1.2.1. er vísað til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 22. október 2018, til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis vegna umsóknar eldisfyrirtækjanna um rekstrarleyfi, en þar segir um málsmeðferð:</p> <p>"Nægilegt [er] að leggja fram frummatsskýrslu sem hlýtur málsmeðferð samkvæmt 9.-11. gr. laganna. Hvað varðar efni skýrslunnar, þá muni hið endurskoðaða umhverfismat eingöngu beinast að þeim þáttum sem tilgreindir eru í úrskurðum úrskurðarnefndarinnar, þ.e. tilteknum valkostum og mun því ný frummatsskýrsla/matsskýrsla eingöngu beinast að þeim þáttum og eftir atvikum öðrum þeim atriðum sem framkvæmdaraðilar telja tilefni til að gera grein fyrir. Sama á við það álit sem Skipulagsstofnun gefur út í lok þessa ferlis. Að öðru leyti standi áfram matsskýrsla framkvæmdaraðila frá 6. maí 2016 og álit Skipulagsstofnunar frá 23. september 2016."</p>	
1.2	Fiskistofa	Ófrjór lax	Fiskistofa bendir á að ef ófrjór lax væri notaður í eldinu væri komið í veg fyrir mögulega erfðablöndun eldislaxa við villta stofna laxfiska. Af því yrði mikill ávinningur og minni umhverfisáhrif.	Ef notkun á ófrjóum laxi verður raunhæfur kostur í framtíðinni ætti áhætta vegna erfðablöndunar eldislaxa við villta stofna laxfiska að verða óveruleg. En eins og fram kemur í kafla 5.3.1 er reynsla af eldi á ófrjóum laxi enn sem komið er mjög lítil og ýmis vandamál óleyst m.a. vegna meðferðar hrogna, frumfóðrunar seiða, seltuþols fiskisins og vöxt fram að sláturstærð.	5.3.1



Nr aths.	Umsagnaraðili	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
1.3	Fiskistofa	Aðrar eldistegundir	Fiskistofa bendir á að í skýrslunni sé skýrt frá því að lax henti betur en regnbogasilungur, einkum vegna betri markaða fyrir regnbogasilung. Stofnunin bendir þó á að umhverfisáhrif sjókvíaeldis á regnbogasilungi hafi ekki í för með sér sömu áhættu og eldi á frjóum norskættuðum laxi.	Eins og fram kemur í kafla 6.2 er ekki útlokað að eldi á regnbogasilungi gæti verið raunhæfur kostur ef breytingar verða í umhverfi og á markaðsaðstæðum. Samkvæmt reynslu Arctic Sea Farm henta umhverfisaðstæður hér við land betur laxi af Saga stofni en þeim stofni regnbogasilungs sem Matvælastofnun hefur leyft innflutning fyrir. Gagnvart markaði er lax betri kostur en eldi á regnbogasilungi í dag.	6.2
1.4	Fiskistofa	Framkvæmdakostir	Fiskistofa bendir á niðurstöðu viðbótar við frummatsskýrslu að samanburður þriggja framkvæmdakosta hafi leitt í ljós að fyrirhugaðar breytingar á eldissvæðum eru líklegar til að draga úr neikvæðum áhrifum laxeldisins. Stofnunin fær ekki séð að mismunandi staðsetningar breyti áhættu vegna hugsanlegrar erfðablöndunar.	Tekið er undir með Fiskistofu að mismunandi staðsetningar breyti ekki áhættu vegna hugsanlegrar erfðablöndunar þar sem um er að ræða sama umfang framkvæmdar og magn eldisfisks sem tilgreint er í matsskýrslu frá 2016. Þetta kemur fram í töflum 8.2. og 8.3 þar sem greint er hvaða umhverfisþætti er þörf á að fjalla um og meta vegna breytingar á framkvæmdinni. Ekki stóð til að fjalla um hættu á erfðablöndun við villta laxastofna.	8.2.2 8.3.2
1.5	Fiskistofa	Fisksjúkdómar og laxalús	Straumar geti haft áhrif á hvort og með hvaða hætti laxalús, eða annars konar smit, kunni að berast milli eldissvæða og gæti skipt máli varðandi hugsanleg smit í villta fiska s.s. sjóbirting. Fiskistofa viti ekki til þess að farleiðir sjóbirtings séu þekktar á Vestfjörðum.	Eins og fram kemur í viðbót við frummatsskýrslu er horft til ríkjandi yfirborðsstrauma þegar fjallað er um líkleg umhverfisáhrif mismunandi staðarvalskosta. Vitað er að almennt heldur sjógenginn silungur sig grunnt og nærri landi í fjörðum landsins. Þetta hafa rannsóknir á smitálagi laxalúsar á villtum laxfiskum við Vestfirði m.a. staðfest.	



Nr aths.	Umsagnaraðili	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
1.6	Fiskistofa	Umsögn stofnunar um frummatsskýrslu frá 2015.	Vísað er til umsagnar Fiskistofu um fyrri frummatsskýrslu vegna laxeldis í Patreksfirði og Tálknafirði frá 2015 og bent er á að sum efnisatriði eigi enn við.	Vísað er til fyrri málsmeðferðar vegna umsagnar Fiskistofu frá 2015 þ.e. niðurstöðu matsskýrslu vegna laxeldis í Patreksfirði og Tálknafirði og álits Skipulagsstofnunar vegna þeirrar framkvæmdar frá árinu 2016.	
2.1	Hafrannsóknastofnun	Eðliseiginleikar sjávar	Stofnunin bendir á mikilvægi þess að virða hvíldartíma milli eldiskynslóða, einkum vegna áhrif eldis á botn undir og við kvíar.	Fyrirtækin fara eftir settum lögum og reglum er þetta mál varðar og munu virða hvíldartíma milli kynslóða í eldi í samræmi við ákvæði starfsleyfa og vakta áhrif eldisins á umhverfi þar með talin áhrif þess á botn undir eldiskvíum. Fyrirtækin hafa aflað sér vottunar samkvæmt staðli ASC, en hann gerir m.a. kröfu um samþætta hvíld eldissvæða aðila sem starfa á sama svæði.	
2.2	Hafrannsóknastofnun	Villtir stofnar laxfiska	Stofnunin bendir á mikilvægi þess að fyrirbyggja lúsasmit t.d. með hrognkelsum og lúsapilsum til að minnka líkur á að grípa til lyfjafóðurs eða annarra lyfja við meðhöndlun.	Eldisfyrirtækin miða að því að nota hrognkelsi og lúsapils sem forvarnir gegn lúsasmiti í sjókvíaldinu. Lögð er áhersla á að ekki verði gripið til lyfjameðferða nema í neyð og það verði þá gert í samráði við Matvælastofnun og samræmi við kröfur ASC staðalsins. Staðallinn skilgreinir meginreglur, viðmið, vísa og mælanlega þætti m.a. á dreifingu fisksjúkdóma og sníkjudýra. Sjá einnig svar við lið 3.1.	
2.3	Hafrannsóknastofnun	Vöktun	Stofnunin bendir á mikilvægi viðhalds vöktunar á umhverfi vegna burðarþols, lúsasmits og áhættumats.	Það er stefna eldisfyrirtækjanna að stunda ábyrgt og sjálfbært fiskeldi og tekið er undir ábendingu stofnunarinnar um mikilvægi vöktunar á umhverfi vegna burðarþols, lúsasmits og áhættumats.	
3.1	Matvælastofnun	Villtir stofnar laxfiska	Stofnunin telur mikilvægt að framkvæmdaraðilar séu meðvitaðir um skyldur sínar til að samræma aðgerðir sem gæti þurft að fara í gegn laxalús eða öðrum sjúkdómum, eins og Matvælastofnun	Eldisfyrirtækin gerðu á árinu 2017 með sér samning um samstarf í sjókvíaldi á Vestfjörðum. Þau munu vinna saman að samhæfingu eldisins m.t.t. útsetninga seiða, eldis, slátrunar og hvíldartíma ásamt því að	



Nr aths.	Umsagnaraðili	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
			gæti lagt til skv. 8. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma.	skiptast á upplýsingum um sjúkomavarnir, mælinga á sjúkdómum og vöktun á laxalús. Það er einnig í samræmi við kröfur vottunar samkvæmt ASC staðli sem fyrirtækin hafa aflað sér. Staðallinn skilgreinir meginreglur, viðmið, vísa og mælanlega þætti m.a. á lífrænu álagi, burðarþoli, áhrifum á botndýr og dreifingu fisksjúkdóma og sníkjudýra.	
3.2	Matvælastofnun	Ófrjór lax	Bent er á að notkun á þrílitna eldislaxi hafi ekki verið tekin til umfjöllunar hjá fagráði um velferð dýra skv.4. gr. laga nr. 55/2013 um dýravelferð. Ekki fáist séð að aðrar stofnanir eða yfirvöld geti tekið einhliða stefnumótandi ákvarðanir um að fyrirskipa notkun eldisdýra í matvælaframleiðslu án þess að leita álits Matvælastofnunar.	Tekið er undir ábendingu stofnunarinnar. Að öðru leyti er athugasemdin ekki talin krefjast viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila.	
4.1	Minjastofnun	Náttúru- og menningarminjar	Stofnunin minnir á að fornleifar hafi ekki verið skráðar með skipulegum hætti á hafsbótnei þar sem fiskeldi er fyrirhugað og bendir á að til að fyrirbyggja röskun og spillingu minja sé mikilvægt að kafarar láti vita ef grunur leikur á að minjar séu á botni næst kvíum og að endanleg staðsetning eldiskvíva verði miðuð við minjar og helgunarsvæði þeirra. Vísað er til 21. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.	Aðstæður á botni verða skoðaðar áður en festingum eldiskvíva verður komið fyrir og ef minjar finnast verður brugðist við með því að skýra Minjastofnun Íslands frá þeim fundi í samræmi við lög nr. 80/2012 um menningarminjar.	



Nr aths.	Umsagnaraðili	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
5.1	Náttúrufræðistofnun Íslands	Botndýralíf	Stofnunin bendir á að við Sandodda í Patreksfirði sé að finna stóra sandmaðksleiru þar sem áætlað er að Fjarðalax hafi sjókví skammt undan landi. Íslenskar rannsóknir hafi bent til þess að fiskeldi innan fjarða sé að hafa lítil áhrif á fjörulífriki þar sem lífræn mengun sé nánast eingöngu undir sjókvíum og næsta nágrenni. Þetta mætti þó skoða betur. Setfjörur séu almennt taldar viðkvæmari fyrir lífrænni mengun, sem getur t.d. komið frá fiskeldi, og eðlilegt sé að vakta þær í nágrenni sjókvía.	Sjókvíaeldi er ekki hafið við Sandodda. Tekið er undir sjónarmið stofnunarinnar um að huga þurfi að nálægð leiranna við eldissvæðið og hægt væri að útfæra vöktunaráætlun með hliðsjón af því, þegar eldi hefst á þessum stað.	
5.2	Náttúrufræðistofnun Íslands	Botndýralíf	Stofnunin bendir á stór leirusvæði séu við Sveinseyri í Tálknafirði og sandmaðkaleirur í botni fjarðarins. Þar sem áætlað sé að hafa kvíar mun utar í Tálknafirði sé líklegt að áhrif verði minni á nærliggjandi umhverfi.	Tekið er undir ábendingu stofnunarinnar en að öðru leyti er ekki talið að hún krefjast viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila.	
6.1	Samgöngustofa	Aðrar sjávarnytjar	Ítrekað er að lítið sé fjallað um áhrif á siglingar um firðina og áhrif á aðkomu og aðgengi að höfnun og landingarstöðum. Bent er á að þess sé gætt að staðsetning valdi ekki truflunum á siglingum og að merkingar séu fullnægjandi. Framkvæmdaraðili tilkynni Sjómælingum Íslands um staðsetningu þegar framkvæmdir hefjast. Þess verði gætt að ekkert sé byggt sem geti skyggt á leiðamerki frá sjó og ekki séu sett um ljós eða önnur merki sem villt geta fyrir sjófarendum. Ítrekaðar eru áhyggjur af því að siglingaleiðir þrengist og óskað er eftir upplýsingum um hvernig siglingaröryggi verði tryggt og við hvaða stofnanir verði haft samráð við.	Eldisfyrirtækin höfðu samráð við Strandveiðifélagið Krók sem er félag smábátæigenda vegna staðsetninga á eldissvæðum í Patreksfirði og Tálknafirði. Í umsögn þeirra kemur fram að ef merkingar séu góðar líkt og nú er á eldissvæðum þá verði þau ekki farartálmi fyrir smábáta. Einnig kemur fram í umsögninni að hefðbundin siglingaleið fyrir stærri skip í Tálknafirði sé nærri miðju fjarðarins. Eldisfyrirtæki munu leita umsagnar Samgöngustofu um legu og merkingu eldiskvía og annarra fljóttandi mannvirkja þeim tengdum í samræmi við 10. gr. laga nr. 132/1999 um vitamál. Samráð verður haft við Landhelgisgæslu Íslands vegna siglinga og staðsetningar eldiskvía og	8.1.2.6 8.4.4



Nr aths.	Umsagnaraðili	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
			Bent er á mikilvægi þess að staðsetning eldissvæða feli ekki sér farartálma sbr. 10 gr. laga um vitamál. Samgöngustofa telur brýnt að leitað sé áhlits heimamanna sem reglulega sigla um firðina, Landhelgisgæslunnar, Samtaka skipstjórnarmanna og jafnvel fleiri aðila áður en staðsetning er heimiluð.	þegar nákvæm staðsetning sjókvíaeldisstöðva liggja fyrir munu eldisfyrirtæki tilkynna þau til Sjósmælinga Íslands í samræmi við reglugerð nr. 1170/2015 um fiskeldi. Einnig munu þau tilkynna stofnuninni ef sjókvíaeldisstöðvar eru færðar til (segir aðeins innan eldissvæða í reglugerðinni). Sjókvíaeldisstöðvar verða merktar í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 1170/2015 um fiskeldi. Benda má á að eldiskvíar koma fram á sjálfvirka auðkenningarkerfinu (AIS), en það mun tryggja öryggi sjófarenda um firðina.	
7.1	Tálknafjarðarhreppur	Almennt	Tálknafjarðarhreppur telur að bætt hafi verið úr þeim annmörkum sem ÚUA taldi vera á matsskýrslu og niðurstöður sérfræðiálits um aðrar eldisaðferðir þyki ekki raunhæfir kostir og uppfylli ekki markmið framkvæmdar.	Umsögn er ekki talin krefjast viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila	
8.1	Umhverfisstofnun	Eldissvæði	Stofnunin telur að mynd 8.4 hefði mátt sýna núverandi staðsetningu eldissvæðis í Akurvík í Tálknafirði.	Bent er á að eldi Arctic Sea Farm er ekki hafið á eldissvæði við Akurvík í Tálknafirði, sem sýnt er á mynd 8.1 um staðarval samkvæmt matsskýrslu frá árinu 2016. Á mynd 8.4 er verið að sýna framkvæmdakost með tilfærslu eldissvæða og niðurfellingu tveggja eldissvæða innst í Tálknafirði sbr. kafla 8.3.1 í skýrslunni.	8.3.1



Nr aths.	Umsagnaraðili	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
8.2	Umhverfisstofnun	Eðliseiginleikar sjávar - burðarþolsmat	Stofnunin tekur fram að starfs- og rekstarleyfi rekstaraðila hafi ekki verið felld úr gildi vegna annmarka í ákvæðum leyfanna eða vegna ummerkja um umfram mengun frá starfseminni, heldur vegna formbundinna atriða við framkvæmd matsins. Það sé mat stofnunarinnar að mengunarákvæði auk lagfæringa á staðsetningum sjókvíaldissvæða hafi verið fullnægjandi til að lágmarka mengun frá starfseminni.	Þessi umsögn styður það sem fram kemur í viðbót við matsskýrslu varðandi niðurstöður umhverfisvöktunar vegna starfseminnar.	
8.3	Umhverfisstofnun	Villtir laxfiskar - erfðablöndun	Bent er á að málefni erfðablöndunar og eldisbúnaðar heyrir undir lög nr. 71/2008 um fiskeldi og undir starfssvið Matvælastofnunar við leyfisgerð sbr. lög nr. 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdómum og litið verði til ákvörðunar Matvælastofnunar sbr. 7 gr. laganna.	Tekið er undir ábendingu Umhverfisstofnunar. Að öðru leyti er athugasemd ekki talin krefjast viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila.	
8.5	Umhverfisstofnun	Villtir laxfiskar - erfðablöndun	Bent er á að Umhverfisstofnun gefi ekki út starfsleyfi fyrir eldisstarfsemi nema hún rúmist innan burðarþolsmats fjarða og sé undir áhættumati erfðablöndunar. Núverandi áform eldisaðila rúmist innan þeirra álita. Ef ummerki komi fram í eftirliti um að áhrif á umhverfi séu ekki í takt við það sem gert var ráð fyrir skal umfang eldis og hvíldartími endurskoðaður í takt við getu fjarðanna til að taka við lífrænu álagi.	Tekið er undir ábendingu Umhverfisstofnunar varðandi útgáfu starfsleyfa og núverandi áform rúmist innan burðarþolsmats og áhættumats erfðablöndunar.	



Nr aths.	Umsagnaraðili	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
8.5	Umhverfisstofnun	Fjarlægð milli eldissvæða	Áréttað er að lágmarksfjarlægð milli sjókvíaeldisstöðva skuli samkvæmt meginviðmiðum vera 5 km milli ótengdra aðila miðað við útmörk hver eldissvæðis.	Samkvæmt meginviðmiði í reglugerð nr. 1170/2015 um fiskeldi kemur fram að lágmarksfjarlægð á milli sjókvíaeldisstöðva ótengdra aðila skal vera 5 km miðað við útmörk hvers eldissvæðis. Matvælastofnun getur hins vegar að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnun og að fenginni umsögn sveitarstjórnar heimilað styttri eða lengri fjarlægðir milli eldisstöðva.	
9.1	Vesturbyggð	Samfélag	<p>Vesturbyggð gerir ekki athugasemd við frummatsskýrslu nema er varðar fullyrðingu Skipulagsstofnunar um að ekki hafi verið gerð rannsókn á samfélagslegum áhrifum fiskeldis á Vestfjörðum og bendir á skýrslu Byggðastofnunar frá ágúst 2018 um byggðaleg áhrif fiskeldis.</p> <p>Ítrekað er mikilvægi þess að gætt sé að samfélagslegum áhrifum af uppbyggingu fiskeldis. Einnig er bent á mikilvægi þess að eftirlitsstofnanir sinni hlutverki sínu í þágu umhverfis og lífríkis sjávar með því að hafa fasta starfsstöð á sunnanverðum Vestfjörðum þar sem þar er umfangsmesta sjókvíaeldi í landinu.</p>	<p>Einhvers misskilnings virðist gæta um umfjöllun í kafla 8.1.2.5 (bls. 19) í skýrslunni þar sem vísað til fullyrðingar Skipulagsstofnunar um að ekki hafi verið gerð rannsókn á samfélagslegum áhrifum. Í þessum kafla var verið að greina frá niðurstöðu í álit Skipulagsstofnunar frá árinu 2016 um áhrif á samfélag.</p> <p>Bent er á að í kafla 7.5 í þessari skýrslu er vísað til skýrslu Byggðastofnunar um byggðaleg áhrif fiskeldisins, en sú skýrsla var unnin eftir að álit Skipulagsstofnunar lá fyrir.</p> <p>Að öðru leyti er athugasemd Vesturbyggðar ekki talin krefjast viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila.</p>	8.1.2.5 7.5



9.3 Athugasemdir annarra aðila og viðbrögð framkvæmdaraðila

Tvær athugasemdir bárust frá almenningi á kynningartímanum, sjá töflu 9.3. Efnisatriði úr athugasemdum og svör framkvæmdaraðila við þeim eru sett fram í töflu 9.4. Afrit af athugasemdum eru birt í Viðauka 6.

Tafla 9.3 Aðrir aðilar sem gerðu athugasemdir við viðbót við frummatsskýrslu.

Nr.	Aðrir aðilar	Dags.
1	Landssamband veiðifélaga	12.03.2019
2	Óttar Yngvason f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélagsins LAXINN LIFI, Akurholts ehf. og Geiteyrar ehf, Veiðiréttarhafa Haffjarðarár, Ara P. Wendel, Víðis H. Guðbjartssonar, Atla Á. Ólafssonar, Varplands ehf. og Veiðifélags Laxár á Ásum.	19.03.2019



Tafla 9.4 Efnisatriði úr athugasemdum annarra aðila og viðbrögð framkvæmdaraðila við þeim.

Nr. aths.	Athugasemd	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
1.1	Landssamband Veiðifélaga	Málsmeðferð	LV gerir athugasemd við málsmeðferð þ.e. að umhverfismat fari fram samkvæmt 9.-11. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum en málsmeðferð hefjist ekki með tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun (8. gr), það sé andstætt fyrir mælum laganna.	<p>Ekki er fallist á að yfirstandandi málsmeðferð sé andstæð fyrir mælum laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.</p> <p>Lögð er áhersla á að fyrirætlanir eldisfyrirtækjanna um framleiðsluaukningu hafa verið í lögbundnu ferli síðan árið 2013. Ferlið hefur frá upphafi verið opið og hagsmunaaðilum og almenningi hefur á öllum stigum málsins verið veitt víðtækt tækifæri til aðkomu og athugasemda á grundvelli laga nr. 106/2000, þ.m.t. þegar tillaga að matsáætlun samkvæmt 8. gr. laganna var til meðferðar hjá Skipulagsstofnun um mitt ár 2014. Ferlinu lauk svo með útgáfu matsskýrslu, dags. 9. maí 2016, og álitni Skipulagsstofnunar, dags. 23. september 2016, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að matsskýrslan uppfyllti skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum.</p> <p>Að mati eldisfyrirtækjanna gefa úrskurðir úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sem kveðnir voru upp í september og október 2018, ekki tilefni til endurskoðunar á öðrum þáttum matsskýrslunnar frá 2016 en þeim er lúta að umfjöllun um valkosti. Þannig segir t.a.m. í ákvörðun umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um undaþágu frá starfsleyfi fyrir starfsemi eldisfyrirtækjanna, dags. 20. nóvember 2018:</p> <p>“Þrátt fyrir umrædda annmarka á umhverfismatinu hvað varðar valkosti liggur</p>	1.2.1 2



Nr. aths.	Athugasemd	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
				<p>engu að síður fyrir að metin hafa verið umhverfisáhrif af þeim framkvæmdakosti sem sótt er um undanþágu fyrir og því liggja fyrir umhverfisáhrif hans þrátt fyrir þá annmarka sem tilgreindir eru í úrskurði úrskurðarnefndar í máli nr. 4/2018 og varða valkostagreiningu vegna framkvæmdarinnar.”</p> <p>Ljóst er af áralangri dóma- og úrskurðarframkvæmd að viðbótarupplýsingar um áður ómetna valkosti geta bætt úr annmörkum á matsskýrslu framkvæmdar, eftir að umhverfismatsferli er lokið, að tilteknum skilyrðum fullnægðum, án þess að umhverfismat sé fært aftur á byrjunarreit, sbr. einnig til hliðsjónar 12. gr. laga nr. 106/2000. Er þar einkum vísað til eftirfarandi dóma og úrskurða:</p> <ul style="list-style-type: none">– <i>Dómar Hæstaréttar frá 12. maí 2016 í málum nr. 511/2015, 512/2015, 513/2015 og 541/2015.</i>– <i>Dómur Hæstaréttar frá 13. október 2016 í máli nr. 796/2015.</i>– <i>Dómur Hæstaréttar frá 15. júní 2017 í máli nr. 193/2017.</i>– <i>Úrskurður ÚUA frá 4. apríl 2017 í máli nr. 148/2016.</i>– <i>Úrskurður ÚUA frá 26. mars 2018 í máli nr. 84/2017.</i>	



Nr. aths.	Athugasemd	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
				<p>Með hliðsjón af framangreindum dómum og úrskurðum, og að höfðu samráði við Skipulagsstofnun um málsmeðferð, var ákveðið að leggja hina svokölluðu viðbót við frummatsskýrslu fram til meðferðar hjá Skipulagsstofnun á grundvelli 9.-11 gr. laga nr. 106/2000. Í kafla 1.2.1. er vísað til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 22. október 2018, til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis vegna umsóknar eldisfyrirtækjanna um rekstrarleyfi, en þar segir um málsmeðferð:</p> <p>"Nægilegt [er] að leggja fram frummatsskýrslu sem hlýtur málsmeðferð samkvæmt 9.-11. gr. laganna. Hvað varðar efni skýrslunnar, þá muni hið endurskoðaða umhverfismat eingöngu beinast að þeim þáttum sem tilgreindir eru í úrskurðum úrskurðarnefndarinnar, þ.e. tilteknum valkostum og mun því ný frummatsskýrsla/matsskýrsla eingöngu beinast að þeim þáttum og eftir atvikum öðrum þeim atriðum sem framkvæmdaraðilar telja tilefni til að gera grein fyrir. Sama á við það álit sem Skipulagsstofnun gefur út í lok þessa ferlis. Að öðru leyti standi áfram matsskýrsla framkvæmdaraðila frá 6. maí 2016 og álit Skipulagsstofnunar frá 23. september 2016."</p>	



Nr. aths.	Athugasemd	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
1.2	Landssamband Veiðifélaga	Málsmeðferð Rannsóknir	LV segir að þar sem um nýja frummatsskýrslu sé að ræða skuli setja fram nýjustu upplýsingar og rannsóknarniðurstöður. Það hafi ekki verið gert með fullnægjandi hætti.	Vísað er til svars við lið 1.1. vegna málsmeðferðar. Eins og fram kemur í viðbót við frummatsskýrslu telur Skipulagsstofnun að hið endurskoðaða umhverfismat skuli eingöngu beinast að þeim þáttum sem tilgreindir eru í úrskurðum úrskurðarnefndarinnar. Að öðru leyti standi áfram matsskýrsla frá árinu 2016 og álit Skipulagsstofnunar. Í töflum 8.2. og 8.3 er greint hvaða umhverfisþætti er þörf á að fjalla um og meta vegna breytingar á framkvæmdinni. Eðli málsins samkvæmt var ekki fjallað frekar um rannsóknir eða rannsóknarniðurstöður varðandi þá umhverfisþætti sem ekki voru til umfjöllunar.	1.2.1
1.3	Landssamband Veiðifélaga	Leyfi	Athugasemd er gerð við umfjöllun um leyfismál á bls. 5. Þar sé rangt með farið að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti hafi veitt "fyrirtækjunum undanþágu frá rekstrarleyfi". Hið rétta sé að viðkomandi ráðuneyti hafi gefið út rekstarleyfi til bráðabirgða.	Tekið er undir ábendingu LV um að viðkomandi ráðuneyti hafi gefið út rekstrarleyfi til bráðabirgða. Umfjöllun í kafla 2.4 hefur verið lagfærð í samræmi við athugasemd.	2.4
1.4	Landssamband Veiðifélaga	Eldisstofn	Engin umfjöllun sé um þann fiskistofn sem fyrirtækin noti í eldinu.	Í matsskýrslu frá árinu 2016 var fjallað um þann stofn sem notaður er í eldinu. Í viðbót við frummatsskýrslu beinist umfjöllun eingöngu að þeim þáttum sem tilgreindir eru í úrskurði úrskurðarnefndar þ.e. tilteknum valkostum, sbr. svar við lið 1.1 og 1.2.	



Nr. aths.	Athugasemd	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
1.5	Landssamband Veiðifélaga	Eldisstofn	LV gerir kröfu um að fjallað sé um áhættu þess að nota frjóan laxastofn í eldi. Fjallað verði um stofngerð og innbyrðis skyldleika laxastofna við norðanvert Atlantshaf, ásamt áhættugreiningu á notkun frjós laxastofns.	Áhættumat Hafrannsóknastofnunar segir ásættanlegt að leyfa 20.000 tonna framleiðslu af frjóum eldislaxi í Patreksfirði, Tálknafirði og Patreksfjarðarflóa. Leyfi fyrir starfsemi Arctic Sea Farm og Fjarðalax voru innan þeirra framleiðslumarka. Í viðbót við frummatsskýrslu var því ekki fjallað um áhættu eldisins varðandi erfðablöndun, sjá töflu 8.2 og 8.3. Sjá einnig svar við lið 1.4.	8.2.2. 8.3.2
1.6	Landssamband Veiðifélaga	Rannsóknir	LV gerir athugasemd við að ekki sé greint frá rannsóknum Jóhannesar Sturlaugssonar, líffræðings, á sunnanverðum Vestfjörðum.	Tengist svari við lið 1.2 og 1.5. Í töflu 8.2 og 8.3 í viðbót við frummatsskýrslu voru færð rök fyrir því af hverju umfjöllun um áhættu eldisins varðandi erfðablöndun var ekki hluti af efnistökmum viðbótarinnar. Eðli málsins samkvæmt var því ekki fjallað um rannsóknir sem tengjast því málefni.	8.2.2 8.3.2
1.7	Landssamband Veiðifélaga	Villtir laxfiskar - slysasleppingar	Ekki sé fjallað um í fyrirbyggjandi frummatsskýrslu um tvö óhöpp í fiskeldi sem átt hafi sér stað eftir að matsskýrsla fyrirtækjanna hafi verið úrskurðuð ólögmæt.	Vísað er til svars við lið 1.4, 1.5 og 1.6	
1.8	Landssamband Veiðifélaga	Villtir laxfiskar - slysasleppingar	Staðfestar upplýsingar liggja fyrir um að strokulaxa úr sjókvíaelði á sunnanverðum Vestfjörðum hafi komið fram í ám allt frá Eyjafirði að Saurbæ í Dalasýslu. Ekki sé fjallað um það í frummatsskýrslu né dregnar ályktanir af þeim atburðum.	Vísað er til svars við lið 1.4 , 1.5 og 1.6. Áhættumati Hafrannsóknastofnunar er ætlað að lágmarka að framleiðsla úr íslensku laxeldi hafi neikvæð áhrif á villta stofna og lágmarka umhverfisáhrif greinarinnar. Þröskuldsgildi fyrir enga eða nær enga hættu á erfðablöndun var valið með tilliti til lægri marka náttúrulegs flakks sem samsvarar því að 4% fiska í klakstofni sé eldisfiskur. Áhættumatið útilokar því ekki að einstaka eldisfiskur gangi í ár fjarri sleppistað.	



Nr. aths.	Athugasemd	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
1.9	Landssamband Veiðifélaga	Ófrjór eldislax	Fram komi í frummatsskýrslu að Fiskeldi Austfjarða áformi að setja þrílitna lax út í sjókvíar næsta vor og því sé ljóst að sú eldisaðferð sé valkostur sem komi til greina. Einnig sé verið að þróa aðrar aðferðir en þrýstímeðferð á hrognum, eins og til dæmis CRISPR og kynhlutleysingu.	<p>Í umsögn Matvælastofnunar kemur fram að notkun á þrílitna eldislaxi hafi ekki verið tekin til umfjöllunar hjá fagráði um velferð dýra skv.4. gr. laga nr. 55/2013 um dýravelferð. Aðrar stofnanir eða yfirvöld geti ekki tekið einhliða stefnumótandi ákvarðanir um að fyrirskipa notkun eldisdýra í matvælaframleiðslu án þess að leita álits Matvælastofnunar.</p> <p>Það er mat eldisfyrirtækjanna að notkun á ófrjóum laxi í sjókvíaeldi sé enn á tilraunastigi eins og greint er frá í kafla 5.3.1 í skýrslunni og notkun hans í eldi samrýmist því ekki markmiðum framkvæmdar. Athugasemd LV um að aðrar aðferðir til framleiðslu á ófrjóum laxi séu í þróun styður í raun þessa niðurstöðu. Vonir standa hins vegar til að rannsóknir og reynsla af tilraunaeldi á ófrjóum laxi hér við land sem og erlendis á næstu árum muni leiða í ljós hvort slíkt eldi sé raunhæfur og sambærilegur valkostur við eldi á frjóum eldislaxi. Þá þarf einnig að liggja fyrir heimild yfirvalda til þess að nota ófrjóan lax í sjávareldi.</p>	5.3.1
1.10	Landssamband Veiðifélaga	Sérfræðiálit	Hlutleysi sérfræðings sem fenginn hafi verið til að gefa sérfræðiálit um kostagreiningu er dregið í efa.	Höfundur álitsins er sérfróður um fiskeldi á Íslandi og erlendis eins og háskólastaða hans gefur til kynna.	5.3
2.1	Óttar Yngvason f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélag LAXINN LIFI o.fl.	Mótmæli	"Viðbót" við frummatsskýrslu er mótmælt og gerð krafa um að henni verði hafnað.	Vísað er til svars við lið 1.1.	



Nr. aths.	Athugasemd	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
2.2	Óttar Yngvason f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélag. LAXINN LIFI o.fl.	Málsmeðferð	Þess er krafist að umhverfismatsferli taki mið af 8.-11. gr. laga nr. 106/2000. Hvergi sé lagaheimild til að víkja frá ákvæðum 8. gr. laga nr. 106/2000 um málsmeðferð. Vísað er til ákvæða Árósasamningsins þar sem óheimilt sé að stytta sér leið.	Vísað er til svars við lið 1.1. vegna málsmeðferðar. Árósasamningurinn varðar rétt almennings til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál, þátttöku í málsmeðferð þegar undirbúnar eru ákvarðanir af hálfu stjórnvalda í umhverfismálum og aðgang að réttlátri málsmeðferð fyrir dómstólum eða öðrum óháðum og hlutlausum úrskurðaraðila. Í samræmi við fyrirmæli Árósasamningsins hefur almenningi og hagsmunaaðilum verið veitt tækifæri til að koma að athugasemdum sínum við auglýsingu hinnar svokölluðu viðbótar við frummatsskýrslu á meðan allir kostir eru fyrir hendi og virk þátttaka almennings getur átt sér stað. Líkt og áður segir var fyrri meðferð þessa máls samkvæmt 8. til 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum sem veitti almenningi aðgang að tillögu að matsáætlun og frummatsskýrslu, þ.e. hvernig umhverfismat skyldi fara fram og síðar mat framkvæmdaraðila á umhverfisáhrifum laxeldisins. Í yfirstandandi málsmeðferð er verið að fjalla um tilgreinda valkosti, en grundvallaratriði er að umfang og eðli framkvæmdarinnar er það sama og áður hefur verið til meðferðar og almenningur haft aðgang að. Eðlilegt er því að bæta umfjöllun um valkostina við fyrri frummatsskýrslu og ekki verður séð að í því felist að „stytta sér leið“.	1.2.1



Nr. aths.	Athugasemd	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
2.3	Óttar Yngvason f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélag LAXINN LIFI o.fl.	Málsmeðferð	Í 2. lið athugasemda er því haldið fram að fyrra mat sé úrelt og að staða sé nú gjörbreytt frá því að matsskýrsla var unnin sem og álit Skipulagsstofnunar.	Vísað er til svars við lið 1.1. vegna málsmeðferðar.	1.2.1
2.4	Óttar Yngvason f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélag LAXINN LIFI o.fl.	Framkvæmd	Í 3. lið athugasemda er gerð athugasemd við að framkvæmd sé í mörgum atriðum gjörbreytt frá þeirri framkvæmd sem ráðgerð var í frummatsskýrslu frá 2016 og í því sambandi er vísað til valkostaumfjöllunar um nýtt eldissvæði í Tálknafirði, færslu tveggja eldissvæða í Patreksfirði og nýtt eldissvæði sé ráðgert innst í firðinum.	Ekki er fallist á að um sé að ræða gjörbreytta framkvæmd frá þeirri sem fjallað var um í matsskýrslu. Umfang eldisins er óbreytt og framkvæmdin í samræmi við það sem lýst var í matsskýrslu. Í úrskurði ÚUA er tiltekið að mismunandi valkostir geti t.d. falist í mismunandi staðsetningu eldisins. Í viðbót við frummatsskýrslu er brugðist við þeirri ábendingu. Misskilnings virðist gæta varðandi það að færa eigi tvö eldissvæði í Patreksfirði og að gert sé ráð fyrir nýju eldissvæði innst í firðinum. Breytt tilhögun í Tálknafirði gerir ráð fyrir tilfærslu á einu eldissvæði og niðurfellingu tveggja eldissvæða innst í firðinum.	
2.5	Óttar Yngvason f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélag LAXINN LIFI o.fl.	Leyfi	Í 4. lið athugasemda er vísað til kafla 2.4 í skýrslunni og mótmælt er þeim skilningi sem þar kemur fram á framleiðslumagni, heildarlífmassa og rekstrarleyfi laxeldis hjá Fjarðalaxi og Arctic Sea Farm í Patreksfirði og Tálknafirði. Því er einnig mótmælt að Fjarðalax hafi enn gildandi rekstrarleyfi fyrir 3.000 tonna laxeldi í Patreksfirði og Tálknafirði. Það leyfi hafi verið hluti af hinu ógilta rekstrarleyfi Fjarðalax sem útgefið hafi verið 27. desember 2017 fyrir 10.700 tonn og sé því niður fallið með ógildingunni 10.700 tonna rekstrarleyfis.	Í kafla 2.4 í skýrslunni er greint frá því sem fram kemur í þágildandi rekstrarleyfum fyrirtækjanna. Fjarðarlax byggir á því að leyfi fyrir 3.000 tonna laxeldi í Patreksfirði og Tálknafirði hafi ekki verið fellt úr gildi, enda voru þau ekki til úrlausnar í fyrrnefndum úrskurðum úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.	2.4



Nr. aths.	Athugasemd	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
2.6	Óttar Yngvason f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélag. LAXINN LIFI o.fl.	Framkvæmda- kostir	<p>Í 5. lið athugasemda er vísað til kafla 3 í skýrslunni. Þar komi fram að frekari rannsóknir og mælingar þurfi að gera til að staðfesta eiginleika mögulegra staðsetninga og jafnframt greina möguleg umhverfisáhrif s.s. áhrif á ásýnd og aðra nýtingu í firðinum í samvinnu við hagsmunaðila og viðeigandi stofnanir og sveitarfélög og að svo stöddu liggi ekki fyrir niðurstaða um heppilegar staðsetningar.</p> <p>Því liggi staðsetning fyrirhugaðrar framkvæmdar ekki fyrir og ýmsar mælinga og rannsóknir séu ógerðar. Málið sé ekki tilbúið í matsferli og þess er krafist að Skipulagsstofnun vísi frá framlagðri viðbót við frummatsskýrslu.</p>	<p>Í kafla 3 er greint frá því að fyrirtækin hafa hafið leit að nýjum eldissvæðum í Patreksfirði í stað þeirra sem staðsett eru innst í firðinum. Ef niðurstöður rannsókna leiða í ljós að um vænlegri kost sé að ræða mun Skipulagsstofnun verða upplýst um breytinguna með fyrirspurn um matsskyldu, eins og vera ber með breytingar eða viðbætur við framkvæmd sem er þegar í framkvæmd og kann að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.</p> <p>Þó áætlanir geri nú ekki ráð fyrir að eldi verði framhaldið við Hlaðseyri er ekki útilokað að leit að annarri staðsetningu í Patreksfirði beri ekki árangur, en það er þó talið ólíklegt. Ef sú staða kemur upp mun Fjarðalax bregðast við á þann hátt að draga úr umfangi framleiðslunnar við Hlaðseyri í samræmi við það sem svæðið er talið bera með tilliti til umhverfisálags og velferðar eldisfisks. Jafnframt verður áfram fylgst með þróun í eldistækni sem kann í framtíðinni að opna möguleika á því að starfrækja laxeldi við Hlaðseyri á þeim skala sem stefnt hefur verið að.</p> <p>Sú framkvæmd sem nú er til umfjöllunar og starfrækt hefur verið er enn í meginatriðum sú sama og kynnt var á sínum tíma í mati á umhverfisáhrifum. Áréttað er að starfs- og rekstarleyfi fyrirtækjanna voru ekki felld úr gildi vegna annmarka í ákvæðum leyfanna eða vegna ummerkja um umfram mengun frá starfsemi eins og fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar, sjá töflu 9.2, lið 8.2.</p>	3



Nr. aths.	Athugasemd	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
				<p>Með breyttri áherslu Fjarðalax frá því að fódora frá landi og í að fódora frá fóðurprömmum úti á sjó er hægt að koma eldiskvíum á svæði þar sem straumar eru sterkari og dýpi meira þannig að eldissvæði geti borið meiri framleiðslu, á sama tíma og velferð eldisfisks sé gætt og vöktun á umhverfisáhrifum viðhöfð. Meðal annars af þessum ástæðum er hægt að komast af með færri eldissvæði til að framleiða jafnmikið af eldislaxi og til stóð samkvæmt leyfum Fjarðalax til starfseminnar. Þetta er í samræmi við áætlanir Arctic Sea Farm sem hyggst sinna framleiðslu sinni á tveim eldissvæðum, öðru í Patreksfirði og hinu í Tálknafirði, enda hefur fyrirtækið frá upphafi ætlað að notast við fóðurpramma og fódora frá sjó.</p> <p>Í viðbót við frummatsskýrslu er fjallað um nýja staðarvalskosti en það sem fram kemur í kafla 3 er til upplýsingar um að eldisfyrirtækin eru að leita enn frekari leiða til þess að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar. Lög um mat á umhverfisáhrifum gera ráð fyrir málsmeðferð vegna breytinga eða viðbóta við framkvæmd sem er þegar í framkvæmd og kann að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Eldisfyrirtækin telja óeðlilegt að upplýsingar um fyrirætlanir geti leitt til frávísunar á framlagðri skýrslu.</p>	



Nr. aths.	Athugasemd	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
2.7	Óttar Yngvason f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélag LAXINN LIFI o.fl.	Gögn	Í 6. lið athugasemda er mótmælt framlögðum rannsóknarskýrslum sem fylgja með í viðauka við skýrsluna, sjá viðauka 3 og 4. Því er haldið fram að gögn á norsku séu óboðleg þótt einhverjir hér á landi kunni hrafl í því máli og þau séu ónothæf sem framlag við skýrsluna.	<p>Fyrirtækið Akvaplan-niva AS hefur unnið þær rannsóknarskýrslur fyrir eldisfyrirtækin sem vitnað er til. Akvaplan-niva AS er norskt fyrirtæki með höfuðstöðvar í Tromsø en rekur útibú meðal annars á Íslandi þar sem starfa þrjú sérfræðingar á sviði fiskeldis.</p> <p>Akvaplan-niva hefur um áratugaskeið boðið eldisfyrirtækjum vottaða þjónustu á sviði umhverfisvöktunar en fyrirtækið hefur hlotið vottun frá Norsk Akkrediterig á þessu sviði auk þess sem fyrirtækið rekur vottaðar rannsóknastofur sem sjá um úrvinnslu sýna. Umhverfisvöktun og rannsóknir fylgja þeim viðmiðum og uppfylla kröfur sem gerðar eru í norska staðlinum NS 9410:2016 varðandi punktmælingar (B-rannsóknir) og C rannsóknir (kafli 8 í staðli) og við umhverfisrannsóknir er fylgt aðferðafræði með vísan til ISO 16665:2014 og ISO 5667-19:2004 staðla.</p> <p>Einnig er umhverfisvöktun hagað þannig að sýnatök úrvinnsla og skýrslugerð uppfylli kröfur sem gerðar eru til umhverfisvöttunar hjá Aquaculture Stewardsip Council – ASC staðlinum (ASC 2012; 2013). Rannsóknir á uppsöfnun lífræns úrgangs á sjávarbotni fiskeldissvæða uppfylla einnig kröfur sem gerðar eru í ISO 12878:2012 staðlinum.</p> <p>Byggt er á því að framlögð gögn séu fullnægjandi.</p>	Viðauki 3 og 4



Nr. aths.	Athugasemd	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
2.8	Óttar Yngvason f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélag. LAXINN LIFI o.fl.	Gögn	Í 7. lið athugasemda. Vísað er til liðar 2. í umsögn og að ekkert sé fjallað um skýrslur Hafrannsóknastofnunar og ráðleggingar Erfðanefndar landbúnaðarins.	<p>Vísað er til svars við liðum 1.1, 1.2 og 1.6. Erfðanefnd landbúnaðarins telur að áætlanir um stóraukið laxeldi í sjókvíum hafi ófyrirséðar afleiðingar og ráðleggur stöðvun á útgáfu leyfa. Nefndin ráðleggur stjórnvöldum að koma í veg fyrir frekari útgáfu leyfa til sjókvíaeldis á laxi og hafin verði vöktun á erfðablöndun og hlutdeild eldislaxa í laxám á og við fiskeldissvæði. Jafnframt hvetur nefndin til að hafnar verði rannsóknir á notkun ófrjórna eldislaxa samhliða því að kannaðar verði aðrar aðferðir en sjókvíaeldi til laxeldis.</p> <p>Nefndin hefur engu lögformlegu hlutverki að gegna gagnvart stjórnvöldum sem viðkemur fiskeldi í sjó. Ráðleggingar erfðanefndarinnar byggja ekki á sértækum rannsóknum og rýni nefndarinnar sjálfrar, en ofangreind áskorun er birt á vefsvæði nefndarinnar þar sem áhyggjur hennar eru reifaðar. Hér skal bent á að hafin er rannsókn á notkun ófrjórna laxa í sjóeldi og vöktun er hafin á erfðablöndun og hlutdeild eldislaxa í laxám nærri fiskeldissvæðum.</p> <p>Í athugasemdinni er ekki gefið til kynna hvaða skýrslur Hafrannsóknastofnunar er um að ræða. Frá því að mat á umhverfisáhrifum eldisins fór fram hefur stofnunin kynnt áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndunar frá laxeldi í sjókvíum við Ísland.⁴⁵ Matið var gert í kjölfar vinnu stefnumótunarnefndar í fiskeldi sem sjávarútvegs- og</p>	

⁴⁵ Ragnar Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson, Agnar Steinarsson og Jón Hlöðver Friðriksson. (2017). Áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi. Reykjavík: Haf- og vatnarannsóknir. HV 2017-027



Nr. aths.	Athugasemd	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
				<p>landbúnaðarráðherra skipaði. Í nefndinni áttu fulltrúa Landssamband fiskeldisstöðva, Landsamband veiðifélaga, umhverfis- og auðlindaráðuneytið auk fulltrúa atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytis. Nefndin lagði meðal annars til að umfangi fiskeldis yrði stýrt á vísindalegan máta og á þeim grunni var áhættumatið unnið. Áhættumatið var unnið af sérfræðingum Hafrannsóknastofnunar ásamt erlendum sérfræðingum og hefur hlotið rýni erlendra sérfræðinga á sviði stofnerfðafræði.</p> <p>Talið var að náttúrulegir laxastofnar í ám við Ísafjarðardjúp og í Breiðdalsá á Austfjörðum gætu lent undir verulegu álagi með vaxandi eldi á norskum laxi í sjókvíum hér við land. Í kjölfarið var ákveðið að setja af stað viðamikla vöktun í lykilám um allt land, m.a. Laugardalsá og Langadalsá í Ísafjarðardjúpi, til að sannreyna forsendur hættumatsins og til að uppfæra áhættumatið með tilliti til niðurstaðna vöktunarrannsókna. Vöktuninni er m.a. ætlað að finna hlutdeild eldislaxa á göngu í árnar.</p> <p>Á árinu 2016 var könnuð útbreiðsla og seiðapéttleiki laxfiska í ám frá Súgandafirði til Tálknafjarðar og fannst lax í flestum vatnsföllum.⁴⁶ Vísbendingar hafa fundist um erfðablöndun í sex vatnsföllum á svæðinu, þar af í Botnsá í Tálknafirði og Sunndalsá í</p>	

⁴⁶ Leó Alexander Guðmundsson, Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir, Sigurður Már Einarsson. 2017. Útbreiðsla og þéttleiki seiða laxfiska á Vestfjörðum, frá Súgandafirði til Tálknafjarðar. Reykjavík: Haf- og vatnarrannsóknir. HV 2017-004



Nr. aths.	Athugasemd	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
				<p>Trostansfirði í Arnarfirði.⁴⁷ Staðfest er með erfðagreiningu að sex eldislaxar veiddust í Mjólka og einn í Laugardalsá.⁴⁸ Árið 2018 veiddist einn eldislax af norskum uppruna í Laugardalsá sem rakinn var til stroks frá eldisstað Arnarlax við Hringisdal í Arnarfirði.⁴⁹ Ofangreindar rannsóknir sýna að laxastofnar í ám á svæðinu eru litlir og þar hafa veiðst fullorðnir laxar af eldisuppruna og seiði með erfðablöndun.</p> <p>Frumforsenda áhættumats Hafrannsóknastofnunar er að miða við að fjöldi eldislaxa verði ekki meira en 4% fiska í klakstofni, sem eru neðri mörk náttúrulegs flakks laxa milli ára. Áhættumatið útilokar því ekki að einstaka eldisfiskur gangi í ár fjarri sleppistað. Áhættumatið segir ásættanlegt að leyfa 20.000 tonna framleiðslu af frjóum eldislaxi í Patreksfirði, Tálknafirði og Patreksfjarðarflóa.</p> <p>Þær upplýsingar sem að framan eru raktar breyta ekki upphaflegu mati eldisfyrirtækjanna á áhrifum framkvæmdarinnar á villta laxastofna með tilliti til erfðablöndunar.</p>	

⁴⁷ Leó Alexander Guðmundsson, Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir, Jóhannes Guðbrandsson og Sigurður Már Einarsson. 2017. Erfðablöndun eldislaxa af norskum uppruna við íslenska laxastofna. Reykjavík: Haf- og vatnarannsóknir. HV 2017-034.

⁴⁸ Leó Alexander Guðmundsson, Hlynur Bárðarson og Sigurður Óskar Helgason. 2018. Greining á mögulegum eldisuppruna 12 laxa sem veiddust í tveimur ám á Vestfjörðum árið 2017. Reykjavík: Haf- og vatnarannsóknir. KV 2018-3.

⁴⁹ Sigurður Már Einarsson og Ingi Rúnar Jónsson. 2019. Vöktunarrannsóknir í Laugardalsá við Ísafjarðardjúp. Reykjavík: Haf- og vatnarannsóknir. HV 2019-04.



Nr. aths.	Athugasemd	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
2.9	Óttar Yngvason f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélag LAXINN LIFI o.fl.	Fjarlægð milli eldissvæða	Í 7. lið athugasemda. Lágmarksfjarlægðarmörk 5 km milli eldissvæða sé ekki virt þó staðhæft sé á bls. 27 að tekið sé tillit til kröfu yfirvalda um lágmarksfjarlægð á milli eldissvæða óskyldra aðila.	Samkvæmt meginviðmiði í reglugerð nr. 1170/2015 um fiskeldi kemur fram að lágmarksfjarlægð á milli sjókvíaeldisstöðva ótengdra aðila skal vera 5 km miðað við útmörk hvers eldissvæðis. Matvælastofnun getur hins vegar að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnun og að fenginni umsögn sveitarstjórnar heimilað styttri eða lengri fjarlægðir milli eldisstöðva.	8.3.1
2.10	Óttar Yngvason f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélag LAXINN LIFI o.fl.	Umfang eldis	Í 7. lið athugasemda. Ranglega sé staðhæft að það sé óraunhæft að gera ráð fyrir minna umfangi.	Eins og kemur fram í kafla 5.2 þá þykir það ekki vera raunhæfur kostur að gera ráð fyrir minna umfangi, ef tekið er mið af markmiðum fjárfestingar til framkvæmdarinnar.	5.2
2.11	Óttar Yngvason f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélag LAXINN LIFI o.fl.	Ófrjór eldislax	Í 7. lið athugasemda. Umfjöllun um ófrjóan lax sé óljós og rangtúlkað sé að hann sé síður heppilegur til eldis, enda þótt Stofnfiskur hafi hafið framleiðslu í stórum stíl á ófrjóum hrognum.	Vísað er til svars við lið 1.9.	5.3.1
2.12	Óttar Yngvason f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélag LAXINN LIFI o.fl.	Lokaðar eldiskvíar	Í 7. lið athugasemda. Gerð er athugasemd við að það sé órókstudd staðhæfing að eldiskostnaður sé um 23% hærri í lokuðum eldiskvíum en í úreltum opnum kvíum.	Í kafla 5.3.2 vantar að vísa til heimildar vegna umfjöllunar um eldiskostnað. Úr því hefur verið bætt. Heimild sem vísað er í er frá 2018 er unnin af viðurkenndum norskum sérfræðingum sem taka mið af nýjustu kostnaðarupplýsingum og nýjustu gerð sjókvía.	5.3.2
2.13	Óttar Yngvason f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélag LAXINN LIFI o.fl.	Landeldi	Í 7. lið athugasemda. Ranglega sé staðhæft að forsendur til að stunda landeldi á Vestfjörðum séu ekki fyrir hendi.	Eldisfyrirtækin eru ósammála þessari fullyrðingu og vísa til umfjöllunar í kafla 5.3.3 þar sem færð eru rök fyrir því að ekki séu forsendur til að stunda landeldi á matfiski á Vestfjörðum.	5.3.3



Nr. aths.	Athugasemd	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
2.14	Óttar Yngvason f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélag. LAXINN LIFI o.fl.	Landeldi	Í 7. lið athugasemda. Ranglega sé staðhæft að landeldi sé ekki samræmi við umhverfisvæna eldisframleiðslu.	Ekki er staðhæft að landeldi sé ekki umhverfisvænt. Það samrýmist hins vegar ekki markmiðum framkvæmdaraðila að framleiða matfisk í landeldi á Vestfjörðum eins og fram kemur í kafla 5.3.3.	5.3.3
2.15	Óttar Yngvason f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélag. LAXINN LIFI o.fl.	Fisksjúkdómar	Í 7. lið athugasemda. Staðhæft sé að veirusjúkdómar séu óþekktir í íslensku sjókvíaeldi. Ekki sé getið um PRV veirusýkingar í hrognum sem seld hafi verið frá Íslandi til Kanada.	Samkvæmt ársskýrslu dýralæknis fisksjúkdóma frá árinu 2018 er heilbrigðisstaða í eldi lagardýra hér almennt góð og klínískir veirusjúkdómar hafa ekki verið staðfestir í laxeldinu. ⁵⁰ Í ársskýrslunni kemur fram að smittíðni veiru af stofni PRV í villtum laxi hér á landi hafi verið 90-100%, en klínískra einkenna sjúkdóms hafi ekki orðið vart í eldisstöðvum eða hjá villtum laxi. Sérfræðingar telji að villtum laxastofnum stafi engin hættu af PRV.	7.3.1
2.16	Óttar Yngvason f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélag. LAXINN LIFI o.fl.	Fisksjúkdómar	Í 7. lið athugasemda. Ekki hafi verið minnst á útsett seiði í kvíar Fjarðalax í Patreksfirði sem séu að hluta sýkt af nýrnaveiki.	Vísað er til svars við lið 1.1 vegna málsmeðferðar. Í viðbót við frummatsskýrslu kemur fram að nýrnaveikibakterían er útbreidd í villtum laxfiskum og við val á nýjum eldissvæðum eru upplýsingar um ríkjandi yfirborðsstrauma nýttar til að minnka líkur á að eldið auki hættu á smiti í villtum laxfiskum.	7.3.1 8.2.2 8.3.2

⁵⁰ Matvælastofnun. 2018. Ársskýrsla dýralæknis fisksjúkdóma 2018.



Nr. aths.	Athugasemd	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
2.17	Óttar Yngvason f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélag LAXINN LIFI o.fl.	Villtir laxfiskar - erfðablöndun	Í 7. lið athugasemda. Talað sé um að eldissvæði í Patreksfirði og Tálknafirði séu í meira en 100 km fjarlægð frá laxveiðiám og framkvæmdin því talin valda óverulegum áhrifum á villta laxfiska. Ekkert sé minnst á upplýsingar vísindamanna Hafrannsóknastofnunar um farleiðir stroklaxa allt að 1.000 km og því séu allar veiðiar landsins undir vegna stroklaxa af norskum stofni úr eldinu.	Vísað er til svars við liðum 1.1, 1.2 og 1.8.	
2.18	Óttar Yngvason f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélag LAXINN LIFI o.fl.	Villtir laxfiskar - erfðablöndun	Í 7. lið athugasemda. Ekkert sé fjallað um neikvæð áhrif annars staðar á landinu af völdum stroklaxa, hvorki náttúruskaða né annarra samfélagslegra áhrifa, svo sem atvinnu- og tekjumissi í sveitum landsins.	Vísað er til svars við liðum 1.1, 1.2 1.8. Fjallað var um samfélagsleg áhrif eldisins í matsskýrslu. Umfang framkvæmdar er óbreytt frá því sem þá var. Því var ekki fjallað um hagræna og félagslega þætti í viðbót við frummatsskýrslu.	
2.19	Óttar Yngvason f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélag LAXINN LIFI o.fl.	Laxalús	Í 7.lið athugasemda. Lítið sé gert úr lúsafári sem komið hafi upp í Arnarfirði og Tálknafirði þar sem sterku lúsaeitri hafi verið hellt í opinn sjóinn til að hemja fárið.	Í viðbót við frummatsskýrslu er fjallað um það tilvik í Tálknafirði sem vísað er til. Ekki verður fallist á að lítið sé gert úr því ástandi sem þar skapaðist. Breytt staðsetning á eldissvæðum í firðinum er m.a. ætlað að einfalda stýringu á eldi óskyldra aðila í firðinum og draga úr þeirri hættu að smitsjúkdómar og laxalús magnist upp í firðinum, sem gæti haft neikvæðar afleiðingar fyrir villta laxfiska á svæðinu. Í viðbót við frummatsskýrslu er lagt mat á áhrif þeirrar tilhögunar á villta laxfiska. Niðurstaðan er sú að niðurfelling eldissvæða við Sveinseyri og Suðureyri og ný staðsetning eldissvæðis Arctic Sea Farm muni hafa talsvert jákvæð áhrif með tilliti til þeirra staðsetninga sem fjallað var um í matsskýrslu.	8.3.4.2



Nr. aths.	Athugasemd	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð framkvæmdaraðila	Kafli í skýrslu
2.20	Óttar Yngvason f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélag LAXINN LIFI o.fl.	Villtir laxfiskar - erfðablöndun	Í 7. lið athugasemda. Lítið sé gert úr erfðablöndun, sem sé ein aðaláhætta opins sjókvíaeldis.	Vísað er til svars við liðum 1.1, 1.2 og 1.8.	
2.21	Óttar Yngvason f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélag LAXINN LIFI o.fl.	Hagrænir og félagslegir þættir	Í 7. lið athugasemda. Staðhæft sé að búast megi við 400 starfsmönnum við eldið. Það sé út í hött.	Hér er væntanlega vísað til umfjöllunar í töflu 8.2 í kafla 8.2.2 um niðurstöðu matsskýrslu frá 2016 um hagræna og félagslega þætti. Þar var áætlað að um 120 manns þyrfti til að framleiða 20.000 tonn af laxi í fjórðunum tveimur og um 100 manns vegna vinnslu og þökkunar afurða. Afleidd störf voru áætluð um 190. Samtals voru þetta um 400 störf. Fullyrðing um að áætlunin sé út í hött er ekki rökstudd. Í kafla 7.5 kemur fram að ný samantekt Byggðastofnunar segi að fiskeldið hafi nú þegar skapað 160-170 störf og 150 afleidd störf þó framleiðsla hafi ekki enn náð 20.000 tonnum.	8.2.2



10 Niðurstaða kostagreiningar og viðbótar við matsskýrslu

Með viðbót við matsskýrslu og kostagreiningu hefur verið bætt úr þeim annmörkum sem ÚUA taldi vera á matsskýrslu. Hefur verið horft til þeirra atriða sem tilgreindir eru í úrskurði ÚUA en einnig er fjallað um aðra kosti sem ekki eru tilgreindir í úrskurðinum og settir eru fram þrír framkvæmdakostir og líkleg áhrif þeirra metin. Jafnframt voru hafðar til hliðsjónar leiðbeiningar Skipulagsstofnunar.⁵¹

Staðarval samkvæmt matsskýrslu

Hér að framan hefur verið fjallað um greiningu á hentugum eldissvæðum í Patreksfirði og Tálknafirði sem gerð var á sínum tíma og leiddi til þeirra staðsetningar eldissvæða í fjörðunum sem kynnt var sem framkvæmdakostur í matsskýrslu. Á þeim tíma þóttu aðrir staðsetningarkostir ekki vera raunhæfir með tilliti til fyrirbyggjandi rannsókna, þekkingu heimamanna og takmarkana sem skapaðist af því að sjókvíar þurftu að vera nærri fóðurstöðvum í landi, þar sem rafmagn var aðgengilegt.

Umfang eldis

Varðandi mögulega umfjöllun um minna umfang framkvæmdarinnar hefur komið fram að umfang eldis er nátengt arðbærni þess og það eru því hagkvæmnissjónarmið sem ráða því að sótt var um leyfi fyrir allt að 17.500 tonna ársframleiðslu og fulla nýtingu burðarþols til framtíðar. Miðað við markmið fjárfestingar til framkvæmdarinnar þykir ekki raunhæft að gera ráð fyrir minna umfangi.

Aðrar eldisaðferðir

Niðurstöður sérfræðilíts, sem um var fjallað að framan, eru þær að aðrar eldisaðferðir sem eru nefndir sem kostir í úrskurði ÚUA þykja ekki raunhæfir enn þann dag í dag og þar að auki uppfylla þeir kostir ekki markmið framkvæmdarinnar, sem er að ala lax í sjókvíum á umhverfisvænan hátt:

- Eldi á ófrjóum laxi í sjó er enn á rannsóknastigi og ýmiskonar vandamál óleyst allt frá meðferð hrognar, við frumfóðrun seiða, seltuþol fisksins og vöxt fram að sláturstærð.
- Eldi í lokuðum eldiskvíum er enn á þróunarstigi. Ekki liggur fyrir þekking á því hvernig lokaðar eldiskvíar henta í fjörðum hér við land né þekking á vexti og viðkomu eldisfisks. Kostnaður við eldið er áætlaður umtalsvert hærri miðað við hefðbundið sjókvíaeldi. Rekstrarforsendur slíks eldis er ekki hægt að meta fyrr en úr þessum óvissuþáttum hefur verið bætt. Einnig er ljóst að þær umhverfisaðstæður sem eru forsendur núverandi eldistækni lokaðra sjóeldiskerfa s.s. skjólsæl svæði með miklu dýpi eru ekki fyrir hendi í Patreks- og Tálknafirði.
- Forsendur til þess að stunda landeldi á laxi á sunnanverðum Vestfjörðum eru ekki fyrir hendi þar sem hvorki er nægilegt rafmagn né jarðhiti fyrir hendi á sunnanverðum Vestfjörðum til að framleiða 17.500 tonn af laxi.

Til viðbótar kostum sem fjallað er um í úrskurði ÚUA hefur einnig verið fjallað um eldi í úthafskvíum og notkun annarra tegunda laxfiska til fiskeldis:

- Laxeldi í úthafskvíum er enn á rannsókn- og þróunarstigi og getur þar að leiðandi ekki talist raunhæfur kostur fyrir laxeldi á Vestfjörðum.
- Samkvæmt reynslu Arctic Sea Farm eru umhverfisaðstæður í sjó við Ísland hentugri til eldis á kuldapólnari laxfiskum en þeim stofni regnbogasilungs sem Matvælastofnun hefur leyft innflutning fyrir.

Núll kostur
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - framleiðsluaukning á laxi - Patreksfjörður og Tálknafjörður- Viðbótarumsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 30. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda viðbót við frummatsskýrslu og kostagreiningu vegna framleiðsluaukningar Fjarðalax ehf. og Arctic Sea Farm hf. í Patreks- og Tálknafirði. Umsagnarbeiðnin kemur í kjölfar úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem felldi úr gildi starfs- og rekstrarleyfi ofangreindra rekstraraðila árið 2018 vegna annmarka við mat á umhverfisáhrifum. Saga málsins er rakin í greinargerðinni. Fjarðalax ehf. og Arctic Sea Farm hf. eru hér eftir nefndir rekstraraðilar.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti Skipulagsstofnun umsögn um frummatsskýrslu ofangreindrar framkvæmdar, dags. 10. nóvember 2015. Þar kom fram mat Umhverfisstofnunar á líklegum umhverfisáhrifum eldisins og vill stofnunin taka það fram að þau sjónarmið sem þar koma fram eiga ennþá við.

Valkostagreining

Í greinargerð er fjallað um eftirfarandi í valkostagreiningu yfir raunhæfa valkosti; staðsetningar sjókvíaeldis, umfang framleiðslu, ófrjór eldislax, lokaðar eldiskvíar, landeldi, úthafskvíar, nýting annarra tegunda laxfiska og núll kostur.

Í kafla um umfang starfseminnar var fjallað um hagkvæmni ýmissa kosta hvað varðar umfang og aðferðir eldis (lokaðar kvíar og úthafskvíar) auk fýsileika þeirra vegna umhverfisaðstæðna (öldufars og botndýpis). Þá er einnig fjallað um rafmagns og vatnsþörf sem útilokar landeldi þessa umfangs á svæðinu.

Í umfjöllun um aðrar tegundir laxfiska, þ.e. regnbogasilung, kemur fram í viðbótargreinargerð að: „[...] það skal ekki útiloka að slíkt eldi gæti verið raunhæfur kostur ef breytingar verða í umhverfi og/eða á markaðsaðstæðum“ (bls. 13) og er gefin sú skýring að kuldaþol innfluttra silunga þarf helst að vera meira auk þess sem meiri markaður er fyrir lax en regnbogasilung. Þessu tengt vekur Umhverfisstofnun athygli á því að rekstraraðilum ber að sækja um innflutningsleyfi til Umhverfisstofnunar, skv. 63. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, ef flytja skal inn lífverur (hrogn eða seiði) til landsins sem falla undir skilgreiningu náttúruverndarlaga um framandi lífverur. Umhverfisstofnun

tekur fram að starfsleyfi fyrir eldinu og innflutningsleyfi fyrir framandi lífverur eru tvö aðskilin leyfi.

Um fjöllum rekstraraðila um valkostagreiningu er nokkuð ítarleg og farið er yfir mat annarra kosta og ástæður þess að þeir voru ekki valdir framkvæmdakostir. Umhverfisstofnun tekur undir það sem segir í greinargerð að umrædd greining viðbótargreinargerðar um valkosti eiga að fjalla um raunhæfa valkosti sem til staðar eru (bls. 8) og uppfyllir viðbótargreinargerð þær kröfur að mati stofnunarinnar.

Staðarval eldissvæða í Patreks- og Tálknafirði

Fjallað er alls um þrjá framkvæmdarkosti m.t.t. staðarvals eldissvæða í greingargerð (bls. 16). Í fyrsta lagi þá staðsetningu eldissvæða (þyrpingar eldiskvía) í fjörðunum sem valin var við gerð matsskýrslu árið 2016 (kafla 8.1) og þá greiningu sem fór fram til að finna hentugustu staðsetningar eldisins, en á sínum tíma var aðeins lagður fram einn kostur á útfærslu þó svo ákveðið valkostamat hafði farið fram. Greint er frá því valkostamati sem ekki kom fram í frummatsskýrslu frá 2016 (bls. 8-9). Farið er yfir gagnaöflun og þær upplýsingar sem lágu að baki ákvörðunum um staðsetningar eldissvæða fyrir báða rekstraraðila og hvernig ólík fóðrun var undirstaða mismunandi staðsetningar hvors aðila fyrir sig.

Í öðru lagi er fjallað um staðarval eldissvæða við breytingu á legu eldissvæða í Patreksfirði sem samþykkt var árið 2018 (kafla 8.2). Umhverfisstofnun veitti umsögn um þá breytingu dags. 3. apríl 2018 þar sem niðurstaða stofnunarinnar var að færsla á eldiskvíum myndi ekki hafa í för með sér aukna mengun, þvert á móti væru ný svæði betur til þess fallin að taka við álagi m.t.t. dýptar og straumhraða, og væri færslan því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun tekur fram að þau sjónarmið sem þar koma fram eiga ennþá við. Nýjar staðsetningar eldissvæða voru samþykktar í undanþágu rekstraraðila frá starfsleyfi í Patreksfirði, gefið út af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 20. nóvember 2018.

Í þriðja lagi er fjallað um nýja valkosti staðarvals tveggja eldissvæða í Tálknafirði fyrir árið 2019 (kafla 8.3, bls. 27) en um þennan valkost hefur ekki verið fjallað áður og Umhverfisstofnun hefur ekki áður veitt um hann umsögn. Þar er lagt til að eldissvæðið Arctic Sea Farm hf. við Akravík verði fært þvert yfir fjörðinn til suðurs frá núverandi staðsetningu að Hvannadal. Umhverfisstofnun telur að á mynd 8.4 hefði mátt sýna núverandi staðsetningu eldissvæðisins í Akravík. Byggir þessi tilfærsla á nýrri staðarúttekt unnin út frá staðlinum NS 9415:2009 og er áformað að kvíarnar snúi þvert á straumstefnu skv. greinargerð.

Þá eru áform Fjarðarlax ehf. að leggja niður tvö eldissvæði, Sveinseyri og Suðureyri, og halda aðeins áfram með eldissvæðið við Laugardal í Tálknafirði. Er þetta vegna breyttrar stefnu rekstraraðila að fóðra frá sjó en ekki frá landi. Því er vert að nýta eldissvæði þar sem straumhraði er hagstæður og sjóskipti góð. Þá er einnig tekið fram að þess sé gætt að: „*botn sé hallandi undir sjókvíum þannig að minni hætta sé á því að lífræn efni safnist fyrir á botninum*“ (bls. 27).

Fyrir þennan kost var vægiseinkunn áhrifa metin vera talsvert jákvæð fyrir breytta tilhögun eldissvæða í Tálknafirði út frá núverandi staðsetningu m.t.t. botndýralífs, sjúkdóma og laxalús, landslags og ásýndar og loks óveruleg fyrir aðrar sjávarnytjar.

Fram kemur í greinargerð: „*samlegðaráhrif þeirra breytinga [tillögur um flutning eldissvæða í Patreksfirði 2018 og Tálknafirði 2019] verði líklega þau að neikvæð áhrif á botndýralíf og villta laxfiskastofna svæðisins verði minni en samkvæmt því skipulagi sem*

lýst er í matsskýrslu“ (bls. 40). Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við vægiseinkunn áhrifa breyttrar tilhögunar eldis í Tálknafirði með tilliti til þeirrar framkvæmdar sem kynnt var í matsskýrslu á sínum tíma.

Umhverfisstofnun tekur fram að nýjar staðsetningar eldissvæða Fjarðarlax ehf. verða teknar til meðferðar í starfsleyfisgerð nýs starfsleyfis stofnunarinnar, þ.e. tilfærslan og niðurfelling eldri eldissvæða.

Starfsleyfi sjókvíaeldis

Af gefnu tilefni áréttar Umhverfisstofnun eftirfarandi:

Burðarþolsmat – lífrænt álag (burðarþolsmat)

Burðarþolsmat Hafrannsóknarstofnunar liggur fyrir í samræmi við 10. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Í því fellst mat á getu fjarðanna til að taka við auknu lífrænu álagi án óæskilegra áhrifa á lífríkið. Hafrannsóknastofnun metur burðarþol fjarðanna svo að hægt sé að leyfa allt að 20.000 tonna eldi í Patreks- og Tálknafirði á ári. Málefni mengunar heyrir undir Umhverfisstofnun við leyfisgerð skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og rg. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Stofnunin tekur fram að starfsleyfi (og rekstrarleyfi) rekstraraðila voru ekki felld úr gildi vegna annmarka í ákvæðum leyfanna eða vegna ummerkja um umfram mengun frá starfseminni, heldur voru leyfin ógild vegna forbundinna atriða við framkvæmd mats á umhverfisáhrifum líkt og greint er frá í viðbótargreinargerð (bls. 5-7). Því er það mat Umhverfisstofnunar að mengunarvarnar- og vöktunarákvæði starfsleyfa, auk lagfæringar á staðsetningum sjókvíaeldissvæða, hafi verið fullnægjandi til að lágmarka mengun frá starfseminni líkt og gert er ráð fyrir í lögum nr. 7/1998 og rg. 550/2018.

Erfðablöndun (áhættumat)

Í viðbótargreinargerð er tekið fram að heildarmagn framleiðslu verði í samræmi við skýrslu Hafrannsóknarstofnunar „*Áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi*“ (2017), þar sem lagt er til að hámarkseldi samkvæmt erfðablöndunarmati stofnunarinnar í Patreksfirði, Tálknafirði og í Patreksfjarðarflóa fari ekki yfir 20.000 tonn. Tekið skal fram að málefni erfðablöndunar og eldisbúnaðar heyrir undir lög nr. 71/2008 um fiskeldi og undir starfsvið Matvælastofnunar við leyfisgerð sbr. lög nr. 60/2006 um varnir á fisksjúkdómum og verði litið til ákvörðunar Matvælastofnunar sbr. 7. gr. laganna.

Umhverfisstofnun tekur fram að burðarþolsmat og áhættumat um erfðablöndun eru framkvæmd til þess að hægt sé að setja umfangsmörk í sjókvíaeldi þar sem óæskileg áhrif starfseminnar haldast innan marka sem teljast ásættanleg m.t.t. álags á umhverfið. Umhverfisstofnun gefur ekki út starfsleyfi fyrir eldisstarfsemi í sjókvíum nema starfsemin rúmist innan burðarþolsmats tiltekinna fjarða og er undir áhættumati erfðablöndunar. Núverandi áform framkvæmdaraðila er fyrir umfangi eldis sem rúmast innan framan-greindra álita Hafrannsóknarstofnunar. Ef ummerki koma fram í eftirliti sem benda til þess að áhrif starfseminar á umhverfið sé umfram það sem gert var ráð fyrir, t.a.m. uppsöfnun næringaefna á botni og áhrif á botndýralíf, skal umfang eldis og hvíldartími endurskoðaður í takti við getu fjarðanna til að taka við lífrænu álagi.

Fjarlægðarmörk

Umhverfisstofnun áréttar að í 4. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 1170/2015 segir að lágmarksfjarlægð á milli sjókvíaeldisstöðva skuli samkvæmt meginviðmiðum vera 5 km milli ótengdra aðila miðað við útmörk hvers eldissvæðis sem rekstraraðila hefur verið

úthlutað. Er þetta til að forðast sjúkdóms- og laxalúsarsmit á milli eldissvæða. Matvælastofnun getur heimilað undanþágu frá þeim fjarlægðarmörkum í samráði við Hafrannsóknarstofnun og sveitarstjórn.

Niðurlag

Líkt og kom fram í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar um frummatsskýrslu umræddra framkvæmda, dags. 10. nóvember 2015, þá telur stofnunin að helstu neikvæðu áhrif starfseminnar séu í formi uppsöfnunar úrgangs frá eldi (úrgangs frá fiski, fóðurleifar og dauðfiskur) á hafsbotni undir eldiskvíum. Starfsleyfi Umhverfisstofnunar tekur á þessum þáttum þar sem krafa er um vöktun samkvæmt staðlinum ISO 12878 og hægt að bregðast við ef umhverfisaðstæður benda til neikvæðrar þróunar eldissvæða.

Stofnunin telur umfjöllun valkostagreiningar, sem viðbót við frummatsskýrslu framkvæmda, vera fullnægjandi skv. kröfum í 9.gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og þeim annmörkum sem úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála greindi frá í úrskurði sínum í september 2018.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við viðbótargreinargerð frummatsskýrslu um valkostagreiningu.

Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara þessu erindi.



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Steinar Rafn B. Baldursson
Sérfræðingur



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Patreksfjörður, 21. febrúar 2019

Umsögn um viðbót við frummatsskýrslu og kostagreiningu Fjarðalax og Artic Sea Farm vegna 14.500 tonna framleiðsluaukningar á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði.

Á 863. fundi bæjarráðs Vesturbyggðar þann 12. febrúar 2019 var eftirfarandi fært til bókar:

Lagður fram tölvupóstur Skipulagsstofnunar dags. 1. febrúar 2019 þar sem óskað er umsagnar um viðbót við frummatsskýrslu og kostagreiningu Fjarðarlax og Artic Sea Farm vegna 14.500 tonna framleiðsluaukningar á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði. Um er að ræða viðbót við fyrri frummatsskýrslu frá árinu 2015 vegna fjögurra úrskurða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 27. september og 4. október 2018.

Vesturbyggð gerir ekki athugasemd við viðbót við frummatsskýrslu nema því er varðar fullyrðingar Skipulagsstofnunar að rannsókn hafi ekki verið gerð á samfélagslegum áhrifum fiskeldis á Vestfjörðum og því ekki mögulegt að fullyrða um áhrif fiskeldis á íbúaþróun. Rétt er að benda á að Byggðastofnun vann í ágúst 2017 skýrslu um byggðaleg áhrif fiskeldis, þar sem m.a. er fjallað um samfélagsleg áhrif fiskeldis á Vestfjörðum. Bæjarráð Vesturbyggðar ítrekar því mikilvægi þess að gætt sé að samfélagslegum áhrifum af slíkri uppbyggingu sem og mikilvægi þess að opinberar eftirlitsstofnanir sinni hlutverki sínu af alúð í þágu umhverfis og lífríkis sjávar með því að hafa fasta starfsstöð á sunnanverðum Vestfjörðum þar sem á landssvæðinu er umfangsmesta sjókvíaelði í landinu. Bæjarráð vísar viðbót við frummatsskýrslu og kostagreiningu til hafna- og atvinnumálaráðs og skipulags- og umhverfisráðs til kynningar og bærarstjóra falið að svara beiðni Skipulagsstofnunar innan umsagnarfrests.

Á 331. fundi bærarstjórnar Vesturbyggðar 20. febrúar 2019 var afgreiðsla bæjarráðs staðfest. Ofangreind afgreiðsla tilkynnist hér með.


Rebekka Hilmarisdóttir, bærarstjóri.


Viðauki 6 Athugasemdir annarra aðila við viðbót við frummatsskýrslu.



**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Reykjavík, 12. mars 2019

Efni: Ný frummatsskýrsla Fjarðarlax og Arctic Sea Farm um 14.500 tonna framleiðsluaukningu á laxi í Patreks- og Tálknafirði. Athugasemdir Landssambands veiðifélaga.

Almennt

Skipulagsstofnun hefur auglýst til kynningar nýja frummatsskýrslu þar sem framkvæmdir Fjarðarlax og Arctic Sea Farm eru sameinaðar í einni skýrslu. Er hin nýja frummatsskýrsla lögð fram í kjölfar þess að Úrskurðarnefnd um umhverfis- og auðlindamála felldi úrskurð um matsskýrslu framkvæmdaraðila með eftirfarandi niðurstöðu:

„Að teknu tilliti til nefnds ágalla og markmiða þeirra sem að er stefnt með mati á umhverfisáhrifum gat matsskýrsla framkvæmdaraðila og álit Skipulagsstofnunar á henni ekki verið lögmætur grundvöllur fyrir ákvörðun um veitingu leyfa til framkvæmda, s.s. þess starfsleyfis sem hér er deilt um., sbr. mál 5/2018 Fjarðarlax.

Af úrskurðarorðum og rökstuðningi nefndarinnar verður því ráðið að lögmætu ástandi verði aðeins náð með því að endurtaka matsferlið þannig að skapaður verði *lögmætur grundvöllur fyrir ákvörðun um veitingu leyfa* Fjarðarlax og Arctic Sea Farm. Til að svo megi vera ber, að mati Landssambandsins, að viðhafa málsmeðferð sem lýtur fyrir mæla 8.-11. greinar laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Vísast til bréfs Landssambandsins til Skipulagsstofnunar frá dags. 1. nóvember 2018 þar um. Landssambandið telur að sú málsmeðferð sem hér er áformuð þ.e. að umhverfismatið fari nú fram samkvæmt 9.-11. greinar laga um mat á umhverfisáhrifum sé andstæð fyrirmælum laganna og hefur vísað ágreiningi þar um til Úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamála.

Landssambandið leggur áherslu á, að þar sem um nýja frummatsskýrslu er að ræða, skal þar setja fram allar nýjustu upplýsingar og rannsóknarniðurstöður sem sem skylt er að fram komi í matsskýrslu og áhrif geta haft á matsefnið. Það er að mati Landssambandsins ekki gert með fullnægjandi hætti í fyrirliggjandi frummatsskýrslu.

Þá er rétt að leiðrétta missögn sem fram kemur á bls. 5 um leyfismál, en þar er rangt með farið að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hafi veitt „fyrirtækjunum undanþágu frá rekstrarleyfi“ Hið rétta er að viðkomandi ráðuneyti gaf út rekstrarleyfi til bráðabirgða, en lögmæti þeirra leyfa er nú til úrlausnar hjá dómstólum.

Eldisstofn og erfðablöndun

Í fyrirleggjandi frummatsskýrslu er engin umfjöllun um þann fiskistofn sem fyrirtækin nota í eldinu. Fram kemur í hinni eldri matsskýrslu sem úrskurðuð var ólögmæt, að fyrirtækin noti norskan frjóan lax sem fyrirtækið Stofnfiskur framleiðir. Við uppbyggingu laxeldis á Íslandi er jafnan horft til þess hvernig nágrannar okkar Norðmenn haga málum í þeim efnum.

Landssambandið hefur ítrekað krafist þess að gætt verði ýtrustu varúðar í mati á umhverfisáhrifum vegna eldis á frjóum norskum laxi í sjókvíum við Ísland. Á sl. ári voru birtar fréttir í [Salmonbusiness.com](http://salmonbusiness.com)¹ af því að norska umhverfisráðuneytið hefur hafnað erindi um að leyft verði að flytja hrogn úr skoskum lögum til Noregs í þeim tilgangi að kynbæta norska eldisstofninn. Rökstuðningur norska umhverfisráðherrans er sá að norskir laxastofnar standi veikt vegna erfðablöndunar við norskan eldislax og innflutningur á skosku erfðaefni laxa muni leiða til blöndunar við villta laxastofna og veikja þar með ennfremur villta norska laxastofna. Landssambandið gerir kröfu til að í nýrri frummatsskýrslu framkvæmdaraðila verði fjallað um áhættu þess að nota frjóan erlendan framandi laxastofn í eldið. Þar verði fjallað um stofngerð og innbyrðis skyldleika laxastofna við norðanvert Atlantshaf, ásamt áhættugreiningu á notkun frjórna norskra laxa í sjókvíaeldið.

Í þessu sambandi bendir Landssambandið sérstaklega á að íslenski laxastofninn er mun fjær norska laxastofninum að skyldleika en sá skoski.

Landssambandið vekur athygli á að undanfarin ár hefur líffræðingurinn Jóhannes Sturlaugsson stundað rannsóknir á sunnanverður Vestfjörðum, á vegum Laxfiska ehf. Hafa rannsóknir hans einkum beinst að erfðablöndun eldislaxa við staðbundna smáa villta laxastofna á svæðinu. Það er því fráleitt að tiltækar upplýsingar um þessi efni sé ekki að finna í fyrirleggjandi skýrslu. Umfjöllun í frummatsskýrslu um þetta mikilvæga efni er fátækleg í ljósi þess að laxastofnar njóta allir verndar að lögum jafnt þótt smáir séu.

Þá eru tiltækar upplýsingar á heimasíðu Matvælastofnunar um tvö óhöpp í fiskeldi á tólf mánaða tímabili þar sem gat hefur fundist á netpokum í sjókvíaeldi sem hafa getað leitt til flóttu strokufiska úr eldi. Þessi upplýsingagjöf MAST er þó nýtilkominn, en stofnunin hóf birtingu upplýsinga eftir harða gagnrýni á þann þagnarmúr sem hin opinbera stofnun sló um það sem aflaga fór í sjókvíaeldinu. Umfjöllun um þessa atburði átti sér stað eftir að matskýrsla fyrirtækjanna var úrskurðuð ólögmæt en hana er þó hvergi að finna í fyrirleggjandi frummatsskýrslu.

Einnig liggja nú fyrir staðfestar upplýsingar um að strokulaxar úr sjókvíaeldi á sunnanverðum Vestfjörðum hafa komið fram í ám allt frá Eyjafirði að Saurbæ í Dalasýslu.² Ekki er gerð gangskör að því í framlagðri frummatsskýrslu að fjalla um eða draga ályktanir af þessum atburðum. Vísar Landssambandið til þeirrar skyldu framkvæmdaraðila að setja fram tiltækar upplýsingar í frummatsskýrslu sem þýðingu geta haft við mat á umhverfisáhrifum og ákvörðun um útgáfu lögbundinna leyfa til starfseminnar.

¹ http://salmonbusiness.com/norway-keeps-ban-on-import-of-scottish-roe/?fbclid=IwAR3jz5I9ofZlFxx3iHFWF1VdYiBs7OclhK7PS8hRa7opyW_z8mcyjuMcJes

² <https://www.hafogvatn.is/is/midlun/frettir-og-tilkynningar/upprunagreining-strokulaxa>

Geldlax

Í frummatsskýrslu er umfjöllun um notkun geldstofna í eldið takmörkuð við þrílitna lax. Fram kemur á bls. 10 að Fiskeldi Austfjarða hafi nú 250.000 þrílitna laxa í eldi sem áformað er að setja í sjókvíar næsta vor. Því er ljóst að eldi á þrílitna laxi, sem ekki myndar hrogn, er valkostur sem hlýtur að koma til greina og er tiltækur til að varna neikvæðum umhverfisáhrifum vegna þeirra framkvæmda sem frummatsskýrslan tekur til. Einnig er ljóst að miklar framfarir eru í þróun geldstofna í laxeldi í heiminum. Má þar nefna aðferð sem nefndist *CRISPR* (Clustered Regularly Interspaced Short Palendromic Repeats) sem Norðmenn horfa til sem framtíðarlausn til að minnka umhverfisskaða sem erfðablöndun eldislaxa hefur leitt af sér þarlendis. Þá hefur Hafrannsóknastofnun hafið samvinnuverkefni með Maryland University (Yonathan Zohar og Ten-Tsao Wong) við þróun á markaðshæfum aðferðum sem ákveðið hefur verið að kalla kynhlutleysingu eða þöggun gena við framleiðslu á geldum laxi eða bleikju.³ Hin öra þróun vísindanna gerir það að verkum að fleiri aðferðir en þrýstímeðferð á hrognum verður tiltæk á allra næstu árum og því fráleitt að þeir valkostir séu slegnir út af borðinu án rökstuðnings í kostagreiningu í umhverfismati.

Sérfræðiálit Helga Thorarensen

Meðfylgjandi frummatsskýrslu er sérfræðiálit um valkosti í laxeldi í Patreks- og Tálknafirði. Álitið er unnið af Helga Thorarensen prófessor við Háskólann að Hólum. Þessi annars ágæti prófessor er þó ekki rétti aðilinn til að fjalla með hlutlausum og fræðilegum hætti um kostagreiningu þegar litið er til þess hvernig hann tjáði sig opinberlega í fjölmiðlum í framhaldi af úrskurði Úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál.⁴ Fyrir liggur að hann skrifaði grein í vefmiðilinn Kjarnann⁵ sem virðist vera undanfari þess að hann fékk það verkefni í hendur að skrifa „sérfræðiálit“ fyrir framkvæmdaaðila málsins. Þegar skoðuð eru viðbrögð prófessorsins við því að Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felldi úr gildi leyfi fyrirtækjanna til að framleiða 17.500 tonn af laxi, verður ekki annað séð en hann hafi áður en sérfræðiálitið var samið myndað sér sterka og einfalda skoðun á viðfangsefninu. Því verður að skoða eftirfarandi niðurstöður sérfræðiálits hans í því ljósi en þar segir:

„Allar forsendur um stofn- og framleiðslukostnað í kvíaeldi liggja þegar fyrir. Sömu forsendur skortir fyrir aðrar eldisaðferðir á laxi auk þess sem óljóst er hversu vel þær muni duga til laxeldis. Þess vegna er kvíaeldi eini raunhæfi valkosturinn við að ala 17.500 tonn á ári af laxi á sunnanverðum Vestfjörðum.“

Í sérfræðiálitinu eru aðrir valkostir slegnir markvisst út af borðinu. Er það í samræmi við yfirlýsingar höfundar þess í fjölmiðlum. Það sem vekur þó mesta athygli er að prófessorinn skuli lýsa því yfir að Úrskurðarnefnd- um umhverfis og auðlindamál hafi gengið of langt þegar leyfi voru felld úr gildi á grundvelli gildandi laga. Þetta sjónarmið hlýtur að verða til þess að hlutleysi hans sem fræðimanns og þar með hæfi til að fjalla um matsefnið verði dregið í efa.

³ <https://www.hafogvatn.is/is/moya/news/ragnar-johannsson-flytur-erindi-a-malstofu>

⁴ <http://www.ruv.is/frett/telur-ad-nefndin-hafi-gengid-of-langt>

⁵ <https://kjarninn.is/skodun/2018-10-05-eru-fleiri-kostir-raunhaefir-fyrir-laxeldi-vestfjordum/>

Eftirfarandi ummæli hans eru þar ennfremur til vitnis:

„að krafa um að tiltaka einn óraunhæfan valkost, til þess að fella hann aftur í umhverfismati, hafi ekkert með umhverfisvernd að gera.

Í þessu ljósi kemur því ekki að óvart sú niðurstaða prófessorsins að kvíaelði á frjóum norskum laxi sé eini raunhæfi kosturinn til að ala 17.500 tonn laxi á ári á sunnanverðum Vestfjörðum.

Niðurstaða

Landssamband veiðifélaga telur að málsmeðferð sem Skipulagsstofnun hefur samþykkt og auglýst með nýrri frummatsskýrslu án þess að undan fari matsáætlun, sem hljóti lögbundna meðferð, sé ekki í samræmi við fyrirmæli gildandi laga nr. 106/2000. Eigi að síður er rétt að setja fram athugasemdir við innihald nýrrar frummatsskýrslu sem hér liggur fyrir.


Þegar hin nýja frummatsskýrsla er skoðuð kemur berlega í ljós að hún er sett fram vegna þeirra annmarka sem voru á matsskýrslu og úrskurðarnefndin taldi ekki uppfylla lagaskilyrði um að vera lögmætur grundvöllur fyrir útgáfu leyfa til starfseminnar. Fjallað er um aðra valkosti til málamynda í skýrslunni ásamt sérfræðialiti til að þjóna því markmiði.

Landssambandið telur að kostagreining framkvæmdaraðila og sérfræðings á þeirra vegum sé því marki brennd að kappkostað er að rökstyðja áformað fyrirkomulag eldisins jafnframt því sem aðrir kostir eru annaðhvort ekki nefndir eða þeim hafnað. Landssambandið telur að sérfræðialit Helga Thorarensen sé því marki brennt að Skipulagsstofnun beri að hafa það að engu þegar mat er lagt á valkostagreiningu framkvæmdaraðila

Þá verður að gera þá kröfu nú þegar ný frummatsskýrsla er lög fram að fram hafi farið víðtæk könnun framkvæmdaraðila sem leiði til þess að nýjustu upplýsingar og niðurstöður komi fram í matsskýrslu. Með þeim hætti er tryggt að lögmætur grundvöllur liggja fyrir þegar ákvörðun er tekin varðandi leyfisveitingar til starfseminnar.

Virðingarfyllst,
fh.

Landssambands veiðifélaga



Jón Helgi Björnsson,
formaður

ÓTTAR YNGVASON

HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR
SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 892 1529 & 588 7690
Netfang: ottar@jec.is

Skipulagsstofnun,
Borgartúni 7a,
105 Reykjavík.

19. mars 2019.

Sent á netfang:
skipulag@skipulag.is

Efni: Athugasemdir við „viðbót“ við frummatsskýrslu og valkostagreiningu vegna 14.500 tonna framleiðsluaukningar Fjarðalax ehf. og Arctic Sea Farm hf. á laxi í opnum sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði.

Skipulagsstofnun auglýsti 1. febrúar 2019 til kynningar ofangreinda „viðbót“ við frummatsskýrslu og valkostagreiningu frá 6. maí 2016 vegna 14.500 tonna framleiðsluaukningar á eldislaxi í opnum sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði.

Fyrir hönd Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúrverndarfélagssins LAXINN LIFI, Akurholts ehf. og Geiteyrar ehf., veiðiréttarhafa Haffjarðarar í Hnappadal, Ara P. Wendel, eiganda Kirkjubóls í Arnarfirði og veiðiréttarhafa í Fífustaðadal, Víðis Hólm Guðbjartssonar, eiganda Grænuhlíðar í Arnarfirði og veiðiréttarhafa í Bakkadal, Atla Árdal Ólafssonar, eiganda hluta veiðiréttar í Hvannadalsá, Langadalsá og Þverá í innanverðu Ísafjarðardjúpi, Varplands ehf., eiganda hluta veiðiréttar í Langadalsá og Hvannadalsá í innanverðu Ísafjarðardjúpi og Veiðifélags Laxár á Ásum, er ofan nefndri „viðbót“ við nefnda frummatsskýrslu og valkostagreiningu alfarið mótmælt.

Gerð er krafa um að hafnað verði „viðbót“ valkostagreiningar við greinda frummatsskýrslu fyrir 14.500 tonna framleiðsluaukningu á laxi í opnum sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði. Jafnframt er þess krafist, að umhverfismatsferli hefjist frá grunni með matsskýrslu eins og lög standa til skv. 8. – 11. gr. laga nr. 106/2000 um umhverfismat.

Grundvöllur kröfunnar eru m.a. neðangreindar athugasemdir og andmæli við að nefnd „viðbót“ geri gömlu frummatsskýrsluna frá 6. maí 2016 að lögmætri og fullnægjandi frummatsskýrslu samkvæmt lögum nr. 106/2000 um umhverfismat.

MÁLAVEXTIR

Undirbúningur matsferlis fyrir umrætt sjókvíaeldi hófst árið 2012 eða fyrir 7 árum og var gerð sameiginleg matsáætlun 2014 fyrir fyrirtækin Fjarðalax ehf. (sem varð dótturfyrirtæki Arnarlax hf. 2016) og Dýrfisk hf. (nú Arctic Sea Farm hf.) fyrir 19.000 tonna framleiðslu af laxi og regnbogasilungi í Patreksfirði og Tálknafirði, að hálfu í hvorum firði. Á þeim tíma lá ekki fyrir burðarþolsmat fyrir greinda firði. Fyrirtækin lögðu fram frummatsskýrslu dags. 30. september 2015 fyrir 19.000 tonn af laxi og regnbogasilungi og

síðar nýja frummatsskýrslu dags. 6. maí 2016 fyrir 14.500 tonna framleiðsluaukningu á laxi í sömu fjörðum.

Með úrskurðum 27. september 2018 í málum nr. 3/2018 og 5/2018 felldi úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála skv. lögum nr. 130/2011 úr gildi rekstrarleyfi Matvælastofnunar varðandi laxeldi í opnum sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði, fyrir 10.700 tonn á vegum Fjarðalax ehf. og 6.800 tonn á vegum Arctic Sea Farm hf., samtals 17.500 tonn, helming í hvorum firði. Matvælastofnun hafði veitt nefndum fyrirtækjum rekstrarleyfi 22. desember 2017 og kærðu umbjóðendur mínir þau leyfi til úrskurðarnefndarinnar. Starfsleyfi veitt af Umhverfisstofnun 13. desember 2018 vegna sama eldis voru sömuleiðis felld út gildi með úrskurðum nefndarinnar kveðnum upp þann 4. október 2018 í málum nr. 4/2018 og 6/2018.

Í framhaldi af þessum úrskurðum lagði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hinn 9. október 2018 fram á Alþingi stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á lögum um fiskeldi nr. 71/2008, sem heimilar útgáfu ráðuneytisins á rekstrarleyfi til bráðabirgða til allt að 10 mánaða, sé rekstrarleyfi fellt úr gildi vegna annmarka á leyfisveitingu. Frumvarpið var samþykkt sem lög nr. 108/2018 sama dag að kvöldi hins 9. október án þess að Alþingi gæfi kost á umsögnum eða aðkomu hagsmunaaðila, almennings eða samtaka þeirra. Lögin kveða á um, að rekstrarleyfi til bráðabirgða samkvæmt þessari lagabreytingu sé fullnaðarúrlausn á stjórnslustigi.

Með umsókn dags. 10. október 2018 óskuðu fyrirtækin eftir að ráðherra gæfi út rekstrarleyfi til bráðabirgða á grundvelli lagabreytingarinnar fyrir sömu starfsemi og leyfi hafði verið fellt úr gildi vegna 27. september 2018 af úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála vegna verulegra annmarka á umhverfismati. Þar hafði ekki verið fjallað um helstu valkosti framkvæmdarinnar samkvæmt 9. gr. laga nr. 106/2000, sem væri ein helsta forsendan fyrir því að raunveruleg umhverfisáhrif hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar séu metin. Ráðherra gaf síðan út 5. nóvember 2018 bráðabirgðarekstrarleyfi til 10 mánaða fyrir 3.400 tonna laxeldisframleiðslu Fjarðalax ehf. og 600 tonna laxeldisframleiðslu Arctic Sea Farm hf. Rekstrarleyfishafarnir lögðu síðan fram í janúar 2019 „viðbót“ þá við frummatsskýrsluna frá 6. maí 2016, sem Skipulagsstofnun auglýsti til kynningar 1. febrúar 2019, sem hér er andmælt.

Dómsmál og kærur.

Kærendur þessa máls hafa höfðað dómsmál til ógildingar beggja bráðabirgðarekstrarleyfanna og hefur verið veitt flýtimeðferð málanna. Báðir rekstraraðilarnir hafa einnig höfðað dómsmál til ógildingar áður nefndra úrskurða nr. 3/2018 og 5/2018.

Þá hefur lagasetningin nr. 108/2018 verið kærð til Eftirlitsstofnunar EFTA, þar sem hún brýtur gegn ákvæðum tilskipunar 2011/92/ESB og EES samningsins. Ennfremur hefur kvörtun verið send til eftirlitsnefndar Árósasamningsins, þar sem lagasetningin 9. október 2018 brýtur gegn ákvæðum þess samnings.

Þá kærði Landssamband veiðifélaga 28. febrúar 2019 til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þá málsmeðferð Skipulagsstofnunar að taka til meðferðar nýja frummatsskýrslu rekstraraðilanna án þess að um hana hafi verið sérstaklega fjallað í matsáætlun, enda fæli slíkt í sér ætlað brot á rétti almennings.

RÖKSEMDIR

1. Skylda til umhverfismats og meðferðar skv. 8. gr. sbr. 9. – 11. gr. laga nr. 106/2000

Umbjóðendur mínir benda á, að umhverfismat er lagskylda samkvæmt lögum nr. 106/2000 við vissar framkvæmdir og að í tilviki laxeldis Fjarðalax ehf. og Arctic Sea Farm hf. er umhverfismat skylda. Sú skylda verður ekki tekin úr sambandi með því að setja lög um útgáfu leyfis sem gilda skuli til bráðabirgða, í stað leyfis sem gefið var út skv. 13. gr. laganna en var ógilt vegna verulegs annmarka á því. Hvergi er lagaheimild til að vikja frá ákvæðum 8. gr. laga nr. 106/2000 um málsmeðferðina, sem byrja skal með tillögu að matsáætlun sem kynna skal umsagnaraðilum og almenningi.

Því til stuðnings, að ekki er unnt að komast undan málsmeðferð 8. gr. laga nr. 106/2000 og þar með fullu umhverfismati þeirra framkvæmda þar sem skylt er að láta það fara fram, og heldur ekki við útgáfu tímabundins leyfis þegar leyfi hefur verið ógilt vegna annmarka, vísa umbjóðendur mínir einnig til þess að skýra verður lög nr. 106/2000 til samræmis við EES samninginn, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993. Í tveimur dómum Evrópudómstólsins hefur það verið staðfest, að þrátt fyrir að tilskipun 2011/92/ESB (áður 85/337/EB) veiti aðildarríkjum visst svigrúm hvað varðar málsmeðferð umhverfismats, verður umhverfismat að uppfylla ákvæði tilskipunarinnar, sjá dóma í máli nr. C-435/97, WWF og fl., málsgrein 50-54 og í máli framkvæmdastjórnarinnar gegn Belgíu nr. C-435/09, málsgrein 62. Því skuli leyfi ekki veitt nema fram fari umhverfismat í lögfræðilegum skilningi þess orðs.

Myndi einhvers konar afsláttur verða veittur af umhverfismati fyrir tímabundið rekstrarleyfi eða einhvers konar hlutamálsmeðferð umhverfismats með viðbótarbút við eldra mat, er ljóst að grafið væri undan sjálfu markmiði löggjafar um umhverfismat. Slíkar hugmyndir að stytta sér leið eru einnig óheimilar samkvæmt ákvæðum Árósasamningsins.

Einhvers konar heimatilbúin „valkostaumfjöllun“ kemur ekki í stað umhverfismats og mótmæla umbjóðendur mínir öllum hugmyndum um slíkt, enda að mati þeirra fjölmörg önnur atriði, sem fjalla verður um í nýju umhverfismati.

2. Úrelt umhverfismat.

Umbjóðendur mínir benda einnig á, að umhverfismatið í þessu máli var í meginatriðum gert á árunum 2013 til 2015 og getur því ekki talist vera í fullu gildi í skilningi tilskipunar 2014/52/ESB og sem slíkt ekki verið grundvöllur nýrrar ákvörðunar skv. 13. gr. laga nr. 106/2000. Staðan er nú gjörbreytt frá því að matsskýrslan var unnin og sem álit Skipulagsstofnunar byggði á. Margvíslegar skýrslur um áhættumat og erfðablöndunarhættu hafa komið fram síðan, svo sem álit Erfðanefndar landbúnaðarins frá 6. júní 2017, áhættumat Hafrannsóknastofnunar frá 14. júlí 2017 vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldisstofna og náttúrulegra laxastofna á Íslandi og skýrsla Hafrannsóknastofnunar frá 25. ágúst 2017 um erfðablöndun eldislaxa af norskum uppruna við íslenska laxastofna. Benda umbjóðendur mínir í því sambandi á umsögn Hafrannsóknastofnunar 27. nóvember 2017 hvað varðar, að álit Skipulagsstofnunar sé úrelt og dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 575/2016, þar sem ekki var fallist á sambærilega skemmri skírn, sem framkvæmdaraðili reyndi að sleppa með.

3. Gjörbreytt framkvæmd frá þeirri, sem fjallað var um í frummatsskýrslunni frá 6. maí 2016.

Bent er á, að fyrirhuguð framkvæmd er í mörgum atriðum gjörbreytt frá þeirri sem ráðgerð var í frummatsskýrslunni frá 6. maí 2016, sem framkvæmdaraðilar virðast fyrirhuga að nota með auglýstum viðbótarbút um valkostaumfjöllun. Einnig af þeirri ástæðu krefjast umbjóðendur mínir nýs heildarumhverfismats samkvæmt 8. – 11. gr. laga nr. 106/2000.

Fyrst skal telja, að nýtt eldissvæði í Tálknafirði er nú tilkynnt ásamt því að tvö eldissvæði í þeim firði eru felld niður. Þá eru tvö eldissvæði færð í Patreksfirði og ráðgert nýtt eldissvæði innst í firðinum, sjá 3. tl. „viðbótarinnar“.

4. 17.500 tonna rekstrarleyfi ógilt.

Rekstraraðilarnir fjalla nú um frummatsskýrslu fyrir 14.500 tonna framleiðsluaukningu, en áður voru hin ógiltu rekstrarleyfi gefin út fyrir samtals 17.500 tonna heildarframleiðslu. Hin útgefnu og ógiltu rekstrarleyfi námu 10.700 tonna framleiðslu hjá Fjarðalaxi ehf. og 6.800 tonna framleiðslu hjá Arctic Sea Farm hf. eða samtals 17.500 tonnum. Rekstraraðilarnir virðast álíta skv. tl. 2.4. í „viðbótinni“ að heildarlífmassi hafi mátt vera 12.200 tonn hjá Fjarðalaxi ehf. og 7.800 tonn hjá Arctic Sea Farm hf., hvort tveggja miðað við meðalframleiðslu á þriggja ára tímabili eða samtals 20.000 tonn hvert ár. Slíkum skilningi er alfarið mótmælt. Þá er því einnig mótmælt, að Fjarðalax ehf. hafi enn gildandi rekstrarleyfi fyrir 3.000 tonna laxeldi í Patreksfirði og Tálknafirði, að hálfu í hvorum firði. Það leyfi varð hluti af hinu ógilta rekstrarleyfi Fjarðalax ehf., sem útgefið var 27. desember 2017 fyrir 10.700 tonn, og er því niður fallið með ógildingu 10.700 tonna rekstrarleyfisins.

5. Frekari breytingar á framkvæmd. Rannsóknunum áfátt.

Í 3. tl. „viðbótarinnar“ segir: “Áhersla er á að kanna aðrar staðsetningar í Patreksfirði með tilliti til umhverfis- og smitálags og aukinnar velferðar eldisfisks. Fyrirtækin hafa hafið undirbúning að gagnaöflun vegna þeirrar breytingar. En áður en niðurstaða um væntanlegar staðsetningar liggur fyrir þarf að gera frekari rannsóknir og mælingar til að staðfesta eiginleika mögulegra staðsetninga og jafnframt greina möguleg umhverfisáhrif s.s. áhrif á ásýnd og aðra nýtingu í firðinum í samvinnu við hagsmunaaðila og viðeigandi stofnanir og sveitarfélög. En að svo stöddu liggur ekki fyrir niðurstaða um heppilegar staðsetningar.”

Samkvæmt þessum upplýsingum framkvæmdaraðila liggur staðsetning fyrirhugaðrar framkvæmdar ekki fyrir og ýmsar rannsóknir og mælingar ógerðar. Málið er því ekki tilbúið í matsferli, hvað þá á grundvelli gamallar og úreltrar frummatsskýrslu. Af þessum ástæðum er þess krafist að Skipulagsstofnun vísí frá framlagðri “viðbót” við frummatsskýrslu.

6. Óboðleg gögn á norsku lögð fram með “viðbótinni”.

Framkvæmdaraðilar hafa lagt fram sem fylgiskjöl nr. 3 og nr. 4 með “viðbótinni” tvær rannsóknarskýrslur á norsku, samtals 70 blaðsíður, fyrir nýju eldissvæðin við Hvannadal og Laugardal í Tálknafirði. Enda þótt einhverjir hér á landi kunni hrafl í norsku er framlagningu þessara gagna á norsku harðlega mótmælt sem óboðlegri og að þessi norsku gögn verði metin ónothæf sem framlag með “viðbótinni.” “Viðbótin” ásamt fylgiskjöllum eru

innlegg í þátttöku almennings í umhverfismatsferlinu og því furðulegt að framkvæmdaraðilar láti sér detta í hug að leggja fram 70 blaðsíðna fylgiskjöl á erlendu tungumáli.

7. Umfjöllun um ýmis efnisatriði “viðbótarinnar”.

Með vísan til margvíslegra annmarka, sem nefndir hafa verið hér að framan, er ekki tímabært að fjalla ítarlega um fjölmörg ummæli, staðhæfingar og upplýsingar í “viðbótinni” sem ekki standast skoðun eða eru rangtúlkuð, enda oftlega notað t.d. orðalagið “bendir til”, “geti talist”, “áætlað er”, “líklegt er”, “má gera ráð fyrir”. Nokkurra dæma skal þó hér getið:

Ekkert er fjallað um skýrslur Hafrannsóknastofnunar og ráðleggingar Erfðanefndar landbúnaðarins sbr. 2. tl. að ofan.

Lágmarksfjarlægðarmörk 5 km á milli eldissvæða ekki virt, enda þótt á bls. 27 sé staðhæft að tekið sé tillit til kröfu yfirvalda um lágmarksfjarlægð á milli eldissvæða óskyldra aðila.

Umfang eldis er sagt á almennum grundvelli arðbærni og ranglega staðhæft, að því sé óraunhæft að gera ráð fyrir minna umfangi.

Umfjöllun um ófrjóan lax er óljós og rangtúlkað að hann sé síður heppilegur til eldis, enda þótt Stofnfiskur hafi hafið framleiðslu í stórum stíl á ófrjóum hrognum.

Staðhæft er að eldiskostnaður sé um 23% hærri í lokuðum eldiskvíaum en í úreltum opnum kvíum. Órökstutt staðhæfing.

Ranglega er staðhæft, að forsendur til að stunda landeldi á Vestfjörðum sé ekki fyrir hendi og kostnaður eldisins sé mun hærri en í hefðbundnu kvíaeldi. Í Noregi er landeldi nú talið með aðeins 5-10% hærri framleiðslukostnað en sjókvíaeldi og sá munur sé nánast að hverfa.

Ranglega er staðhæft, að landeldi sé ekki í samræmi við umhverfisvæna eldisafurðaframleiðslu.

Staðhæft er að veirusjúkdómar séu óþekktir í íslensku sjókvíaeldi. Ekki getið um PRV veirusýkingar í hrognum, sem seld voru frá Íslandi til Kanada og eytt samkvæmt skipan dýralæknis í Kanada (2 x 800.000 hrogn/seiði).

Ekkert er minnst á að þegar útsett seiði í kvíar Fjarðalax ehf. í Patreksfirði séu að hluta sýkt af nýrnaveiki.

Talað er um að eldissvæðin í Patreksfirði og Tálknafirði séu í meira en 100 km fjarlægð frá laxveiðiám og framkvæmdin því talin valda óverulegum áhrifum á villta laxfiska. Ekkert er minnst á upplýsingar vísindamanna Hafrannsóknastofnunar um farleiðir stroklaxa allt að 1.000 km og því séu allar veiðiár landsins undir vegna stroklaxa af norskum stofni úr eldinu.

Ekkert er fjallað um neikvæð áhrif annars staðar á landinu af völdum stroklaxa, hvorki vegna náttúruskaða né annarra samfélagslegra áhrifa, svo sem atvinnu- og tekjumissi í sveitum landsins.

Lítið er gert úr lúsafári, sem komið hefur upp í Arnarfirði og Tálknafirði þar sem sterku lúsaeitri hefur verið hellt í opinn sjó til að hemja fárið.

Sömuleiðis er lítið gert úr erfðablöndun, sem er ein aðaláhætta opins sjókvíaeldis. Reyndar nefnt, að Skipulagsstofnun meti það svo, að ekki sé hægt að gera ráð fyrir að eldisfiskur sleppi ekki úr kvíum og að margföldun á umfangi fyrirhugaðs eldis í Patreksfirði og Tálknafirði skapi hættu á að óhöpp verði tíðari og umfang slysasleppinga verði meira en reynslan sýnir.

Staðhæfing að búast megi við yfir 400 starfsmönnum við eldið er út í hött.

Ekkert eldi af þessari stærðargráðu hefði efni á 400 starfsmönnum.

Hámarksfjöldi samkvæmt norskri reynslu er í mesta lagi einn fjórði af þessari tölu.

Ítrekuð er krafa um að að umhverfismat verði framkvæmt á grundvelli
8. greinar laga nr. 106/2000 sbr. 9 – 11. gr. sömu laga.

Virðingarfyllst,
f.h. aðila að þessum athugasemdum


Óttar Yngvaðson

Viðauki 7 Umsögn strandveiðifélagsins Króks.

Arctic Sea Farm og Fjarðalax
B.t. Sigurðar Péturssonar
N-Botni
Tálknafirði

Sendandi: Strandveiðifélagið Krókur – félag smábátæigenda í Barðastrandarsýslu

Varðar umsögn um: viðbótar frummatsskýrslu Arctic Sea Farm (Arctic Fish) og Fjarðalax (Arnarlax) vegna fiskeldis í Patreks- og Tálknafirði

Stjórn strandveiðifélagsins Króks kom saman þann 24.2.2019 til að ræða þær breytingar sem kynntar eru í viðbótar frummatsskýrslu Arctic Sea Farm og Fjarðalax vegna fiskeldis í Patreks- og Tálknafirði.

Áður höfum við verið í sambandi við stjórnendur félaganna vegna fyrirhugaðra breytinga á legu eldissvæða og sendum frá okkur umsögn um þær breytingar, þann 5.4.2018. Við höfum einnig átt opin samskipti vegna þeirra breytinga sem kynntar eru í þessari viðbótar frummatsskýrslu sem nú liggur fyrir.

Líkt og fram kom í fyrri umsögn okkar þá er það mat okkar að við vissar aðstæður geta eldissvæðin “smalað” fiski að sér og höfum við notið góðs af því. Þá hafa eldisfyrirtækin sýnt skilning þegar verið er að leggja línu t.d. mjög nærri eldissvæðum eða veiða með handfærum í skjóli við kvíarnar.


Miklar betrubætur hafa verið gerðar á augljósum merkingum svæðanna (bæði með ljósum og að kvíarnar komi fram á AIS), og er það okkur mikilvægt öryggismál að svo sé, frá útsetningu svæðanna eins og verið hefur.

Ef merkingar eru góðar líkt og nú er á eldissvæðum þá eru þau ekki farartálmi fyrir smábáta okkar og hin hefðbundna siglingaleið fyrir stærri skip í Tálknafirði er nærri miðju fjarðar. Við teljum því almennt að þær breytingar sem kynntar eru í viðbótar frummatsskýrslu séu jákvæðar og gætu haft í för með sér möguleika á nýjum veiðisvæðum líkt og reynslan hefur sýnt okkur.

Áframhaldandi gott samstarf er okkur mikilvægt og væntum við þess að vera áfram í góðum samskiptum varðandi möguleika á nýtingu á veiðum í skjóli eldissvæða þegar þannig skilyrði eru fyrir hendi.

Patreksfjörður 24.2.2019

f.h. Strandveiðifélagsins Króks



Einar Helgason, formaður

